










FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
10. ágúst 2005 - 213. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Manchester United vann

Manchester United unnu góðan 3–0 sigur á ungverska liðinu Debrecen í 3. umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu í gær. Áhorfendastúkur Old Trafford voru hins vegar ekki fullskipaðar eins og venjulega en fjöldamargir mótmæltu nýjum eigendum félagsins fyrir utan völlinn.



ÍÞRÓTTIR 22

### Heilagt hjónaband?

Við þekkjum vel úr Íslandssögunni að öreigum var meinað að eigast og ganga í hjónaband, segir Ólafur Hannibalsson og sér líkindi við að samkynhneigðum er meinað að ganga í hjónaband.



Í DAG 16

### Syngur til heiðurs Prince

Söngvarinn Seth Sharp syngur 25 lög eftir átrúnaðargoðið sitt Prince á Gauknum í kvöld. Hann hitti goðið fyrir nokkrum árum og var alveg gáttaður hve lítill hann er.



TÓNLIST 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**FREMUR SKÝJAÐ** Lítils háttar súld eða skúrir hér og hvar, helst þó á Vestfjörðum. Hiti víðast 11-18 stig hlýjast norð-austan til.

VEÐUR 4

### > Markaðurinn

*Sögurnar... tölurnar...fólkið...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL.

**HITTAST Í DYRUNUM MILLI FUNDA** Forystumenn flokkanna sem standa að R-listanum funduðu með samninganefndum sínum í gærkvöldi milli funda samninganefndanna sjálfra. Hér ganga Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Stefán Jón Hafstein af fundi á sama tíma og Þorlákur Björnsson og félagar í samninganefnd Framsóknarmanna komu á annan fund.

# Vinstri-grænir skila inn R-listaumboði

**Samkomulag R-lista flokkana um áframhaldandi samstarf fyrir borgarstjórnarkosningarnar hangir á bláþræði. Fulltrúar Vinstri-grænna í nefndinni skila inn umboði um frekari viðræður til flokksstjórnarinnar í Reykjavík.**

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Vinstri-grænna í viðræðum um framhald R-listans ákváðu í gær að skila umboði sínu til stjórnar flokksins í Reykjavík þar sem ekki náðist samkomulag um sameiginlegt framboð flokkanna fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

Nefnd R-lista flokkana um frekara samstarf fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor sat langan fund með hléum í gærkvöldi án þess að ná samkomulagi.

Umboð fulltrúa Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna til samninga í nefndinni er mismunandi, en endanlegt ákvörðunarvald um viðræðuslit liggur hjá kjördæmisráðum og flokksfélögunum í Reykjavík.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun lá fyrir að fulltrúar Vinstri - grænna ætluðu að skila umboði sínu til frekari samningaviðræðna til flokksstjórnarinnar í Reykjavík. Ákveðið er að fulltrúarnir þrír hitti stjórn Vinstri-grænna í Reykjavík á hádegi í dag.

Fulltrúar Vinstri-grænna gátu ekki samþykkt nýja tillögu Samfylkingarinnar um að Vinstri-grænir og Framsóknarflokkur fengju tvo fulltrúa hvor um sig í sjö efstu sætin en Samfylkingin þrjá. Tillagan kvað einnig á um að gengið yrði til sameiginlegs prófkjörs um áttunda mann sem jafnframt yrði borgarstjóraefni R-listans.

Vinstri-grænir telja tillöguna vera brot á jafnræðisreglu meðal flokkana sem að R-listanum standa auk þess sem þeir segja tillögu um sameiginlegt val á borgarstjóraefni afar óaðgengilega fyrir sig.

Fulltrúar Vinstri-grænna höfðu áður fallist á tillögu um að Samfylkingin fengi þrjá fulltrúa af átta efstu sætunum á R-listanum, en Framsóknarflokkur og Vinstri grænir tvo hvor um sig. Jafnframt gátu þeir fellt sig við að Samfylkingin fengi borgarstjóraefnið í krafti stærðar flokksins.

Framsóknarflokkur gat samþykkt báðar tillögurnar fyrir sitt leyti og telja talsmenn flokksins að ágreiningurinn standi fyrst og fremst milli Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.

Allt bendir til þess nú að framtíð R-listans ráðist innan Reykjavíkurfélaga flokkanna þriggja. Samþykki þau viðræðuslit þarf borgarstjórnarflokkur R-listans að búa við þær aðstæður fram að borgarstjórnarkosningum næsta vor. **- jh**

Fólksbíll og vöruflutningabíll lentu hvor framan á öðrum:

## Tvennt lést og kona slasaðist alvarlega

**BANASLYS** Karl og kona um fimmtugt létust og einn slasaðist alvarlega í hörðum árekstri fólksbíls og vöruflutningabíls við Hallormsstaðaskóg á fimmta tímanum í gær. Þrír voru í fólksbílnum og létust báðir farþegarnir í slysinu. Ökumaður hans, sem er kona, er lífshættulega slösuð og var flutt með þyrlu til Reykjavíkur nokkrum klukkustundum eftir slysið. Hún var á gjörgæslu þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Ökumaður vöruflutningabílsins slasaðist ekki alvarlega, en bíllinn fór út af veginum og valt.

Þjóðvegurinn við Hallormsstaðaskóg var lokaður fram undir miðnætti meðan tildrög slyssins voru rannsökuð og vegurinn hreinsaður. **- grs**



KEA-málið:

## Andri fær 20 milljónir

**STARFSLOK** Andri Teitsson, fyrrum framkvæmdastjóri KEA, fær hátt í tuttugu milljónir króna greiddar vegna starfsloka sinna hjá félaginu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.



**ANDRI TEITSSON** Stjórn KEA var ósátt við störf hans.

Innan stjórnar félagsins hefur ríkt óánægja með persónulegar fjárfestingar Andra og veitti stjórnin honum áminningu í fyrra vegna fyrirhugaðra kaupa hans á þriðjungs hluta í stærsta mjólkurframleiðslubúi landsins. Auk þess hafa stjórnarmenn gert athugasemdir við að langan tíma hafi tekið að hrinda ákvörðunum aðalfundar og stjórnar félagsins í framkvæmd.

Sjá síðu 4

Átök í easyJet:

## FL Group kaupir meira

**VIÐSKIPTI** FL Group hefur styrkt stöðu sína með frekari hlutabréfakaupum í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet. Ósætti er innan stjórnar easyJet og létu tveir stjórnarmenn af störfum nýverið.

Á sama tíma er rekstur easyJet í fullum blóma en velta félagsins var fimmtungi meiri á síðasta ársfjórðungi en á sama tímabili í fyrra.

FL Group hóf að fjárfesta í easyJet á síðasta hausti og hefur verðmæti breska félagsins meira en tvöfaldast á þeim tíma. Hlutur félagsins í breska félaginu er um 13 prósent. EasyJet er næststærsta lággjaldaflugfélag Evrópu. **- eþa / Sjá Markaðinn**









## SPURNING DAGSINS

*Sigurður, eru Íslendingar best-ir í heimi?*

„Það er ekki nokkur einasta spurning.“

Sigurður Sæmundsson er einvaldur íslenska hestalandsliðsins sem vann til sjö gullverðlauna á HM í Svíþjóð.

Tæplega tvítugur drengur slasaðist alvarlega í útskriftarferð á Spáni:

# Kastaðist úr tívolítæki

**SLYS** Tæplega tvítugur íslenskur piltur slasaðist illa eftir að hann kastaðist úr leiktæki í tívolí í spænska bænum Torremolinos í fyrrakvöld. Pilturinn er nemandi í Menntaskólanum við Sund og er í útskriftarferð ásamt um 150 samnemendum sínum. Unnusta hans og vinir voru með honum í tívolíinu og horfðu á eftir honum út úr tækinu.

Leiktækið sem um ræðir mun vera þeytari, sem snýst á mikill ferð. Öryggisstöng sem átti að halda honum föstum brást með þeim afleiðingum að hann kastaðist úr tækinu og lenti illa. Hann meiddist töluvert á baki og höfði og var fluttur af vettvangi með sjúkrabíl. Hann reyndist þó óbrotinn en ekki hafði verið útilokað seint í gærkvöld hvort um innvortis meiðsl væri að ræða.

Pilturinn fór að eigin ósk af sjúkrahúsinu í gær en hélt kyrru fyrir á hóteli Íslendinganna í staðinn.

Móðir piltsins fór utan nú í morgun vegna slyssins. **- grs**




**MENNTASKÓLINN VIÐ SUND** Útskriftarnemandi við skólann slasaðist alvarlega á Spáni í fyrrakvöld.

Donald Rumsfeld:

## Meira ofbeldi er líklegt

**BANDARÍKIN, AP** „Ég tel eðlilegt að gera ráð fyrir því að ofbeldi aukist á ný um tíma, líkt og gerði fyrir síðustu kosningar,“ sagði Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, þegar hann varaði við auknu ofbeldi í Írak í aðdraganda kosninga um drög að írösku stjórnarskránni 15. október.

Rumsfeld tók fram að hann teldi slíka ofbeldisöldu ekki vera til marks um að uppreisnarmönnum yxi ásmegin heldur væri hún tilraun til þess að draga úr mætti stjórnvalda. Hann vildi ekkert tjá sig um hvenær hermenn yrðu kallaðir heim frá Írak. ■



**GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON** Einstaklingar hafa stofnað einkahlutafélög og því minnkar útsvar.

Sveitarfélög:

## Merkja ekki tekjuaukningu

**SVEITARSTJÓRNAMÁL** „Það liggur ekki fyrir hvort útsvarstekjur hækki eitthvað en við erum núna að ljúka við uppgjör á árinu 2004,“ segir Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skatttekjur ríkissjóðs hafa aukist umfram fjárlög vegna hærri tekna launþega á síðasta ári og segir Gunnlaugur að sveitarfélögin finni ekki beint fyrir tekjuaukningu en það eigi þó eftir að skýrast betur á síðari stigum.

„Við höfum hins vegar heyrt að í smærri sveitarfélögum á landsbyggðinni, hafa heyrst raddir um að auknar fjármagnstekjur hafa leitt af sér lægri útsvarstekjur sveitarfélaganna,“ segir Gunnlaugur. **- hb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VÉLAGEYMSLA BRANN**
Vélageymsla brann á Hólum í Dýrafirði seinnipartinn í gær. Slökkviliðið á Þingeyri var kallað til og gengu slökkvistörf vel. Þrjár dráttarvélar og einhver heyvinnutæki skemmdust.

**TÍU TEKNIR FYRIR OF HRAÐAN AKSTUR**
Lögreglan á Selfossi hefur sinnt umferðareftirliti af kappi undanfarið og tók tíu bíla fyrir of hraðan akstur í gær. Mesti hraðinn var 123 kílómetrar á klukkustund.

# Hjálmar vill hækka fjármagnstekjuskatt

**Þingflokksformaður Framsóknarflokks segir vel koma til greina að hækka fjármagnstekjuskatt. Vinna við skattkerfisbreytingar er hafin innan þingflokkanna sem koma fljótlega saman til að ræða fjárlagagerð.**

**SKATTAR** „Mér finnst vel koma til greina að hækka skatta á fjármagnstekjur um nokkur prósentustig en það þarf að fara gætilega með hversu mikið skatturinn verður hækkaður því hækkanir mega ekki ýta undir að fjármagn fari úr landi, „ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Fyrirhugaðar breytingar á skattkerfinu hafa nú verið ræddar meðal stjórnarflokkanna og má búast við því að tillögur þess efnis verði ræddar í þingflokkunum þegar þeir koma saman á næstu vikum til að ræða fjárlagagerð. Nokkuð skiptar skoðanir eru innan þingflokka stjórnarflokkanna um hvaða áherslur eigi að draga hvað skattalækkanir varðar en viðmælendur Fréttablaðsins innan þingflokkanna telja að mest sátt náist um lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Hjálmar segir að búast megi við töluverðum tíðindum hvað skattamál varðar á næstunni:

„Ég tel að það sé í raun allt saman undir, hvort sem er lækkun á tekjuskatti eða lækkun á þeim hluta virðisaukaskatts sem leggst á matvæli. Það þarf að meta þessa hluti í tengslum við aðra þætti og ekki síst velferðarkerfið. Við heyrum stöðugar kröfur um aukin útgjöld til hins og þessa, til dæmis skólamála, heilsugæslunnar og svo framvegis. Það þarf að finna jafnvægi á milli þessara hluta,“ segir Hjálmar.



**HJÁLMAR ÁRNASON** Þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Hann segist vera sammála Einari K. Guðfinnssyni, þingflokksformanni sjálfstæðismanna, um afnám vaxtabótakerfisins. „Ég tek undir hans orð að það megi taka kerfið til endurskoðunar. Stíga þarf varlega til jarðar. Margir hafa fjárfest í íbúðum og í sínum áætlunum hefur fólk gert ráð fyrir vaxtabótum og við megum aldrei koma í bakið á því fólki,“ segir Hjálmar. **- hb**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ KYNNT** Geir H. Haarde fjármálaráðherra kynnir fjárlagafrumvarp yfirstandandi fjárlagaárs. Búist er við því að lengra verði gengið í átt til skattalækkana á næsta fjárlagaári en gert hefur verið á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HVERGI BANGINN** Ali Shamkani, varnarmálaráðherra Írans, sagðist frekar vilja sæta viðskiptaþvingunum en láta af úranvinnslunni.

Kjarnorkudeila:

## Halda úranvinnslu áfram

**VÍN, AP** Stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar IAEA hittist í höfuðstöðvum sínum í Vín í gær og ræddi til hvaða ráða skyldi gripið vegna vinnslu Írana á kjarnorkueldsneyti.

Íranar hófu á mánudag að vinna gas úr hráúrani en það er fyrsta skrefið í auðgun þess. Írönsk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau hyggist ekki leiða gasið um skilvindur sem er næsta skrefið í auðgunarferlinu. Í gær staðhæfði hins vegar íranskur útlagi Alireza Jafarzadeh í samtali við AP-fréttastofuna að 4.000 skilvindur hefðu þegar verið framleiddar. Slíkur tækjakostur gerir Írönun kleift að framleiða úran í kjarnorkusprengjur. ■

Ólafsfjarðarbær:

## Hitaveitan til sölu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarráð Ólafsfjarðarbæjar hefur mælt með því við bæjarstjórn að teknar verði upp viðræður við Norðurorku, orkufyrirtæki Akureyrarbæjar, um sölu á hitaveitu staðarins.

Að sögn Stefaníu Traustadóttir bæjarstjóra hefur endanleg ákvörðun ekki verið tekin en viðræður hafi verið í gangi. Hún segir verð hafa verið rætt og skipti hvort tveggja máli: að verð sé talið ásættanlegt og að kaupandinn sé úr byggðarlaginu. **- grs**

2 fyrir 1
til Barcelona
12. eða 19. ágúst frá kr. 19.990
Síðustu sætin

19.990

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 12. eða 19. ágúst og heim 24. ágúst. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða nú einstakt tækifæri til þessar mest spennandi borgar Spánar á ótrúlegum kjörum. Nú er fegursti tími ársins og frábært tækifæri til að skreppa til Barcelona og njóta þess besta sem Spánn hefur að bjóða.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Mahmoud Abbas boðaði loks til kosninga:

# Þingkosningar haldnar í janúar

**GAZA, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínsku heimastjórnarinnar, lofaði í gær að þingkosningar færu fram í janúar. Hann hvatti Palestínumenn til að halda ró sinni þegar brottflutningur ísraelskra landnema frá Gaza-ströndinni hefst í næstu viku.

Róstusamt hefur verið á Gaza að undanförnu vegna brottflutningsins, bæði í röðum Ísraela og Palestínumanna, og er búist við að ólgan stigmagnist á næstu dögum. Í ræðu á þinginu í gær hvatti Abbas landa sína til þess að sýna stillingu þegar flutningarnir hæfust og beindi orðum sínum sérstaklega til herskárra uppreisnarmanna sem hafa skotið eldflaugum að landnemabyggðunum, þrátt fyrir vopnahléssamninginn.

Í ræðu sinni lofaði Abbas að boða til þingkosninga í janúar næstkomandi, án þess að tiltaka sérstaka dagsetningu í þeim efnum. Kosningarnar áttu raunar að vera haldnar 17. júlí síðastliðinn en Abbas ákvað að fresta þeim að eigin sögn vegna brottflutningsins frá Gaza. Andstæðingar hans telja aftur á móti að frestunin hafi helgast af slæmri stöðu Fatah-hreyfingar forsetans vegna spillingarmála. Hamas-hreyfingin hefur þegar sagst ætla að taka þátt í janúarkosningunum. ■

MYND/AP



**BROTTFLUTNINGNUM FAGNAÐ** Þessi palestínska kona tók forskot á sæluna í gær og fagnaði yfirvofandi brottflutningi Ísraela frá Gaza ásamt fleira fólki.

# Lífeyrislán



**Nýjung!**

# Núna er tíminn til að hafa það gott

Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður lækna kynna Lífeyrislán, nýja tegund sjóðfélagalána. Lífeyrislán eru greidd út mánaðarlega í 10 ár en að þeim tíma liðnum gefst sjóðfélögum kostur á framlengingu, að breyta láninu í langtímalán eða greiða það upp. Lífeyrislán henta sérstaklega vel fyrir lífeyrisþega sem eiga fasteign sem þeir vilja búa áfram í og hafa svigrúm til að minnka eignarhlut sinn með lántöku.

- **Lán veitt í áföngum, greitt mánaðarlega**
- **Engar afborganir, vextir bætast árlega við höfuðstól**
- **Val um framlengingu, skuldbreytingu eða uppgreiðslu í lok lánstíma**

Nýttu þér þessa einföldu og hagkvæmu leið til að auka tekjur þínar.

***Þú færð nánari upplýsingar um Lífeyrislán á heimasíðum sjóðanna www.almenni.is eða www.llaekna.is og í síma 440 4900.***

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

LÍFEYRISSJÓÐUR LÆKNA

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Rekstraraðili • Íslandsbanki-Eignastýring

Kirkjusandi, 4. hæð • Sími 440 4900 • Fax 440 4910 • www.almenni.is • almenni@almenni.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 09.08.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,16 | 64,46 |
| Sterlingspund | GBP | 114,41 | 114,97 |
| Evra | EUR | 79,29 | 79,73 |
| Dönsk króna | DKK | 10,626 | 10,688 |
| Norsk króna | NOK | 10,014 | 10,072 |
| Sænsk króna | SEK | 8,484 | 8,534 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5716 | 0,575 |
| SDR | XDR | 94,02 | 94,58 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,3837**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sólveig Pétursdóttir er ánægð með loforð um stuðning við framboð Íslands:

# Sýnir fram á virkni utanríkisþjónustunnar

**ÖRYGGISRÁÐIÐ** Sólveig Pétursdóttir, formaður utanríkismálanefndar alþingis, lýsir ánægju með árangurinn sem náðst hefur við að afla stuðnings við framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009 og 2010. Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að þegar hefðu fengist loforð um stuðning frá fjörutíu til fimmtíu þjóðum.

„Þetta sýnir hversu virk utanríkisþjónustan er. Það er mjög gott að hafa stjórnmálasamband við sem flest ríki og þarf ekkert að tengjast þessu framboði sérstaklega. Reynsla okkar kennir að ekki er alltaf á vísan að róa þótt ríki hafi lofað stuðningi,“ sagði Sólveig í samtali við Talstöðina í gær.

Sólveig segir að Íslendingar gætu látið gott af sér leiða með aðild að öryggisráðinu. „Við gætum þurft að taka ákvarðanir sem fara gegn okkar utanríkisstefnu og þetta getur orðið mjög kostnaðarsamt.“

Á næsta ári eru sextíu ár frá því Ísland öðlaðist aðild að Sameinuðu þjóðunum og þá gæti verið góð tímasetning til þess að taka ákvörðun um málið. „Sjálfsagt er þó betra að taka hana fyrr en seinna,“ segir Sólveig Pétursdóttir.

- jh



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR OG DAVÍÐ ODDSSON** Sólveig telur að Íslendingar gætu látið gott af sér leiða í öryggisráðinu en gætu þurft að taka ákvarðanir sem færu gegn utanríkisstefnunni.

Sjóstangaveiði:

# Gætu þurft að fá kvóta

**FERÐAÞJÓNUSTA** Sjávarútvegsráðuneytið hefur haft í skoðun hvort fyrirtækið Fjord Fishing, sem hyggst bjóða ferðamönnum í sjóstangaveiði út af Vestfjörðum, þurfi kvóta.

„Þetta fer eftir því hvað magnið er mikið,“ segir Þórður Eyþórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. „Ef þú raðar átta körlum á lunninguna geturðu veitt í tonnavís yfir daginn.“ Þórður segir öllum heimilt að stunda tómstundaveiðar til eigin neyslu, og það þekkist jafnvel í ferðamennsku, en þá innan skikkanlegra marka.

- grs



**Á GANGI Í TÓKÝÓ** Tókýó er dýrust 130 borga heims en Teheran ódýrust.

Tókýó dýrasta borg heims:

# Reykjavík í fjórða sæti

**VERÐLAG** Tókýó er enn á toppnum yfir dýrustu borgir heims en Reykjavík er á hraðri leið upp listann. Reykjavík er fjórða dýrasta borg heims samkvæmt útreikningum Economist Intelligence Unit, fjórum sætum ofar en fyrir ári.

Osló er næst dýrasta borg heims en alls eru fjórar borgir á Norðurlöndum meðal þeirra tíu dýrustu. London fellur um tvö sæti, úr því sjötta í það áttunda og enga bandaríska borg er að finna í þrjátíu efstu sætunum, New York er efst bandarískra borga í 35. sæti.

Teheran, höfuðborg Írans, er ódýrust 130 borga heims sem könnunin tók til.

| DÝRUSTU BORGIR HEIMS |
|---|
| Tókýó |
| Osló |
| Osaka |
| Reykjavík |
| París |
| Kaupmannahöfn |
| Zürich |
| London |
| Genf |
| Helsinki |

# Fær hátt í 20 milljónir vegna starfslokanna

**Brotthvarf Andra Teitssonar úr stóli framkvæmdastjóra KEA er ekki vegna óskar hans um langt fæðingarorlof heldur vegna óánægju meirihluta stjórnar með störf hans. Stjórnin áminnti hann í fyrra vegna persónulegra fjárfestinga.**

**STARFSLOK** Kaupfélag Eyfirðinga greiðir Andra Teitssyni, fyrrum framkvæmdastjóra KEA, hátt í tuttugu milljónir króna vegna starfsloka hans hjá félaginu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Mánaðarlaun hans voru um 1,2 milljónir króna þegar hann sagði starfi sínu lausu í síðustu viku.

Starfslokasamningur sem gerður var við Andra kveður á um að hann verður á launaskrá hjá félaginu, án starfstitils og án vinnuskyldu, þangað til hann fer í níu mánaða fæðingarorlof, sem að líkindum byrjar í janúar næstkomandi, og því getur félagið nú fegar ráðið nýjan framkvæmdastjóra.

Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður KEA, hefur gefið til kynna að brotthvarf Andra frá félaginu eigi ekki rætur að rekja í ósk hans um langt fæðingarorlof heldur hafi komið upp trúnaðarbrestur milli Andra og stjórnar KEA. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það rétt og hefur meirihluti stjórnar KEA verið óánægður með störf framkvæmdastjórans í marga mánuði.

Andri vill ekki tjá sig frekar um ástæður þess að hann hafi sagt starfi sínu lausu hjá KEA en vísar í fréttatilkynningu frá því á föstudaginn í síðustu viku þar sem fram kemur að ástæðan sé ósk hans um langt fæðingarorlof.

Heimildir Fréttablaðsins herma að stjórnarmenn hafi meðal annars gert athugasemdir við að langan tíma hefur tekið að hrinda ákvörðunum aðalfundar og stjórnar félagsins í framkvæmd.



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

**FYRRUM FRAMKVÆMDASTJÓRI KEA** Andri segir umfjöllun fjölmiðla um uppsögn sína hjá KEA hafi farið illa í fjölskyldu sína og því vilji hann sem minnst um málið ræða á opinberum vettvangi.

Einnig hafi sumir stjórnarmanna verið óánægðir með persónulegar fjárfestingar framkvæmdastjórans er lúta að jarðakaupum og í fyrra veitti stjórnin honum áminningu í tengslum við fyrirhuguð kaup hans á þriðjungshlut í stærsta mjólkurframleiðslubúi landsins í Eyjafjarðarsveit. Kornið sem fyllti mælinn hjá stjórn KEA var að þegar tilboð voru opnuð í Símann, fimmtudaginn 28. júlí síðastliðinn, var framkvæmdastjórinn í veiðitúr og stjórnarmönnum gekk illa að ná tali af honum. Kaupfélag Eyfirðinga var í hópi fjárfesta sem áttu næsthæsta tilboðið í Símann og hugsanlegt að félagið hefði átt kost á að gera annað tilboð sama dag og þau voru opnuð.

kk@frettabladid.is

Bíræfnir kennarar:

# Skólagjöldin ekki nægileg

**EGYPTALAND** Þrír kennarar úr mismunandi menntaskólum í Egyptalandi eru nú fyrir dómstólum fyrir að neita að láta af hendi prófskírteini nemenda nema gegn þóknun.

Löngum hefur verið þekkt að hægt sé að kaupa fölsuð prófskírteini á mörkuðum hvarvetna í heiminum. Nú ber hins vegar nýrra við því skírteinin eru ófölsuð. Því fannst þremur nemendum nóg um og kvörtuðu til lögreglu. Ekki liggur fyrir hver hámarksrefsing er við slíku broti verði kennararnir fundnir sekir.

## BRETLAND

**HEIMAKENNSLA VEGNA HREKKJUSVÍNA**

Ný könnun sýnir að helmingur þeirra bresku foreldra sem kjósa að kenna börnum sínum heima í stað þess að senda þau í skóla gera það vegna þess að börnin hafa verið lögð í einelti. Óánægja með stefnu stjórnvalda í menntamálum, sérstaklega vegna tíðra prófa, er önnur algeng ástæða.

Björgunarlið kallað út:

# Maður stóð í flæðarmálinu

**LÖGREGLUMÁL** Umtalsvert lið lögreglu- og björgunarmanna var kallað að Sörlaskjóli á Reykjavík laust fyrir klukkan hálftólf á mánudagskvöld eftir að tilkynnt var um mann sem þar stóð í mittishæð í flæðarmálinu.

Björgunarbátur og kafarar voru einnig fluttir á staðinn og fór kafari strax út á eftir manninum. Í kjölfarið sneri maðurinn við og óð sjálfur í land. Hann var fluttur á slysadeild til aðhlynningar enda orðinn blautur og kaldur.

- ht


# 2 fyrir 1 til Ítalíu

## 11. eða 18. ágúst frá kr. 19.990

Síðustu sætin

**19.990**

Flugsæti báðar leiðir með sköttum. 2 fyrir 1 tilboð, 11. og 18. ágúst. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Bologna á Ítalíu þann 11. og 18. ágúst. Nú er tækifæri til að leggja Ítalíu að fótum sér.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


## VEÐRIÐ Í DAG

**GOÐVIÐRI**

Það er ósköp ljúft að eiga við hlutina í þessu vindlausa umhverfi sem ríkir á landinu. Helst er að regndropar gætu pirrað menn en helst er að sjá vætu yfir Vestfjörðum.

**NÆSTA HELGI**

Hæglætisveður á laugardag. Skýjað með köflum og þurrt vestan til en skýjaðra og væta austan til. Á sunnudag eru horfur á hægum suðlægum áttum með rigningu víða um land. Spurningin sem eftir stendur er: Hvenær kemur heil helgi með sól og hægum vindi?





**Á morgun**





**Föstudagur**







Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

## Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skýjað-skúrir | París | 25°C heiðskírt | Alicante | 32°C skúrir |
| Ósló | 25°C hálfskýjað | Berlín | 20°C heiðskírt | Milano | 25°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 20°C heiðskírt | New York | 27°C hálfskýjað |
| Helsinki | 15°C skúrir | Madrid | 33°C heiðskírt | San Francisco | 20°C alskýjað |
| London | 24°C heiðskírt | Barcelona | 30°C alskýjað | Orlando/Florida | 34°C hálfskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




ThinkPad **R50e** - UR059DE



**Örgjörvi:** Pentium M 745 1,8GHz
Minni: 512MB
**Skjár:** 15" 1024x768 upplausn
Skjákort: 64MB Intel Extr.II
**Diskur:** 60GB 5400sn
Drif: DVD+/-RW Multiburner
**Þráðlaust net:** b / g
Stýrikerfi: Windows XP Pro

**SKÓLATILBOÐ 134.900 kr.**

ThinkPad **R52** - UN442DE



**Örgjörvi:** Pentium M 740 1,70Hz
Minni: 512MB
**Skjár:** 15" 1400x1050 upplausn
Skjákort: 64MB ATI Radeon x300
**Diskur:** 40GB 5400sn
Drif: DVD+/-RW Multiburner
**Þráðlaust net:** a / b / g
Firewire og Bluetooth
**Stýrikerfi:** Windows XP Pro

**SKÓLATILBOÐ 154.900 kr.**

## 3 FYRIR 1



Góð tölva verður enn betri með góðum hugbúnaði. Microsoft Office 2003 inniheldur verkfærin sem enginn vill vera án, sbr. Outlook, Word, Excel og PowerPoint.
Þú færð þrjú leyfi fyrir aðeins eitt.

**VERÐ AÐEINS**
**14.900 kr.**

Microsoft Office

## ÞÚ TENGIST SJÁLFKRAFA NÁNAST HVAR SEM ER

Njóttu frelsisins sem fylgir því að vinna nánast hvar sem er með Access Connections sem skiptir áreynslulaust á milli þráðtengdra og þráðlausra tenginga á heimilinu, í vinnunni, í skólanum eða á ferðinni.

## AUKIN RAFHLÖÐUENDING

Þökk sé þróaðri rafhlöðutækni og Intel Centrino Mobile Technology, endast rafhlöður í völdum ThinkPad fartölvum í allt að 10 klukkustundir – án þess að það komi niður á afköstum.

## MEST VERÐLAUNAÐA FARTÖLVAN

ThinkPad fartölvur hafa unnið til yfir 1200 verðlauna og er þ.a.l. mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Kíktu á **www.thinkpad.is** þar sem þú getur skoðað 20 ástæður fyrir því að velja ThinkPad.

**VERÐ FRÁ AÐEINS 89.900 KR.**

Vertu velkomin(n) í verslun Nýherja, Borgartúni 37.
Sími: 569 7700 – Netfang: thinkpad@nyherji.is

Söluaðilar um land allt.

ThinkPad **T43** - UC514DE



**Örgjörvi:** Pentium M 730 1,6GHz
Minni: 512MB
**Skjár:** 14" 1024x768 upplausn
Skjákort: 128MB Intel 900
**Diskur:** 40GB 5400sn.
Drif: DVD+/-RW Multiburner
**Þráðlaust net:** b / g
Þyngd: Aðeins 2,3 kg
Bluetooth
Stýrikerfi: Windows XP Pro

**SKÓLATILBOÐ 159.900 kr.**

ThinkPad **T43** - UC34NDE



**Örgjörvi:** Pentium M 750 1,86GHz.
Minni: 512MB
**Skjár:** 14" 1400x1050 upplausn
Skjákort: 64MB ATI Radeon x300.
**Diskur:** 60GB 5400sn.
Drif: DVD+/-RW Multiburner
**Þráðlaust net:** a / b / g
Fingrafaralesari
**Þyngd:** Aðeins 2,3 kg
Bluetooth
**Stýrikerfi:** Windows XP Pro

**SKÓLATILBOÐ 199.900 kr.**

Birt með fyrirvara um verðbreytingar, gengisbreytingar og innsláttarvillur

ThinkPad

**WWW.THINKPAD.IS**

NÝHERJI



## KJÖRKASSINN

*Var rétt af KEA að meina framkvæmdastjóra sínum að fara í fæðingarorlof?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 37,2% |
| Nei | 62,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga Íslendingar að standa við framboð sitt til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Andstæðingar Kárahnjúkavirkjunar eru farnir frá Vaði í Skriðdal:

# Lögregla veitti mótmælendum eftirför

**MÓTMÆLI** Mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði var veitt eftirför lögreglu eftir að þeir yfirgáfu Vað í Skriðdal í fyrrakvöld að sögn Birgittu Jónsdóttur talsmanns mótmælenda í Reykjavík.

Þórir Oddsson aðstoðarríkislögreglustjóri staðfestir að lögregla hafi fylgst vel með mótmælendunum frá því að þeir yfirgáfu Vað. Hins vegar segir hann engin afskipti verið höfð af mótmælendunum á ferð þeirra.

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður telur aðgerðir lögreglu óheimilar án dómsúrskurðar. „Ég tel þetta heimildalaus afskipti af frjálsum borgurum, hafi málið ekki verið lagt fyrir dómara og hann ákveðið að takmarka ferðafrelsi þeirra,“ segir Ragnar.

Þórir segir hins vegar skýrar heimildir fyrir því að lögregla megi fylgjast með borgurum að gefnu tilefni. „Mótmæli fólksins fóru ekki friðsamlega fram og yfirlýsingar voru gefnar út um að halda ætti uppteknum hætti. Málinu er því alls ekki lokið,“ segir Þórir. **- ht**



**TJALDBÚÐIR FELLDAR** Mótmælendur Kárahnjúkavirkjunar komu sér upphaflega fyrir í landi Valþjófsstaða við Kárahnjúka en var gert að fella tjaldbúðir sínar þar. Nýjar tjaldbúðir voru í kjölfarið reistar í landi Vaðs í Skriðdal.

Glæpir Saddams:

# Aziz neitar að bera vitni

**BAGDAD, AP** Lögmenn Tariq Aziz, fyrrverandi utanríkisráðherra Íraks, lýstu því yfir í gær að hann myndi ekki bera vitni gegn Saddam Hussein í réttarhöldunum sem senn fara í hönd.

Aziz var einn nánasti samstarfsmaður Hussein á valdatíma hans og bíður hann sjálfur réttarhalda fyrir þátt sinn í grimmdarverkum ógnarstjórnar Baath-flokksins.

Íraskir uppreisnarmenn héldu uppteknum hætti í landinu í gær. Sautján manns féllu í fjölmörgum sprengjuárásum, þar á meðal bandarískur hermaður. ■



**SMÁRALIND** Fimmtán ára piltur stóð að hringingu sem talin var að kynni að vera frá kynferðisafbrotamanni.

Atvik í Smáralind:

# Hrekkur 15 ára pilts

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar í Kópavogi leiddi hana á slóð fimmtán ára pilts sem hefur viðurkennt að hafa hringt í unga drengi í símasjálfsala utan við Smáralind síðastliðinn föstudag og viðhaft dónalegt orðbragð.

Hann hefur ekki komið áður við sögu lögreglu. Hann hefur áður í félagi við jafnaldra sína hringt í símasjálfssala til að kanna viðbrögð fólks sem svarar. Hann sagði að fyrst og fremst hefði verið um fíflaskap að ræða. **- grs**

## VESTMANNAEYJAR

**SÖKK Í HÖFNINNI** Gamall plastbátur með utanborðsmótor sökk við bryggju í smábátahöfninni í Vestmannaeyjum í gærmorgun. Hafnarverðir töldu lítið mál að ná bátnum upp með krana en lentu í vandræðum þar sem báturinn var ómerktur og ekki vitað hver átti hann. Lögregla hafði uppi á eigandanum sem var utanbæjar og kvaðst eigandinn láta hífa bátinn upp.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ELDUR Í DRÁTTARVÉL** Eldur kom upp í dráttarvél í Fljótshlíð um fjögurleytið í fyrradag. Einn maður var í dráttarvélinni þegar eldsins varð vart en hann hafði rétt bakkað henni út úr fjósi að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli. Slökkvilið Rangárvallaskýrslu var kallað á staðinn til að slökkva eldinn og gekk það bæði fljótt og vel fyrir sig.

**ÓKU OF HRATT** Níu ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur í sameiginlegu umferðareftirliti lögreglu á Dalvík og Ólafsfirði í fyrradag. Margir þeirra eiga von á háum sektum fyrir hraðaksturinn en verið er að endurnýja klæðningu þar sem þeir voru stöðvaðir og hámarkshraði því fimmtíu kílómetrar. Margir keyrðu langt yfir þeim mörkum að sögn lögreglunnar.

## NEPAL

**Á SJÖUNDA TUG LÁTNIR** Talsmenn nepalska hersins sögðust í gær hafa fundið lík fjörutíu félaga sinna sem féllu í átökum við uppreisnarmenn úr röðum Maóista í vesturhluta landsins fyrir skemmstu. Uppreisnarmennirnir segjast sjálfir hafa misst 26 menn í orrustunni sem er sú blóðugasta síðan Gyanendra konungur hrifsaði til sín öll völd í landinu fyrir um hálfu ári síðan.



MYND/AP

**KOMINN TIL JARÐAR** Áhyggjur manna af erfiðleikum í lendingu Discovery vegna skakkafalla í flugtaki reyndust með öllu ástæðulausar.

# Lending Discovery gekk vonum framar

**Allt gekk að óskum þegar geimferjan Discovery lenti á herflugvelli í Kaliforníu í gærmorgun. Þrátt fyrir vel heppnaða lendingu verður nú gert ótímabundið hlé áður en næstu geimferju verður skotið á loft.**

**GEIMFERÐIR** Geimferjan Discovery sneri aftur til jarðar í gær eftir fjórtán daga spennuþrunga ferð. Óvíst er hvenær geimferjurnar fara aftur út í himingeiminn því ekki liggur fyrir hver rót erfiðleikanna við flugtak þeirra er.

Lendingar geimferjunnar Discovery hefur verið beðið með óttablandinni eftirvæntingu síðustu daga, ekki síst vegna skakkafalla í flugtakinu 26. júlí, svipuðum þeim og urðu Kólumbíu að fjörtjóni í febrúar 2003 þegar hún fórst með sjö manna áhöfn.

Lendingu í Flórída á mánudagsmorgun var frestað vegna skýjaþykkni og í gær varð þrumuveður yfir Canaveral-höfða til þess að ákveðið var að flytja lendinguna til Edwards-herflugvallarins í Mojave-eyðimörkinni í Kaliforníu.

Klukkan 5.11 að staðartíma (12.11 að íslenskum tíma) lenti svo geimferjan í náttmyrkrinu.

„Til hamingju með sérstaklega glæsilegt flug,“ sagði stjórnstöð bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA þegar ferjan hafði numið staðar. „Við erum fegin að vera komin heim og við óskum öllum sem þátt tóku í leiðangrinum til hamingju með vel unnið verk,“ svaraði Eileen Collins, leiðangursstjóri Discovery. Skömmu eftir lendingu skoðaði áhöfnin farkostinn og var ekkert sem benti til annars en að allt væri í góðu lagi.

Engu síður ítrekaði Michael Griffin, forstjóri NASA, í gær að óvíst væri hvenær geimferjum stofnunarinnar yrði skotið út í geiminn á ný. Á meðan ekki liggur fyrir hvers vegna hitahlífar falla af eldsneytisflaugum geimferjanna, eins og gerðist hjá Discovery 26. júlí og hjá Kólumbíu 2003, verða þær látnar halda kyrru fyrir.

Þótt allir hefðu glaðst innilega yfir vel heppnaðri lendingu þá urðu fjölskyldur geimfaranna sem biðu á Flórída fyrir örlitlum vonbrigðum með að ferjan skyldi ekki lenda þar. Í dag verða hins vegar kærkomnir endurfundir ástvinanna í Houston, Texas.

Sjálf geimferjan verður aftur á móti í viku til viðbótar í Kaliforníu en síðan verður henni komið fyrir ofan á Boeing 747-flugvél sem flytur hana í heimahöfn á Canaveral-höfða.

**sveinng@frettabladid.is**

Mótmælendur Kárahnjúkavirkjunar eru á faraldsfæti:

# Flestir komnir til Reykjavíkur

**MÓTMÆLI** Mótmælendur Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði eru nú flestir komnir til Reykjavíkur að sögn Birgittu Jónsdóttur, talsmanns mótmælenda í Reykjavík.

Mótmælendur hafa verið að tínast frá Vaði í Skriðdal síðustu dagana að sögn lögreglu á Egilsstöðum en þar hafa þeir haldið til í um tvær vikur eftir að þeim var gert að yfirgefa tjaldbúðir sínar í landi Valþjófsstaða við Kárahnjúka.

Hópur mótmælendanna fór norður fyrir land að sögn Ólafs Páls Gunnarssonar, eins mótmælenda, sem staddur var á Mývatni þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Annar hópur fór hins vegar suður fyrir land áleiðis til Reykjavíkur að sögn Birgittu.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort erlendum mótmælendum verður vísað úr landi að sögn Ragnheiðar Böðvarsdóttur, forstöðumanns stjórnsýslusviðs Útlendingastofnunar.

Erindi þess efnis barst frá Sýslumanninum á Eskifirði eftir að mótmælendurnir fóru inn á byggingarsvæði álvers Alcoa á Reyðarfirði í síðustu viku. Ákvörðunar um hvort orðið verður við beiðninni er að vænta á allra næstu dögum að sögn Ragnheiðar. **- ht**




**MÓTMÆLENDUR KOMNIR TIL REYKJAVÍKUR** Flestir mótmælenda Kárahnjúkavirkjunar eru nú komnir til Reykjavíkur og hyggja á frekari mótmælaaðgerðir næstu daga. Meðal þeirra er stór borði sem hengdur var upp við kaffi Hljómalind í gær.

www.icelandair.is/oslo

Osló



Flug og gisting í tvær nætur

Verð frá 34.990 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Munch Tulip Inn Rainbow
21.-23. okt., 11.-13. nóv., 10.-12. des., 20.-22. jan., 3.-5. feb. og 17.-19. mars.
Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú geta handhafar Vildarkorts Visa og Icelandair notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29013 08/2005

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is




## Ný snyrtistofa

# Kringlan **er fjölbreyttari**

### Dekurstofan

hennar Snædísar Önnu Hafsteinsdóttur
hefur verið opnuð á 3. hæð Kringlunnar.
Þægileg og vönduð snyrtistofa
fyrir dömur og herra.

Kringlan kappkostar að bjóða sem fjölbreyttast úrval af vöru og þjónustu í hæsta gæðaflokki.

**Við óskum Dekurstofunni til hamingju!**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 12.00 til 18.30 | 12.00 til 19.00 | 12.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 29148 08/2005




Líklegast er að gert verði við skútuna Svölu:

# Tjónið skiptir milljónum króna

**BJÖRGUN** Tryggingafélagið Sjóvá-almennar vinnur nú að því að meta tjón skútunar Svölu sem skemmdist eftir að hún rak mannlaus og fór svo hálf í kaf þegar hún var dregin til hafnar í Þorlákshöfn í síðustu viku eftir ævintýralega ferð frá Færeyjum.

Að sögn Halldórs Teitssonar, deildarstjóra sjódeildar Sjóvár-Almennra, er líklegt að siglingatæki séu mikið skemmd en menn binda vonir við að vél skútunar sé í lagi. Því má gera ráð fyrir að tjón og björgunarkostnaður nemi nokkrum milljónum króna.

Hann segir að sennilegast verði gert við skútuna en þó geti til þess komið að hún yrði seld ef viðgerðar- og björgunarkostnaður verður yfir þeirri fjárhæð sem vátryggingin nemur.

Ekki er vitað hversu mikið áhöfnin á Ársæli fær greitt fyrir björgunina en þeir komu að skútunni á reki og drógu hana til hafnar í Þorlákshöfn.

Sjópróf eru talin óþörf en rannsóknarnefnd sjóslysa gerir hins vegar sjálfstæða rannsókn á þessu máli að sögn Hilmars Snorrasonar, sem á sæti í nefndinni.

- jse


FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR JÓHANNSSON

**SVALA** Örlög Svölu eru enn óráðin en vonast er til þess að vél hennar sé í lagi þótt siglingatæki séu flest ónýt. Björgunarkostnaður tekur einnig sinn toll þótt hann liggi ekki fyrir.

# Sveitarfélögum gæti fækkað um helming

**Sveitarfélögum fækkar um 46 í landinu verði sextán sameiningartillögur samþykktar í atkvæðagreiðslum 8. október. 23 þúsund íbúa sveitarfélag kann að verða til í Eyjafirði. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst á laugardag.**

**SVEITARFÉLÖG** Nefnd sem fjallar um eflingu sveitarstjórnarstigsins hefur lagt fram tillögur sem fela í sér sameiningu 62 sveitarfélaga í landinu í sexán. Kosið verður um tillögurnar 8. október næstkomandi. Sveitarfélög á landinu eru nú 101, en að teknu tilliti til þess að tólf sveitarfélög til viðbótar hafa samþykkt sameiningu verða þau 92 í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna næsta vor.

Víðtækust er tillagan um sameiningu allra sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu frá Siglufirði til Grenivíkur. Alls er ráðgert að sameina þar níu sveitarfélög í eitt með liðlega 23 þúsund íbúa. Þá er einnig um víðtæka sameiningu að ræða á Austfjörðum en allir firðirnir frá Mjóafirði í norðri að Breiðdalsvík í suðri verða eitt sveitarfélag verði sameiningartillaga samþykkt. Á fjórtánda þúsund íbúar verða í sama sveitarfélaginu verði samþykkt tillaga um sameiningu Reykjanesbæjar, Sandgerðis og Garðs.

Nærri 10.800 íbúar verða í einu sveitarfélagi í Ölfusi og Flóa verði samþykkt tillaga um sameiningu Selfoss, Hveragerðis, Þorlákshafnar og nágrannabyggða.

Tillaga er gerð um að sameina Akrahrepp sveitarfélaginu Skagafirði, en hreppurinn er sá eini sem stendur utan sameinaðs héraðsins. Liðlega 200 manns búa í Akrahreppi.

Sameining sveitarfélaga hefur oft farið út um þúfur vegna andstöðu í fámennustu sveitarfélögunum. Skemmst er að minnast sameiningar alls Fljótsdalshéraðs utan Fljótsdalshrepps og andstöðu í Skorradalshreppi við sameiningaráform. Fámennustu hrepparnir í sameiningartillögunum nú eru Mjóifjörður með 38 íbúa, Helgafellssveit með 47, Broddaneshreppur með 53 og Árneshreppur með 57 íbúa.

Þeir sem geta ekki kosið um sameiningu sveitarfélaga heima í héraði 8. október næstkomandi geta greitt atkvæði utan kjörfundar hjá sýslumannsembættum frá og með laugardeginum 13. ágúst. Einnig er unnt að greiða atkvæði í íslenskum sendiráðum eða öðrum stöðum erlendis samkvæmt nánari ákvörðun.

johannh@frettabladid.is



**STYKKISHÓLMUR** Íbúar Helgafellssveitar í nágrenni Stykkishólms voru 47 í desember síðastliðnum. Þeir verða hluti af um fjögur þúsund manna sveitarfélagi á Snæfellsnesi öllu ef sameining gengur eftir.



**Í FÆREYJUM** Færeyingar vilja fulla aðild að Norðurlandaráði og segist danski forsætisráðherrann reiðubúinn til þess að vinna að því í formennskutíð Dana í ráðinu.

Eidesgaard og Rasmussen taka höndum saman:

# Færeyingar fái atkvæðisrétt í Norðurlandaráði

**FÆREYJAR** Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, og Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sammæltust á ríkisráðsfundi í Færeyjum um að leita eftir því að styrkja stöðu Færeyja og Grænlands í Norðurlandaráði.

Eidesgaard fagnaði tíðindunum í samtali við Útvarp Færeyjar og sagði leiðina sem til umræðu væri fela í sér full réttindi og skyldur Færeyinga. Rasmussen sagði þetta þýða að Færeyingar fengju atkvæðisrétt í Norðurlandaráði en bætti við að forsenda fyrir því væri samþykki þeirra ríki sem aðild eiga að Norðurlandaráði.

Gangi þetta eftir gætu Færeyjar, Grænland og Álandseyjar fengið aðild að Norðurlandaráði. Mikil umræða fór fram á síðasta þingi Norðurlandaráðs um beiðni Færeyja um að fá fulla aðild.

Høgni Hoydal, formaður Þjóðveldisflokksins, sagði í viðtali við Útvarp Færeyjar að ekkert nýtt væri í samþykkt fundarins, í raun væri ekki rætt um fulla aðild Færeyja heldur sjálfstæða aðild sem uppfylli ekki öll markmið Færeyinga.

- bþg

Breskar konur:

# Þær skosku eru grennstar

**BRETLAND** Niðurstöður nýrrar rannsóknar sem breska dagblaðið The Independent segir frá virðast sýna að holdafar þarlendra kvenna ráðist öðru fremur af póstnúmerinu. Áberandi munur er á vaxtarlagi skoskra, velskra og enskra kvenna.

Skoskar konur eru þær grennstu í Bretlandi og er talið að það stafi af mikilli ávaxtaneyslu. Lundúnasprundin hafa stærstu brjóstin, þær nota yfirleitt brjóstahaldara af stærðinni 34C á meðan meðalbrjóstastærð annarra breskra kvenna er 34B. Þær velsku eru yfirleitt perulagaðri en aðrar konur Bretlands. ■

## SUÐUR-AMERÍKA

**DRÆM KJÖRSÓKN Í VENESÚELA**
Innan við þriðjungur kjörgengra Venesúelamanna mætti á kjörstað í sveitarstjórnarkosningum í landinu um helgina. Talning atkvæða hefur gengið hægt og tilkynnt um úrslit á fáum stöðum. Þó lá sigur stuðningsmanna Hugo Chavez forseta fyrir á tveimur stöðum.



Ótrúlegt úrval
Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri
3.999 kr/stk
Nett tölvuborð 70 cm á breidd
1.999 kr/stk
Frábær skrifborðsstóll á ótrúlegu verði
6.999 kr/stk
Leðurstóll m/örmum, stillanleg hæð
3.999 kr/stk
Skrifborðsstóll m/örmum, stillanleg hæð
2.999 kr/stk
Skrifborðsstóll stillanleg hæð, 3 litir
19.999 kr/stk
Leðurstóll m/örmum, stillanleg hæð
12.999 kr/stk
Leðurstóll m/örmum, stillanleg hæð
9.999 kr/stk
Leðurstóll m/örmum, stillanleg hæð
4.999 kr/stk
Tölvuborð 90 cm á breidd
3.999 kr/stk
Tölvuborð 70 cm á breidd
3.999 kr/stk
Tölvuborð 70 cm á breidd
6.999 kr/stk
Tölvuborð 130 cm á breidd
6.999 kr/stk
Tölvuborð 130 cm á breidd
5.999 kr/stk
Tölvuborð 107 cm á breidd
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


MYND/AP

**Í GÓÐRA VINA HÓPI** Fílakálfurinn Bongi var boðinn velkominn í hóp fílanna í dýragarðinum í Wuppertal, Þýskalandi, í gær. Þótt Bongi virðist harla smár er hann samt 178 kíló.

Tugir mótmæla því að heitavatnsnotkun húseigenda í Hrísey verði mæld:

# Sumarhúsaeigendur og eyjarskeggjar ósáttir

**HITAVEITA** Rúmlega sextíu íbúar og sumarhúsaeigendur í Hrísey hafa sent bæjaryfirvöldum á Akureyri erindi þar sem áformum Norðurorku um uppsetningu rennslismæla vegna hitaveitu er mótmælt. Húseigendur í Hrísey kaupa nú ákveðið magn af heitu vatni sem þeir ákveða sjálfir árlega en hemlar á heitavatnskerfinu eiga að koma í veg fyrir umframnotkun.

Björgvin Pálsson er einn þeirra sem andsnúnir eru breytingunni og telur hann að kostnaður sumra húseigenda aukist þegar rennslismælar verða teknir upp. „Við viljum fá meiri upplýsingar um hvaða áhrif breytingin hefur í för með sér og okkur finnst aðlögunartíminn of stuttur en breytingin á að taka gildi í næsta mánuði,“ segir Björgvin.

Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, segir Hríseyinga notast við gjaldskrárkerfi sem aflagt var á Akureyri fyrir tuttugu árum. „Það fellur enginn kostnaður á húseigendur vegna uppsetningu mælanna en tilgangurinn með breytingunni er að húseigendur í Hrísey og á Akureyri sitji við sama borð,“ segir Franz. **- kk**



**SUMARHÚS Í HRÍSEY** Forstjóri Norðurorku segir einu nothæfu heitavatnsholuna í Hrísey viðkvæma fyrir innrennsli sjávar og því skynsamlegt að nota ekki meira heitt vatn en nauðsyn krefur.


MYND/AP

**STUND Á MILLI STRÍÐA** Björgunarmenn bíða átekta við námuna.

Námuverkamennirnir:

## Litlar líkur á björgun

**PEKING, AP** Enn hefur ekki tekist að bjarga á annað hundrað verkamönnunum úr kolanámunni í Guangdong-héraði í Suður-Kína sem fylltist af vatni á sunnudaginn.

Mikið vatn er enn þá í göngunum og hefur gengið illa að dæla því á brott. Líkurnar á því að mennirnir náist á lífi fara því þverrandi.

Eigendur námunnar höfðu ekki tilskilin leyfi til rekstrar hennar og því flýðu þeir héraðið þegar fregnir bárust af slysinu. Stjórnvöld leita þeirra nú ákaft enda telja þau þá hafa vanrækt að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Stjórnendurnir eru auk þess þeir einu sem vita nákvæman fjölda þeirra sem eru í námunni. ■

## NOREGUR

### FULLIR VIÐ FERJUSTJÓRN

Lögreglan á Norðurmæri handtók um helgina þriggja manna áhöfn ferjunnar Edøy sem siglir á milli Molde og Sekken. Var það gert eftir athugun sem leiddi í ljós að áhafnarmeðlimirnir voru allir ölvaðir. Samkvæmt heimildum Aftenposten voru mennirnir nýkomnir úr gleðskap. Heldur var fámennt um borð, aðeins tveir farþegar og einn bíll. Samt sem áður er er málið litið alvarlegum augum.

### MET Í SMÁSKILABOÐUM

Fáar þjóðir senda jafn mörg texta- og myndskilaboð og Norðmenn. Sérstaklega hafa sendingar myndskilaboða aukist mikið. Aftenposten hermir að viðskiptavinir Telenor og Netcom, tveggja stærstu símafyrirtækja landsins, hafi sent 35 milljónir myndskilaboða fyrstu sex mánuði þessa árs og 1,86 milljarða smáskilaboða.

## SUÐUR-AMERÍKA

### HANDTEKINN Í ARGENTÍNU

Einn hershöfðingja Bosníu-Serba sem verið hefur á flótta í tæp fimmtán ár var handtekinn í Buenos Aires, höfuðborg Argentínu, í fyrradag. Hershöfðinginn Milan Lukic hefur verið ákærður fyrir glæpi gegn mannkyni vegna morða á múslimum í Bosníustríðinu.

# Jafn réttur samkynhneigðra er sjálfsagður

**Bjarni Benediktsson segir löngu tímabært að bregðast við kröfum samkynhneigðra um rétt til vígðrar hjónavígslu og ættleiðinga á við gagnkynhneigða. Kirkjunnar menn eru flestir sammála um að jafna beri rétt samkynhneigðra.**

**JAFNRÉTTI** „Það þurfa að vera mjög sterk rök sem mæla gegn því að skrefið verði stígið til fulls og ég tel að allar þær rannsóknir sem gerðar hafi verið bendi til þess að þau rök séu ekki til,“ segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjarnefndar, þegar hann var spurður hvort samkynhneigðir ættu að njóta réttinda til vígðrar hjónavígslu og ættleiðinga á við gagnkynhneigða. Hann telur löngu tímabært að bregðast við kröfum samkynhneigðra þó mörg mikilvæg skref hafi verið tekin á undanförnum árum.



**BJARNI** Engin rök gegn því að stíga skrefið til fulls.

Jón Helgi Þórarinsson prestur í Langholtskirkju og formaður nefndar á vegum biskups, sem hefur til umræðu málefni samkynhneigðra innan þjóðkirkjunnar, segir að meðal presta ríkji almennur vilji fyrir því að rétta hlut samkynhneigðra. „Þó eru sumir innan kirkjunar sem vilja stíga varlega til jarðar í þessum efnum,“ segir Jón Helgi.

Sigursteinn Másson, varaformaður samtakanna '78, segir að nú sé aðeins spurningin hvort kirkjan eða löggjafavaldið verði fyrri til að stíga skrefið til fulls og veita samkynhneigðum rétt til vígðrar hjónavígslu. Hann bendir á að á Spáni þar sem löggjafavaldið hafi tekið frumkvæði í þessum málum hafi nú áunnist stuðningur meirihluta presta fyrir slíkum vígslum.

Jón Helgi segir að kenningarnefnd á vegum kirkjunar skili áliti til biskups um það hvernig þjóðkirkjan geti orðið við ósk samkynhneigðra um formlega hjónavígslu en ekki er ljós hvenær það álit liggur fyrir. Hann segir að hins vegar hafi réttur samkynhneigðra til ættleiðinga ekki verið mikið ræddur innan kirkjunnar enn sem komið er.

Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, segist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með yfirlýsingar félagsmálaráðherra um síðustu helgi. Hann segir að um forréttindabaráttu sé að ræða en ekki jafnréttisbaráttu. „Til er fólk sem vill fá aðra afbrigðileika kynlífs viðurkennt, hvað verður þá um þeirra rétt?“ spyr Gunnar. jse@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

**GAY PRIDE-GANGA** Flestir virðast vera sammála um að aðeins sé spurning um hvenær samkynhneigðir njóti sömu réttinda og gagnkynhneigðir.




Hreinsað út úr fjárhirslum banka í þaulskipulögðu bankaráni í Brasilíu:

# Hurfu með fjóra milljarða

**BRASILÍA** Bankastarfsmenn eins stærsta útibús Banco Central í borginni Fortaleza í Brasilíu urðu furðu lostnir þegar þeir uppgötvuðu, er þeir mættu í vinnu sína á mánudag, að fjárhirslur bankans voru tómar en í þeim voru geymdar rúmlega fjórir milljarðar króna.

Um er að ræða eitt bíræfnasta bankarán í sögu landsins en þjófarnir skipulögðu glæpinn af mikilli nákvæmni.

Þeir leigðu sér húsnæði nálægt bankanum og þóttust vera garðyrkjumenn og gátu þannig gefið skýringar á talsverðum jarðvegsflutningum.

Í ljós kom að þeir höfðu grafið áttatíu metra göng frá húsi sínu að fjárhirslum bankans. Sérstyrktir steypuveggir hvelfingarinnar komu að litlu haldi og fullkomið þjófavarnarkerfi varð ekki vart við gjörninginn. Þó náðust einhverjar myndir í öryggismyndavélum bankans sem lögregla rannsakar nú. ■



**ÁGÆTT TÍMAKAUP** Þeir tíu sem brasilíska lögreglan telur standa á bak við stærsta bankarán sem framið hefur verið í landinu höfðu rúma fjóra milljarða upp úr krafsinu fyrir tveggja vikna vinnu.

# David Beckham
# Nú aðeins 1.990 kr.

Verð áður ~~2.825.000.000~~ kr.




Fíton/SÍA FI013859

**SÝN á 1990 kr.**
fyrir ADSL notendur
Og Vodafone

Nú fá ADSL notendur hjá Og Vodafone áskriftina að SÝN fyrir aðeins 1990 kr. á mánuði.

**Allir leikirnir sem skipta máli eru á Sýn**
Meistaradeild Evrópu - Enski bikarinn - Enski deildarbikarinn - Enska landsliðið - Íslenska landsliðið
HM 2006 - NBA - NFL - Box - Spænski boltinn - Ítalski boltinn - Evrópukeppni félagsliða

og vodafone™
Heyrumst!

Þú horfir áfram á SÝN á Digital Íslandi eða gamla góða myndlyklinum. Fullt verð á SÝN er 4290 kr. á mánuði.

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar og skráningu.





Matvælaskortur í Norður-Kóreu:

# Hungursneyð yfirvofandi

**SEÚL, AP** Útlit er fyrir hungursneyð í Norður-Kóreu vegna þess að framleiðsla matvæla í landinu verður ekki nægileg. Matvælahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur varað við yfirvofandi hungursneyð og hvatt alþjóðasamfélagið til þess að bregðast við og aðstoða Norður-Kóreubúa.

Norður-Kórea hefur reitt sig á aðstoð erlendra ríkja til þess að fæða íbúa landsins, sem eru 23 milljónir, frá því á miðjum tíunda áratugnum þegar ljóstrað var upp um að landbúnaðarkerfi Norður-Kóreu, sem stjórnað er af yfirvöldum, væri hrunið. Í kjölfarið létust um tvær milljónir manna úr hungri. ■


MYND/AP

**Á LEIKSKÓLANUM** Matvælahjálp Sameinuðu þjóðanna brauðfæðir um þrjár milljónir Norður-Kóreubúa árlega.



**LITUR OG STÆRÐ** Brögð eru að því að fólk hafi ruglað saman Spánarsnigli annars vegar og brekkusnigli og svartsnigli hins vegar. Einkenni Spánarsnigilsins eru rauði liturinn og stærðin.

Fólk hefur augun hjá sér vegna Spánarsnigils:

# Sniglatilkynningar streyma inn

**DÝRALÍF** „Ég er búinn að fá fullt af sniglatilkynningum,“ segir Erling Ólafsson dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, spurður um hvort spánarsnigillinn illræmdi hefði látið á sér kræla hér á landi í sumar. Erling segir að sem betur fer hafi verið um að ræða svartsnigla og venjulega brekkusnigla í öllum þeim tilvikum sem tilkynnt hefði verið um.

„Það er til ein brekkusnigilstegund sem er nokkuð stór, þótt hún sé ekki nema brot af stærð spánarsnigilsins. Þessi tegund er ljósbrún á lit. Svo eru menn að kveikja á stærðinni á svartsniglinum en gleyma að líta á litinn, en Spánarsnigillinn er rauður,“ segir Erling og kveðst ekki harma að sá síðarnefndi hefði ekki fundist enn í ár.

Spánarsnigillinn er skaðræðisskepna þar sem hann er landlægur, til að mynda á hinum Norðurlöndunum. Hann leggst á ýmiss konar gróður, svo sem kál og kartöflukál, og skilur eftir sig sviðna jörð. Hann er rauðbrúnn að lit, mjög stór, allt upp í 12-15 sentímetra langur. Tveir spánarsniglar hafa fundist í Reykjavík, annar í fyrra en hinn árið þar áður.

- jss

Japanir minnast kjarnorkuárása:

# Hvetja til eyðingar kjarnorkuvopna

**NAGASAKI, AP** Þúsundir komu saman í miðborg Nagasaki í gær til að minnast þess að sextíu ár eru liðin frá því að Bandaríkjamenn létu kjarnorkusprengju falla á borgina og innsigluðu þar með ósigur Japana í síðari heimstyrjöldinni.

Alls létust 80 þúsund manns í sprengingunni en þremur dögum áður höfðu um 140 þúsund manns látið lífið í kjarnorkusprengingu í Hiroshima.

Borgarstjóri Nagasaki Iccho Itoh gagnrýndi stjórnvöld þeirra ríkja sem búa yfir kjarnorkuvopnum. Forsætisráðherra Japana Junichiro Koizumi hét því í ræðu sinni að hann myndi hvetja til eyðingar kjarnorkuvopna. ■



**FRÁ MINNINGARATHÖFN Í NAGASAKI** Þúsundir komu saman í Nagasaki í gær til að minnast þess að sextíu ár eru liðin frá kjarnorkuárás Bandaríkjamanna.



Norðmenn uggandi:

## Hermannaveiki greinist á ný

**NOREGUR** Hermannaveiki er komin upp á ný á Østfold-fylki sunnan við Ósló en yfirvöld hafa staðfest að tveir menn séu smitaðir af legion-ellu-bakteríunni

Annar hinna smituðu er fimmtugur maður frá Sarpsborg en hinn er áttræður og býr í Fredrikstad. Sá fyrrnefndi kenndi sér raunar fyrst meins í leyfi í Bandaríkjunum og því er ekki útilokað að hann hafi smitast þar. Sá áttræði hafði hins vegar hvergi farið.

Að sögn norska ríkisútvarpsins er helst talið að bakterían komi úr Borregaards-kæliturninum í Sarpsborg en hann var smituppsprettan í faraldrinum á svæðinu í vor. **- shg**

Ný könnun á líknardrápum í Hollandi:

# Um tíu prósent hætta við

**CHICAGO, AP** Einn af hverjum átta fullorðnum sjúklingum í Hollandi sem sótt höfðu um aðstoð við að binda enda á eigið líf ákvað að láta ekki verða af því. Þetta kemur fram í nýrri könnun á líknardrápum í Hollandi, sem var fyrsta landið til þess að lögleiða líknardráp fyrir fólk sem liggur fyrir dauðanum.

Könnunin náði til tæplega fjögur hundruð hollenskra lækna og voru þeir beðnir um að lýsa líknardrápsbeiðnum sem þeim höfðu borist. Meira en helmingur þeirra hafði enga beiðni fengið meðan aðrir höfðu fengið fleiri en eina. Samtals reyndust beiðnirnar rúmlega 2.500 talsins og var orðið við þeim í nær helmingi tilfella.

Meginástæður þess að líknardráp var ekki framið var að sjúklingurinn lést áður en til líknardráps kom eða að ferli vegna þess var enn í gangi. Beðni um líknardráp var auk þess hafnað í tólf prósentum tilfella, en helstu ástæður sem læknar nefndu fyrir höfnuninni var sú að fólk kvaðst heldur vilja deyja en vera byrði á fjölskyldu sinni eða sagðist þreytt á lífinu, frekar en að sjúkdómur ylli því óbærilegum kvölum. ■



MYND/GETTY

**DAUÐINN FRAM UNDAN** Holland var fyrsta landið til þess að lögleiða líknardráp.



**Á SKÓLABEKK** Margir óttast að íslamskir skólar séu notaðir til þess að ala á sundrungu og hatri, meðal annars pakistönsk stjórnvöld sem hafa fyrirskipað að nokkrir slíkir skólar í landinu skulu leystir upp. Erfitt er þó að ímynda sér að peyjarnir í Jamia Islamia-skólanum í Karachi fáist við nokkurt misjafnt, nema þá helst hefðbundin strákapör.

Makedónskur eiginmaður:

## Gleymdi konunni

**RÓM** Makedónskur maður skildi eiginkonu sína eftir á ítalskri vegamiðstöð og uppgötvaði ekki að hann hefði ekið af stað án hennar fyrr en sex klukkustundum síðar.

Hjónin voru á ferð ásamt fjögurra ára dóttur sinni og stöðvuðu ferð sína til þess að taka bensín, að því er segir á fréttavef CNN. Þar fór konan út úr bifreiðinni til þess að fara á salerni án þess að eiginmaður hennar tæki eftir því.

Konan hafði hvorki á sér fjármuni né persónuskilríki og hafði því samband við lögreglu, sem tókst loks að finna manninn í Mílanó. Hann gaf þá skýringu að kona hans sæti alltaf í aftursætinu og hann yrði hennar því ekki var. ■

Öflugur vatnsstrokkur:

## Bátum rigndi yfir bæinn

**DANMÖRK** Vatnsstrokkur kom upp að strönd bæjarins Holbæk á norðanverðu Sjálandi á mánudaginn og olli nokkru tjóni. Hrifsaði hann báta til sín og þeytti þeim tugi metra upp í loftið. Bátarnir hröpuðu svo til jarðar í nágrenninu, meðal annars fór einn í gegnum húsþak fimmtíu metra frá höfninni.

Lögregla sagði í samtali við sjónvarpsstöðina TV2 að engin meiðsl hefðu orðið á fólki.

Vatnsstrokkar verða til þegar skýstrokkar nema við sjávarborðið og soga upp sjó. Slík fyrirbrigði eru sjaldgæf í Danmörku. ■

Ósáttur við Mugabe:

## Bóndi brjálast

**SIMBABVE** Hvítur bóndi sem var gert að fara af jörð sinni vegna stefnu Roberts Mugabe forseta um að færa jarðir hvítra manna til svartra þegna landsins, varð svo illur að hann eyðilagði 300 hektara ræktarlands áður en hann fór.

Mannsins er nú leitað en jörð hans var færð í eigu sendiherra Simbabve í Kína á sínum tíma. Bóndinn fékk ákveðinn tíma til að koma sér burt og notaði tímann til að senda bústofn sinn allan til beitar á besta ræktarlandinu, með þeim afleiðingum að engin uppskera verður þar næstu misserin. ■







„ORÐRÉTT“

*„Íslenskar landbúnaðarvörur eru í þessum flokki og þær eru mjög fituríkar.“*

PÉTUR BLÖNDAL ALÞINGISMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Ég fæddist þarna í hornherberginu.“*

PÁLMI GESTSSON LEIKARI Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? DRÖFN ÞÓRISDÓTTIR ÚTGÁFUSTJÓRI EDDU

## Íslendingar hafa áhuga á fuglum



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það var greinilega beðið eftir henni,“ segir Dröfn Þórisdóttir útgáfustjóri Eddu, um bókina Fuglar í náttúru Íslands eftir Guðmund Pál Ólafsson en hún kom út í síðustu viku og hefur hlotið góðar viðtökur.

Bókin er glæsileg eins og önnur verk Guðmundar Páls og salan hefur farið vel af stað. „Ég held að Íslendingar hafi alltaf meiri og meiri áhuga á fulgaskoðun og fuglum almennt,“ segir Dröfn, sem sjálf hefur gaman að því að skoða fugla og þá ekki síst endur.

Bækur koma út allan ársins hring hjá Eddu en septemberútgáfan verður óvenju glæsileg að þessu sinni og helgast af bókmenntahátíðinni sem þá er haldin í Reykjavík.

„Það er von á nokkrum höfundum og af því tilefni verður heilmikil veisla.“ Dröfn segir bókmenntahátíðina lyftistöng fyrir bókaheiminn á Íslandi og hlakkar til þess að berja rithöfundana, sem margir eru heimsfrægir, augum.

Starfs síns vegna les Dröfn fjölda bóka á hverju ári og oftast með augum útgefandans. Nú um stundir les hún bók sem væntanleg er í verslanir á haustdögum. Hún nefnist Skuggi vindsins og er að sögn í anda Í nafni rósarinnar eftir Umberto Eco. ■

ÁSTKÆRA YLHÝRA

## Snuður á þræðinum

Snurða er orð sem fæstir taka sér í munn á hverjum degi, en það merkir hnökri á þræði. Að snurða sé hlaupin á þráðinn merkir þannig að vandamál hafi komið upp, einhvers konar Þrándur í Götu. Sögnin að snuðra merkir hins vegar að ganga þefandi um, eins og sporhundur, og er ekkert skyld snurðunni þótt hún sé hljóðfræðilegur nágranni. Það má kannski hugsa sér síhnusandi tík, sem dregur af því nafn, hlaupa með trýnið á bandspotta og segja að Snuðra hafi hlaupið á þráðinn, en það er í langsóttara lagi. Snurða hleypur á þráðinn.

magnus@frettabladid.is

Óvenjulegar veiðar í Skagafirði:

## Hafsíld húkkuð á færi

Jón Eiríksson, Drangeyjarjarl og skipstjóri hjá Drangeyjarferðum, var heldur betur hissa þegar leiðsögumaður fjögurra manna ferðamannahóps húkkaði hafsíld um borð í skip hans á dögunum.

„Það hefur nú ekkert orðið vart við síld hérna og mér fannst skrítið að hann skyldi veiða þetta á færi,“ segir Jón hressilega en síldin góða veiddist rétt fram af Hafnargarðinum. Hann telur ekki víst að þetta sé til marks um að síldin sé að koma aftur. „Ég sá nú ekki vaðandi síld en það lóðaði þarna talsvert,“ segir Jón, sem veit til þess að síld hafi veiðst á færi en ekki í seinni tíð.

„Hvort þetta er Norðansíldin skal ég ekki segja um enda fannst mér hún heldur lítil til þess,“ segir Jón, sem gladdist mjög að sjá síld í Skagafirði því hún hefur varla sést vaðandi þar síðan árið 1950. „Þá var mikið af henni og svartur sjór stundum,“ segir Jón en hann man til þess að hafa talið 73 síldarskip í firðinum þegar hann var ungur drengur á fjórða áratugnum.



**HÚKKAÐA HAFSÍLDIN** Jón Drangeyjarjarl telur ólíklegt að síldin sé hin víðfræga Norðansíld, til þess sé hún of smá. Hann man þá tíð hins vegar er 73 síldarskip voru við síldveiðar á Skagafirði.

„Maður fær smá fiðring þegar maður sér svona,“ segir Jón hlæjandi en segist þó engin vísindamaður í síldinni.

- sgi






**LITLA STÖÐIN MEÐ STÓRA HJARTAÐ** XA radíó er eina tólf spora útvarpsstöðin í heiminum en Íslendingar hafa í hyggju að starfrækja slíka stöð í Danmörku.

## Minnsta útvarpsstöðin hefur stærsta hjartað

**XA radíó er útvarpsstöð sem varpar út boðskap tólf spora kerfisins. Hún hefur verið starfrækt í nær tvö og hálft ár og reynst mörgum vel.**

Það var með XA radíó eins og svo margt annað í veröldinni að hugmyndin kviknaði í kolli eins manns og þótti slæm í fyrstu. Hann lét þó ekki deigan síga heldur efldist við andstreymið og tveimur vikum síðar var stöðin komin af stað. Þegar ljóst var að hugmyndin var ekki slæm heldur þvert á móti góð komu aðrir til hjálpar og síðan hefur tæpur tugur manna komið beint að starfseminni og annar tugur veitt aðstoð.

„Margir hafa látið vita að þeir hlusti og líki efnið vel,“ segir einn þeirra er koma að starfseminni. Hann bætir raunar við að mörgum þyki skorta á að efnið sé endurnýjað en endurtekningar eru tíðar á stöðinni.

Dagskrá XA radíó samanstendur af ræðum fyrirlesara frá Bandaríkjunum og upplestri úr AA-bókunum. Efninu er ætlað að höfða til allra sem lifa eftir tólf spora kerfinu, ekki bara þeirra sem glíma við alkóhólisma. Ræðurnar eru fluttar á ensku og þurfti sérstakt leyfi Útvarpsréttarnefndar til að fá að útvarpa þeim því gert er ráð fyrir að efni á íslenskum útvarpsstöðvum sé á íslensku.

Umfang XA radíó er smátt í sniðum. Efni er hlaðið niður í tölvu í miðborg Reykjavíkur og því veitt í aðra tölvu í Breiðholti. Þaðan er það sent í sendinn á Vatnsendahæð, sem svo varpar því í viðtækin. Útsendingarnar nást á höfuðborgarsvæðinu, vestur á Snæfellsnes og suður á Reykjanes. Vonir standa til að hægt verði að stækka útsendingarsvæðið og er helst horft til Akureyrar og nágrennis í þeim efnum. XA radíó er rekið með hliðstæðum hætti og AA-deildir. Peningum er einvörðungu aflað til rekstrarins sjálfs, enginn afgangur á að verða – enginn hagnaður. Um eitt hundrað félagar leggja rekstrinum til peninga mánaðarlega og nema framlögin frá 200 og upp í 2.000 krónur.

XA radíó er ekki einasta einstök útvarpsstöð á Íslandi því hún á sér ekki fyrirmynd í heiminum. Hún gæti hins vegar orðið fyrirmynd sambærilegrar útvarpsstöðvar í Danmörku þar sem íslenskir eldhugar hafa í hyggju að koma slíkri stöð á fót – alkóhólistum og öðru tólf spora fólki til hagsbóta.

bjorn@frettabladid.is


SPARI DAGAR
2005
3.–20. ágúst
...í fjórum verslunum
og hjá umboðsmönnum
Pioneer
Tilboðsverð:
Kr. 33.900
PIONEER DCS-232
HEIMABÍÓ
Pioneer
PIONEER DV-370
DVD SPILARI
Tilboðsverð:
Kr. 9.900
Nintendo
NINTENDO DS
Tilboðsverð:
Kr. 12.900
Pioneer
Tilboðsverð:
Kr. 17.900
Með ísetningu
PIONEER DEH-1700
BÍLAÚTVARP
Pioneer
PIONEER VSX-D714S
MAGNARI
Tilboðsverð:
Kr. 39.900
15-40%
afsláttur
Tilboðsverð:
Kr. 29.900
BEKO
28˝ SJÓNVARP
SAMSUNG
Tilboðsverð:
Kr. 16.900
SAMSUNG DVDV5450
VIDEO OG DVD SPILARI
Tilboðsverð:
Kr. 74.900
SHARP
SHARP LC-20SH1E
LCD VEGGSJÓNVARP
Nikon
Tilboðsverð:
Kr. 33.900
NIKON COOLPIX 7600S
STAFRÆN MYNDAVÉL
7.1 milljón punkta
Tilboðsverð:
Kr. 24.900
OLYMPUS
OLYMPUS C760
STAFRÆN MYNDAVÉL
3.2 milljón punkta
SAMSUNG
SAMSUNG LW-17M24C
17˝ LCD
VEGGSJÓNVARP
Tilboðsverð:
Kr. 69.900
AEG
Tilboðsverð:
Kr.159.000
NÝJA ÍSLENSKA
ÞVOTTAVÉLIN
OG ÞURRKARINN
TEFAL
Tilboðsverð:
Kr.2.990
Tilboðsverð:
Kr.3.990
TEFAL
AEG
Tilboðsverð:
Kr.2.990
Tilboðsverð:
Kr.6.990
TEFAL
AEG
Tilboðsverð:
Kr.8.990
AEG MATVINNSLUVÉL
Tilboðsverð:
Kr.8.490
AEG ÖRBYLGJUOFN
Tilboðsverð:
Kr.8.990
AEG Turbo T2 rauð/svört
RYKSUGA 1600 W
TEFAL
25%
AFSLÁTTUR
Emile Henry
30%
AFSLÁTTUR
www.ormsson.is
ORMSSON
LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
● Öll tækin í eldhúsið og þvottahúsið
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800
● Hljómtækin, sjónvörpin og allar hinar græjurnar
SMÁRALIND
Sími 530-2900
● Allt úrvalið í Ormsson Smáralind
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
● Allt úrvalið í Radíónaust
Opið í Lágmúla 8 og Síðumúla 9 virka daga frá kl. 9-18, laugard.frá kl. 11-15. Opið í Smáralind virka daga frá kl. 11-19 , laugard.frá kl. 11-18, sunnud.frá kl. 13-18
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu


SPARI DAGAR
2005
3.–20. ágúst
...í fjórum verslunum
og hjá umboðsmönnum
Pioneer
Tilboðsverð: Kr. 33.900
PIONEER DCS-232
HEIMABÍÓ
Pioneer
PIONEER DV-370
DVD SPILARI
Tilboðsverð: Kr. 9.900
Nintendo
NINTENDO DS
Tilboðsverð: Kr. 12.900
Pioneer
Tilboðsverð: Kr. 17.900
Með ísetningu
PIONEER DEH-1700
BÍLAÚTVARP
Pioneer
PIONEER VSX-D714S
MAGNARI
Tilboðsverð: Kr. 39.900
15-40% afsláttur
Tilboðsverð: Kr. 29.900
BEKO
28˝ SJÓNVARP
SAMSUNG
Tilboðsverð: Kr. 16.900
SAMSUNG DVDV5450
VIDEO OG DVD SPILARI
Tilboðsverð: Kr. 74.900
SHARP
SHARP LC-20SH1E
LCD VEGGSJÓNVARP
Nikon
Tilboðsverð: Kr. 33.900
NIKON COOLPIX 7600S
STAFRÆN MYNDAVÉL
7.1 milljón punkta
Tilboðsverð: Kr. 24.900
OLYMPUS
OLYMPUS C760
STAFRÆN MYNDAVÉL
3.2 milljón punkta
SAMSUNG
SAMSUNG LW-17M24C
17˝ LCD
VEGGSJÓNVARP
Tilboðsverð: Kr. 69.900
AEG
Tilboðsverð: Kr.159.000
NÝJA ÍSLENSKA
ÞVOTTAVÉLIN
OG ÞURRKARINN
TEFAL
Tilboðsverð: Kr.2.990
Tilboðsverð: Kr.3.990
TEFAL
AEG
Tilboðsverð: Kr.2.990
Tilboðsverð: Kr.6.990
TEFAL
AEG
Tilboðsverð: Kr.8.990
AEG MATVINNSLUVÉL
Tilboðsverð: Kr.8.490
AEG ÖRBYLGJUOFN
Tilboðsverð: Kr.8.990
AEG Turbo T2 rauð/svört
RYKSUGA 1600 W
TEFAL
25%
AFSLÁTTUR
Emile Henry
30%
AFSLÁTTUR
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu
www.ormsson.is
ORMSSON
LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
• Öll tækin í eldhúsið og þvottahúsið
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800
• Hljómtækin, sjónvörpin og allar hinar græjurnar
SMÁRALIND
Sími 530-2900
• Allt úrvalið í Ormsson Smáralind
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
• Allt úrvalið í Radíónaust
Opið í Lágmúla 8 og Síðumúla 9 virka daga frá kl. 9-18, laugard.frá kl. 11-15. Opið í Smáralind virka daga frá kl. 11-19 , laugard.frá kl. 11-18, sunnud.frá kl. 13-18

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Fjölmörg ríki hafa þegar lýst stuðningi sínum við framboð Íslands til setu í Öryggisráðinu.

## Íslendingar verða að ákveða sig

Senn líður að því að kosningabaráttan um setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2009-2010 hefjist fyrir alvöru. Íslendingar hafa sem kunnugt er tilkynnt að þeir sækist eftir sæti í ráðinu, og var sú ákvörðun formlega tilkynnt árið 1998. Venjan hefur verið sú að norrænu ríkin styðja hvert annað þegar um er að ræða setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og þannig hafa Íslendingar margoft stutt aðrar Norðurlandaþjóðir í þessum efnum, og lagt sitt lóð á vogarskálarnar til þess að viðkomandi ríki fái þar sæti. Formleg tilkynning um framboð Íslands var enda gefin á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í tíð Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra, þar sem hann talaði í nafni ríkisstjórnarinnar undir forsæti Davíðs Oddssonar, núverandi utanríkisráðherra.

Það liggur fyrir að hefðu Íslendingar ekki tilkynnt um áhuga sinn á setu í Öryggisráðinu árið 1998 hefði röðin verið komin að Finnum að sækjast eftir setu í ráðinu. Íslendingar hefðu þá að sjálfsögðu stutt þá til setu í ráðinu eins og áður, og síðan átt þess kost að freista þess síðar að fá sæti í ráðinu, þegar hið svokallaða Norðurlandasæti yrði laust á ný.

Í vetur komu fram efasemdaraddir um að Íslendingar ættu að standa við framboð sitt til setu í Öryggisráðinu, og voru þar á ferð flokksmenn núverandi utanríkisráðherra. Ýmsir tóku undir sjónarmið efasemdarmannanna, en segja má að þá hafi verið orðið of seint að snúa til baka, ef Íslendingar ætluðu að halda andlitinu í alþjóðasamstarfi, og þá sérstaklega í samstarfi á vettvangi Norðurlandanna. Finnar myndu taka það mjög óstinnt upp við Íslendinga ef þeir hættu við framboðið. Finnar hafa mjög verið að sækja í sig veðrið á alþjóðasviðinu á undanförnum árum og lagt mikið upp úr því að vera þar í sviðsljósinu. Það hefur verið eftir því tekið innan Evrópusambandsins hvað Finnar hafa lagt sig í framkróka með að standa sig í stykkinu þegar kemur að ábyrgðarstöðum og forystu innan þess.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Íslendingar hafa tryggt sér þriðjung þeirra atkvæða sem þarf til að hljóta sæti í Öryggisráðinu. Tekið hefur verið upp stjórnmálasamband við fjölmörg ríki á undanförnum mánuðum, samtals 54 á tæplega tveimur árum. Sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefur borið hitann og þungann af því starfi sem þessu fylgir ásamt stjórnarerindrekum í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík.

Verulegur kraftur hefur þó enn ekki verið settur í kosningabaráttuna að því er séð verður, og því er mikið verk enn óunnið á þessum vettvangi. Þeim sem tóku ákvörðun um framboðið á sínum tíma hlýtur að hafa verið ljóst að því fylgdi töluverður kostnaður. Ef Íslendingar ætla ekki að snúa við í miðri á og halda aftur til sama lands hlýtur að vera gert ráð fyrir fjárveitingum til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi næsta árs, sem lagt verður fram eftir tæpa tvo mánuði. Skömmu áður verður leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna haldinn í New York, og þá þarf það að liggja alveg ljóst fyrir hvernig þessum málum verður háttað.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framboð umfram eftirspurn

Þær fréttir berast að Árni Páll Árnason héraðsdómslögmaður hafi verið duglegur undanfarið við að kanna jarðveg fyrir hugsanlegu framboði sínu á lista Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi fyrir næstu þingkosningar. Árni Páll er sagður hafa hringt í fjölda fólks og kannað hug þess til framboðs síns. Kunnugir segja undirtektir flestra vera á þá leið að framboðið sé umfram eftirspurn. Árni Páll hefur lengi verið samverkamaður Össurar Skarphéðinssonar, fyrrum formanns Samfylkingar, og hafa menn lengi búist við framboði hans. Spurning hvort dræm viðbrögð við hugsanlegu framboði Árna Páls séu í takt við fallandi fylgi eins helsta samherja hans.

### Ánægður með viðbrögðin



Einar K. Guðfinnsson vakti mikla athygli um síðustu helgi þegar hann ritaði grein í Morgunblaðið og mælti til þess að vaxtabótakerfið væri lagt niður í núverandi mynd enda sé það ákaflega vont við núverandi ástæður. Vakti greinin mikla athygli og mikil viðbrögð. Viðbrögðin hafa glatt hann enda segir hann á heimasíðu sinni að þau hafi mestmegnis verið góð, nema hjá Alþýðusambandinu sem óttast að niðurfelling kerfisins skaði láglaunafólks. Einar ítrekar að hjá því megi komast með því að koma upp sparnaðarreikningum sem væru bundnir og leiddu ekki til efnahagslegrar þenslu, sem nú sé að rústa fyrirtækjum og stífla nýsköpun um land allt.

### Óvænt lausn skuldara

Ævintýrin í bókaútgáfu eru margvísleg. Þannig má lesa á vef Bjarts að óvenju skuldseigur áskrifandi að Neon-bókaröð útgáfunnar hafi komið á skrifstofu Bjarts til að gera upp skuld sína með óvenjulegum hætti. Sá hafi komið með 20 bækur, allar enn í plastinu og viljað skila þeim gegn niðurfellingu skuldarinnar. Þótti þeim skrýtið að áskrifandinn skyldi ekki hafa tekið meistaraverkin úr plastinu en töldu skýringuna þá að viðkomandi hefði komist í bækurnar hjá föður sínum sem er líka áskrifandi.

brynjolfur@frettabladid.is

# Heilagt hjónaband?



Í DAG
LÖGGJAFINN OG HJÓNABANDIÐ

ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Einnig hér sigraði það sjónarmið að hjónaband ætti að byggjast á ástinni og það væri réttur barna að vera alin upp við ástríki foreldra eða annarra aðstandenda og þá ekki spurt hvort þessir aðstandendur væru til dæmis tvær konur eða tveir karlar.*

Í Bandaríkjunum er svo hart deilt um rétt samkynhneigðra til þess að ganga í hjónaband, að liggur við að þjóðinni sé sundrað í tvo álíka stóra hópa. Trúarofstækismenn hafa hafið baráttu fyrir því að slíkt athæfi verði bannað í stjórnarskránni. Þeim er auðvitað jafnljóst og öðrum að nær ómögulegt er að knýja fram slíkt bann í stjórnarskrá, nema um það ríki víðtæk sátt meðal þjóðarinnar og vita vel að slík sátt er ekki fyrir hendi og verður ekki um fyrirsjáanlegan tíma. Með andstöðu sinni við þetta bæta þeir enn einu atriði við í því stríði, sem kallað hefur verið „cultural war", eða átök lífsskoðana. Fyrir eru á dagskrá þeirra barátta gegn lögleiðingu fóstureyðinga, takmörkun barneigna og notkun smokksins. Þáttur í þessari baráttu er krafa um skírlífi og takmörkun kynlífs við hjónabandið. Margir þessara hópa ofstækismanna eru jafnákafir baráttumenn fyrir ótakmarkaðri byssueign þegnanna og meðmæltir dauðadómum. Samt kenna þeir þessa baráttu sína við „helgi alls lífs" og virðingu fyrir því. Það nýjasta í þessari „menningarherferð" er að krefjast þess að sköpunarsaga biblíunnar fái jafnan sess ávallt þegar um þróunarkenninguna Darwins er fjallað í raunvísindakennslu skólanna. Bush forseti hefur lýst því yfir að um sé að ræða jafnréttháar „tilgátur"! Annar Texasbúi Tom de Lay, forsvarsmaður repúblikana í öldungadeild þingsins, hefur fullyrt að beint orsakasamband sé milli ódæðisverkanna í Columbine-skólanum, þar sem nokkrir piltar skutu skólasystkin sín til bana, og uppfræðslu um þróunarkenninguna í skólum!

Hver eru svo rök þessara ofstækismanna gegn því að fólk af sama kyni stofni til varanlegs sambands sín á milli? Fyrst auðvitað þau, að heilög ritning og önnur helgirit telji samkynhneigða andstyggð góðra manna og þá beri annað hvort að „lækna" af villu síns vegar ellegar útskúfa þeim úr mannlegu samfélagi, að minnsta kosti samfélagi trúaðra. Nú er það svo að hjónabandið á sér langa þróunarsögu, jafnvel eldri en trúarbrögðin. Frá upphafi er hjónabandið fyrst og fremst efnahagsleg stofnun, sem miðar að því að tryggja afkvæmum fjárhagslegt öryggi, svo að vöxtur og viðgangur ættarinnar sé tryggður í kynslóðanna rás. Það þótti svo vissara að tryggja þessa stofnun enn frekar „fyrir augliti guðs" og leit kirkjan þá svo á að sambandið væri órjúfanlegt ævilangt.

En á 19. öld óx þeirri skoðun fylgi, og varð smám saman alráðandi, að þetta samband ætti ekki að byggjast á fjárhagsforsendum heldur ást milli einstaklinganna. Þá varð skammt í þá skoðun að um leið og ástin hyrfi brysti grundvöllur sambandsins og því yrði að leyfa hjónaskilnaði. Nú er reyndar svo komið í flestum ríkjum Vesturlanda að raðhjónabönd eru algeng og börn úr mismunandi samböndum eru alin upp að meira eða minna leyti saman. Aðeins eru gerðar þær lágmarkskröfur af hálfu samfélagsins að ást foreldranna á börnunum haldist gegnum þykkt og þunnt og að framfæri þeirra sé tryggt, þótt leiðir foreldranna skilji. Það eru því ekki samkynhneigðir sem hafa ó(mis,sví)virt „heilagt" hjónaband. Gagnkynhneigðir höfðu þegar slegið úr því botninn.

Við þekkjum vel úr Íslandssögunni að öreigum var meinað að eigast og ganga í hjónaband. Allt fram á fjórða áratug síðustu aldar var sveitarstjórnamönnum heimilt að leysa upp heimili fátæklinga og stía þeim í sundur hver á sína sveit – og látið óátalið af kirkjunni og kirkjunnarmönnum. Einnig hér sigraði það sjónarmið að hjónaband ætti að byggjast á ástinni og það væri réttur barna að vera alin upp við ástríki foreldra eða annarra aðstandenda – og þá ekki spurt hvort þessir aðstandandendur væru til dæmis tvær konur eða tveir karlar. Hví ætti börnum þá að vera óhollt að alast upp í ástríku sambandi tveggja samkynhneigðra? Er einhver ástæða til að halda að slík sambönd verði síður varanleg en sambönd gagnkynhneigðra eru í dag?

Það er því ánægjulegt að hér á landi hefur þetta mál ekki valdið teljandi ágreiningi. Hommar og lesbíur eru ekki lengur litin hornauga og neydd til að fara dult með kynhneigð sína. Þvert á móti. Réttindabarátta þeirra hefur snúist upp í eitt alls herjar karnival, sem allir telja sig mega taka þátt í. Hlutverk löggjafans á að vera það eitt að skapa öllum jafnan rétt til fjölskyldulífs – án tillits til kynhneigðar, efnahags og holdafars.

Stökktu til
Rimini
11. eða 18. ágúst frá kr. 29.990
Síðustu sætin

29.990 í viku
/ 39.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur (ath. 11. ágúst er aðeins tveggja vikna dvöl í boði). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

39.990 í viku
/ 49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur (ath. 11. ágúst er aðeins tveggja vikna dvöl í boði). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð til Rimini 11. ágúst í 2 vikur eða 18. ágúst í 1 eða 2 vikur. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Bókaðu sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.03 | 13.33 | 22.01 |
| AKUREYRI | 4.35 | 13.18 | 21.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## ferðir o.fl.

Skemmtisögur frekar en sannar sögur

BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 10. ágúst, 222. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Gummi ætlar að læra að lesa og skrifa í skólanum.

# Ætla að verða málningarmaður

***Guðmundur Sigurðsson, sex ára, byrjar í Melaskóla í haust.***

Guðmundur Sigurðsson er sex ára Vesturbæingur og hefur skólagöngu sína formlega í haust. „Ég held að það verði gaman að fara í skólann, það er alltaf gaman að leika,“ segir hann, þegar hann er spurður út í komandi skólagöngu. En heldur hann að hann læri eitthvað? „Ég held að ég læri að skrifa og lesa, ég kann ekki að skrifa og lesa. Og þess vegna þarf ég að fara í skóla.“ Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Gummi fer í fyrsta bekk þar sem hann var líka í fyrsta bekk í leikskólanum sínum. „En í skólanum fer ég næst í annan bekk og svo þriðja og svo fjórða. Ég held að það verði skemmtilegast í frímínútum.“ Hann mun stunda nám í Melaskólanum ásamt vinum sínum en þeir verða fjórir saman: hann, Kristján, Snorri og Siggi. „Ekki samt pabbi sem heitir líka Siggi.“

Mamma hans Gumma er frá Taílandi en hann hefur ekki trú á því að hann eigi eftir að læra taílensku í Melaskólanum. „Enda er það allt í lagi, ég kann alveg taílensku,“ segir hann og sýnir blaðamanni stafinn sinn G skrifaðan bæði á taílensku og íslensku. „Á taílensku gerir maður svona kringlóttan snúð á stafina.“ Gummi á eina stóra systur. „Við stríðum hvort öðru soldið en hún er líka stundum smá góð við mig.“

Gummi hefur mjög gaman af því að hjóla og spila fótbolta. „Stundum hitti ég í boltann og ég er líka fljótur að ná honum. Hæ, Palli,“ segir Gummi enda umvafinn vinum á leikskólanum þar sem við tökum myndirnar. Hann veit alveg hvað hann ætlar að verða þegar hann verður stór. „Ég ætla að verða málningarmaður. Pabbi minn hefur verið að hjálpa mér að byggja kofa úr kössum og ég fæ að mála hann.“

Gummi gerir sér grein fyrir alvöru þess að byrja í skólanum. „Auðvitað þarf ég að æfa mig að lesa því ég kann það ekki enn þá. Þá get ég lesið það sem þú ert að skrifa, viðtal við mig í blaðið.“

*-BB*

## LIGGUR Í LOFTINU

*í ferðum*

**Berjadagar** verða haldnir á Ólafsfirði um næstu helgi. Þessi tónlistarhátíð er búin að festa sig í sessi í íslensku tónlistarlífi og hafa eflaust margir beðið eftir henni í allt sumar. Á upphafstónleikum hátíðarinnar leikur strengjasveit Berjadaga í fyrsta sinn en meðal annarra uppákoma eru til dæmis flutningur barnaóperunnar Undir drekavæng og úrval einleikstónleika.

**Flugeldasýningin** verður haldin á Jökulsárlóni á laugardaginn. Sýningin er árlegur viðburður og hefur oftast verið haldin um verslunarmannahelgina en var seinkað í ár, meðal annars til að ná fram alvöru myrkri svo flugeldarnir fái að njóta sín. Allir eru velkomnir að sjá flugeldana njóta sín í umhverfi sem er engu líkt.



**Hreindýraveiðar** eru í fullum gangi en þær hófust 1. ágúst og standa til 15. september. Á vefnum hreindyr.is er að finna margs konar upplýsingar um veiði á hreindýrum og upptalningu á leiðsögumönnum sem geta farið með í veiðiferðir. Þar kemur meðal annars fram að búið er að veiða ívið færri dýr í ár en á sama tíma og í fyrra.

*ferdir@frettabladid.is*

Amerísk gæði í Garðabæ




Jeep Grand Cherokee 2005

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN.VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN.VERKSMIÐJUÁBYRGÐ





Chrysler 300 Verð frá kr. 3.990.000.-

Sýningarbíll á staðnum

- Eigum á lager nokkra Chrysler 300C
- Bíll ársins 2005 í USA.
- Hæsta einkunn í árekstrarprófum 5 stjörnur, samkvæmt EURONCAP

Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801 - Smiðsbúð 2 - 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduðvinnubrögð

DODGE Jeep CHRYSLER Mercedes-Benz MASERATI

www.studiobilar.is

**Námskeið**
Skoðaðu tímanlega hvaða námskeið eru í boði í vetur. Fátt er meira svekkjandi en að missa af spennandi námskeiði bara af því að maður skráði sig of seint eða rakst ekki á auglýsinguna fyrr en námskeiðið var byrjað.



**Viltu nýta sumarið til góðra verka?**
**...næsta námskeið hefst 4. ágúst**
Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans er hafin á www.h.is og í síma 586-9400
HRAÐLESTRARSKÓLINN

Gleraugnaverslunin SjónarhÓll



stærri verslun
meira úrval
frábær tilboð
Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði S.565-5970
w w w . s j o n a r h o l l . i s

*Vertu betri - farðu á tölvunámskeið*
**15% haustafsláttur - bara í ágúst**
Tryggðu þér sæti hjá okkur í ágúst á lægra verði en almennt býðst og fáðu stéttarfélagið* þitt til þess að taka þátt í dæminu með þér.

| Námskeið | Lengd | Listaverð | Gott tilboð |
|---|---|---|---|
| Access I: Almenn gagnagrunnsgerð | 22 std | ~~25.900~~ | 22.000 |
| DreamWeaver MX vefsíðugerð | 22 std | ~~29.900~~ | 25.400 |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 22 std | ~~22.500~~ | 19.100 |
| Fingrasetning - tölvuvélritun | 4 std | ~~6.900~~ | 5.900 |
| Freehand | 22 std | ~~31.900~~ | 27.100 |
| Internetið frá A til Ö | 9 std | ~~10.900~~ | 9.300 |
| Photoshop ljósmyndir og myndvinnsla | 22 std | ~~26.900~~ | 22.900 |
| Publisher | 13 std | ~~16.900~~ | 14.400 |
| Stafræn ljósmyndun | 13 std | ~~16.900~~ | 14.400 |
| Front Page 2003 vefsíðugerð | 22 std | ~~22.500~~ | 19.100 |
| Windows XP fyrir byrjendur | 9 std | ~~10.900~~ | 9.300 |
| Windows, Word og Internetið | 31 std | ~~22.500~~ | 19.100 |
| Word I: Almenn ritvinnsla | 22 std | ~~22.500~~ | 19.100 |

* Flest stéttarfélög styðja félaga sína til náms hjá okkur.
**Tölvuskóli TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000 – eða líttu við á www.tv.is**
www.tv.is
PEARSON VUE Authorised Centre
Microsoft Certified Partner
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

**Tilbúnir innkaupalistar fyrir 1.-10. bekk**



**Hagkvæmt og einfalt að versla á www.skola.is**
Skólavörubúðin
Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is



Þótt enn sé sumar iðar Háskóli Íslands af lífi.

# Sívinsæl sumarpróf í Háskóla Íslands

***Próf í sifja- og erfðarétti, utanríkisverslun og stofnerfðafræði eru einungis lítið brot af þeim fjölda prófa sem haldinn verður í sumarprófatörn HÍ. Sum próf þreyta margir tugir nemenda en önnur eru haldin fyrir einn stakan nemanda.***

Tími sumarprófana er að renna upp og margir stúdentar sitja því sveittir fram á nætur við upplestur á námsefni vetrarins. Að sögn Hreins Pálssonar, prófstjóra í Háskóla Íslands, losa sumarprófin að þessu sinni 3.200 próftökur en sumarpróf eru haldin við skólann á hverju ári í ágústmánuði.



Hreinn Pálsson er prófstjóri í Háskóla Íslands.

„Sumarpróf eru hugsuð sem sjúkrapróf því það getur hent alla að veikjast á próftíma. Þau eru líka upptökupróf því það væri mjög óeðlilegt ef enginn félli á prófum við HÍ. Það væri til marks um að eitthvað væri verulega mikið að hjá okkur,“ segir Hreinn. Sumarprófin geta líka verið valmöguleiki því brögð eru að því að nemendur fresti prófum til að geta búið sig betur undir önnur og svo fá alltaf nokkrir framúrskarandi nemendur leyfi til að fara í sumarpróf til að flýta fyrir sér í námi.

Í ár voru 588 próf skráð til að byrja með en þeim hefur fækkað niður í 551 vegna þess að í nokkrum tilfellum hafa þeir einu sem skráðir voru í prófið sagt sig úr því. „Þegar við skoðum þessi 551 próf sem eftir standa eru hvorki meira né minna en 137 þar sem einungis einn nemandi er til prófs,“ segir Hreinn og bætir við að þótt Háskóli Íslands sé stór sinni hann líka smáum verkefnum.

Samkvæmt lauslegri athugun blaðamanns á heimasíðu HÍ kemur í ljós að flestir virðast vera skráðir í kúrsinn Reikningshald II – fjárhagsdagbók, eða 63 stúdentar. Í nokkur próf eru skráðir um fjörutíu próftakendur, til dæmis Inngangur að stjórnmálafræði, Sifja- og erfðaréttur og Rekstrarhagfræði II, en færri í önnur próf. Þegar rennt er yfir listann eru einstaklingsprófin áberandi og má tína til fjölda slíkra kúrsa, til dæmis Skáldsagnagerð í Rómönsku Ameríku, Stofnerfðafræði, Utanríkisverslun og Hagnýt gagnasöfn.

**SUMARPRÓF 2005 Í TÖLUM**

3.200 próftökur
588 próf skráð fyrst
551 próf verður haldið
137 próf þar sem einn nemandi er skráður

# Hlaut stóran styrk til rannsókna

***Þorbjörg Hróarsdóttir prófessor fékk nýlega um 60 milljóna króna styrk frá Vísindaráði Noregs til málvísindarannsókna.***

Þorbjörg hefur í tíu ár starfað við háskólann í Tromsø í Noregi þar sem hún býr með manni sínum, Jóni Viðari Jónssyni byggingaverkfræðingi, og tveimur ungum dætrum þeirra. Síðustu fimm árin hefur hún verið prófessor við málvísindadeildina en rannsóknarverkefnið sem hún vinnur að nefnist Syntactic Architecture eða Setningafræðilegur arkitektúr. Aðspurð segir hún meginmarkmið þess að rannsaka nýlegar setningafræðilegar kenningar, meðal annars hvað þær eigi sameiginlegt og hvar þær greini á. „Meðal annars munum við reyna að svara því hvaða ályktanir megi draga af kenningum um mállýskur, málbreytingar og máltöku barna,“ lýsir hún. Þorbjörg segir forníslensu aðeins koma við sögu í verkefninu því þar megi finna flóru mismunandi setningaskipunar. „Annars verður áhersla lögð á samanburð á skandinavísku tungumálunum, ensku, þar af forn-, mið- og nútímaensku, þýsku, hollensku og afrikaans, svo einhver mál séu nefnd,“ útskýrir hún. Styrkurinn fjármagnar rannsóknarstöðu fyrir hana í sex ár, tækjakostnað, ráðstefnukostnað og ferðalög.

Þorbjörg byrjaði í doktorsnámi í upphafi árs 1996 og lauk doktorsprófi aðeins rúmum þremur árum seinna. Hún segir málvísindadeildina í Tromsø af mörgum vera viðurkennda sem nafla heimsins. Nýlega hafi deildin fengið tvær mjög stórar viðurkenningar og hún hafi verið svo heppin að eiga hlut að þeim báðum. „Hér er sífellt stækkandi hópur málvísindafólks og það er frábært að fá að starfa mitt í þessari flóru,“ segir hún.



Þorbjörg fær byr undir báða vængi með hinum veglega styrk frá Vísindaráðinu.



Edda Huld segir reynt að láta börnin ekki vera með of létt verkefni heldur mæta þeim þar sem þau eru stödd, bæði í lestri og öðru.

# Barnið á að halda því forskoti sem það hefur

***Eitt af undirstöðuatriðum skólastarfsins er að kenna nemendunum lestur. Sum börn eru hins vegar orðin læs áður en skólagangan hefst. Hvernig skyldi menntakerfið bregðast við því?***

„Barn sem kemur með ákveðið forskot inn í skóla á að halda því líka þegar það fer úr skólanum. Maður má ekki sitja á barninu og toga hin að því, heldur verður það að fá að halda því forskoti sem það hefur,“ segir Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Ísaksskóla. Hún segir þau börn sem orðin eru læs þegar þau koma í skólann fá vinnubækur og önnur verkefni til að leysa meðan verið sé að kenna hinum að þekkja stafina. Oftast langi þó læsu börnin að hlusta á söguna sem sögð er með hverjum staf og hverju hljóði. „Sagan sem fylgir hverjum staf er yfirleitt ákaflega skemmtileg og spennandi þannig að í 98% tilfella er það þannig að börnin leggja frá sér vinnubókina og fara að fylgjast með en hafa verkefnin samt við hendina,“ segir hún.

Oftast segir Edda Huld læs og ólæs börn vera í sömu stofu en þó sé það misjafnt. „Maður spilar þetta dálítið eftir eyranu hverju sinni en það er alltaf reynt að láta börnin ekki að vera með of létt verkefni. Hér í Ísaksskóla höfum við alltaf reynt að mæta börnunum þar sem þau eru stödd, bæði í lestri og öðru, og þannig er það almennt með skólana í dag. Námið er sniðið að þörfum einstaklingsins enda er það réttur barnsins sem manneskju.“



Nemendur við Háskólann á Akureyri geta leigt skápa fyrir tölvur og bækur svo þeir þurfi ekki að bera það á milli daglega.

# Aðlögun að háskólalífinu

***Velgengisvika er sérstök dagskrá við Háskólann á Akureyri í ágúst, ætluð nýnemum.***

Frá haustinu 2001 hafa starfsmenn Háskólans á Akureyri tekið á móti nýnemum með dagskrá sem kallast velgengnisvika. Þann tíma nota nýnemar til að kynnast hver öðrum, starfsfólki háskólans og eldri nemendum eftir því sem kostur er. Að þessu sinni býður skólinn 500 nýja nemendur velkomna til starfa og skiptist nýnemahópurinn í þrjá meginhópa sem hver og einn fær velgengnisviku út af fyrir sig. Þar er tölvuumhverfi skólans kynnt og þjónusta við nemendur. Þeir finna strax að þeir eru velkomnir í skólann og velgengnisvika hjálpar þeim við að aðlagast háskólalífinu.

## Sorgin og sálgæslan

**Tvö námskeið í sálgæslu verða á haustönn hjá Endurmenntunardeild Háskóla Íslands.**

Sálgæslunámskeiðin tvö, sem heita Dauðinn og sorgin og Sálgæsla og tólf spora leiðin, eru haldin í samstarfi við guðfræðideildina. Þau eru ætluð guðfræðinemum og þeim sem starfa innan heilbrigðiskerfis, skólakerfis, félagsþjónustu og löggæslu og hafa háskólapróf á áðurnefndum sviðum eða fimm ára starfsreynslu. Kennsla fer fram með fyrirlestrum, umræðutímum og verkefnavinnu. Verkefnisstjóri er Kristín Birna Jónasdóttir og hún hefur netfangið kristind@hi.is



# Bifröst til Vestfjarða

***Frumgreinadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst verður á Vestfjörðum í vetur.***

Í vetur verður hægt að stunda nám á Vestfjörðum við frumgreinadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst. Kennt verður annars vegar á Ísafirði og hins vegar í Bíldudal. Deildin veitir eins árs sérhæfðan undirbúning fyrir háskólanám á Bifröst og er tilvalin fyrir þá sem hafa mikla starfsreynslu og vilja auka menntun sína. Hún er einnig góð leið fyrir þá sem hafa verið frá námi í langan tíma og treysta sér ekki beint í háskólanám. Þeir sem ljúka fullu námi í deildinni með góðum árangri hafa einnig fengið aðgang að námi við aðrar háskólastofnanir. Steinunn Eva Björnsdóttir er umsjónarmaður frumgreinadeildar, en hún hefur netfangið steinunn@bifrost.is



Runólfur Ágústsson skólameistari við styttuna af stofnanda skólans, Jónasi frá Hriflu.


Keramik fyrir alla

**Hvernig var á sumarnámskeiðinu?**



**Frábært!**

**Skemmtileg verkefni og flottir hlutir sem maður málar.**

**Keramik fyrir alla**

sími 552 2882, Laugavegi 48b.

Sjá lýsingu: www.keramik.is



**FLUGÞJÓNUSTUBRAUT FS & IGS**



Fjölbrautaskóli Suðurnesja kynnir flugþjónustubraut, starfsnám í farþegaþjónustu, í samstarfi við Flugþjónustuna ehf. í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Námið undirbýr nemendur fyrir vinnu við innritun og aðra þjónustu við flugfarþega í FLE. Ætlast er til að nemendur hafi lokið u.þ.b. 3 ára framhaldsskólanámi. Umsækjendur 25 ára og eldri með víðtæka reynslu eru hvattir til þess að sækja um, þó almennum forkröfum sé ekki fullnægt.



**Ingibjörg Dröfn Halldórsdóttir**
Námið í FS í vor var skemmtilegt og áhugavert og hefur nýst mér vel í starfi hjá Flugþjónustunni.



**Björn Vilberg Jónsson**
Ég hóf störf hjá Flugþjónustunni í fyrra vor. Starfið er fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt



**John Tomphson**
Ég hef starfað við farþegaþjónustu bæði hér á landi og erlendis til margra ára. Starfið er alltaf jafn fjölbreytt og skemmtilegt.



**Matthildur Þuríðardóttir**
Mér fannst námið í FS vera mjög markvisst og praktískt. Góður undirbúningur fyrir samskipti við viðskiptavini Flugþjónustunnar.

**ALMENNAR FORKRÖFUR**

- Mjög góð tungumálakunnátta eða a.m.k. 12 ein. í ensku, 15 ein. í íslensku, 6 ein. í dönsku og 12 ein. samtals í öðrum tungumálum.
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Fædd 1986 eða fyrr.

Umsóknarfrestur er til 22. ágúst 2005. Kennsla hefst 5. september 2005. Kennt verður frá 17:30-22:00 mánudaga - fimmtudaga.
Innritun er hafin í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.fss.is
eða í síma 421-3100.

IGS GROUND SERVICES

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA



**Námsefni fyrir framhaldsskólanemendur**





SKIPTIBÓKA-MARKAÐUR

**Hagkvæmt og einfalt að versla á www.skola.is**

Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

**Vegahandbókin**

Þegar ekið er um vegi landsins er gaman að hafa Vegahandbókina með í för. Þá getur maður lesið sér til um það sem fyrir augu ber hverju sinni.

















Ólafur B. Schram rekur ferðaáhuga sinn allt til þess er hann var tólf ára og fékk að taka í jeppa í fyrsta sinn.

# Skemmtisögur frekar en sannar sögur

***Ólafur B. Schram rekur fyrirtækið Highlander, eða Fjallafara, sem býður klæðskerasaumaðar ferðir um landið þvert og endilangt. Flestir viðskiptavinir Ólafs eru útlendingar, en Íslendingar geta líka nýtt sér þjónustu fyrirtækisins.***

„Ég býð upp á tvennskonar þjónustu, annars vegar fastar ferðir sem eru skipulagðar löngum fyrirvara og hægt er að kaupa hjá ferðaskrifstofum. Þær ferðir eru farnar á öllum árstímum og geta tekið allt frá fimm dögum upp í tólf. Þess á milli geri ég bara það sem ég er beðinn um,“ segir Ólafur, sem hafði unnið á skrifstofu í 25 ár þegar hann ákvað að söðla um og gera það sem honum finnst lang skemmtilegast, það er að ferðast og miðla af reynslu sinni og fróðleik.

„Ég get rakið þetta langt aftur í tímann, frá því ég var tólf ára og fékk að keyra jeppa í fyrsta sinn. Ég var í sveit öll mín æskuár og fékk landið og náttúruna beint í æð. Ég eignaðist svo minn fyrsta jeppa sautján ára og fór þá rakleiðis til fjalla. Seinna eignaðist ég líka hesta og fór reglulega í langar hestaferðir um landið á tuttugu ára tímabili, meðal annars hringinn í kringum landið og hringaði alla jökla. Í þeim ferðum var ég oftast einn á ferð,“ segir Ólafur, sem kveðst þó ekki vera einfari í eðli sínu heldur kjósa að vera einn af og til og njóta náttúru og kyrrðar til fullnustu.

„En nei, nei, ég er málgefinn í meira lagi og hef gaman af að hafa orðið og segja sögur. Ég er líka búinn að læra það í samskiptum mínum við ferðamenn að það er mikilvægara að sögur séu skemmtilegar en sannar. En ég fór út í þetta af því að ég er öruggur hvar sem er á landinu og þekki mig alls staðar. Ferðirnar í gegnum tíðina hafa aflað mér þekkingar og vináttusambanda um allar koppagrundir og ég á orðið vini eða kunningja á nánast hverjum bæ. Þetta er yndislegt starf, ég er alltaf með fólki sem er í fríi og þar af leiðandi afslappað og opið fyrir hvers kyns skemmtilegheitum.“

Ólafur á marga uppáhaldsstaði á landinu og sumir eru árstíðabundnir. „Á vorin er það Ingólfshöfði þar sem eru fuglar í bjargi, eggjataka, hvalir á sundi, eyðisandar og jökullinn í baksýn. Um hásumar er það Landmannaafréttur eða Torfajökulssvæðið. Þar er kyrrðin engu lík eða græni liturinn á mosanum og andstæðurnar eru stórkostlegar, jökullinn og dökkur sandurinn. Á veturna eru Mývatn og Dyngjufjallasvæðið toppurinn.“

*edda@frettabladid.is*

# Gerðu þinn eigin grafsilung!

„Pabbi pabbi, ég er með sting í hjartanu og hnút í maganum,“ sagði litli veiðimaðurinn skömmu áður en hann strandaði boldangsbleikju úr Eyjafjarðará við bakkann. Góð byrjun hjá þeim stutta, sem í fyrstu taldi sig hafa fest í botni þegar hann fékk leyfi til að „prófa“ flugustöngina hjá pabba sínum. 2,2 kílóa bleikja var raunin. Það eru fleiri af ungu kynslóðinni sem fá að prófa, við Elliðavatn var sólarlagið eins og í draumalandi eitt kvöldið og þá smelltum við mynd af tveimur ungum veiðimönnum ásamt fullorðnum fylgdarmanni, betri hugmynd að renna í vatnið á svona blíðviðriskvöldi en að leigja spólu! Nægilegur var hasarinn í vatninu, fiskar að skvetta sér um allt.



Ingvi, með krakkana við Elliðavatn, Arnar og Margrét fengu að spreyta sig á silungsveiði í kvöldkyrrðinni fyrir skömmu.

Laxveiðiævintýrið heldur áfram í Eystri Rangá, met á met ofan og áin komin vel yfir 2.300 veidda laxa. Þar er mesta fjörið þessa dagana, því eins og oft gerist í ágúst hægir laxinn á sér, verður latari í hita og daufara vatni og tekur ekki nærri jafn vel og fyrr. Þetta fengu menn að reyna í Elliðaánum um helgina, fullt af fiski en lítil taka á fluguna þótt ormamenn væru að særa upp fiska úr pyttum neðarlega í ánni. Það er mjög ánægjulegt að sjá hve mikið er af fiski í ánum, rúmlega 2.300 fiskar gengnir og sumir staðir „pakkaðir“. Teljarastrengur var með að minnsta kosti fjörutíu laxa, hylur sem er ekki stærri en þokkalegt stofugólf! En tregðan er víðar, Korpa er heldur róleg þótt menn sjái fisk, og Grímsá líka, þar voru „stórfyrirtækismenn“ að veiðum nýlega, einn gaf eftir stöngina sína þegar hann var búinn að setja í þrjá eftir einn og hálfan dag, en ekki sett í neinn. Svona kallar tregfiskerí á veglyndi manna!

Laxá í Aðaldal fór allt í einu að gefa, ég ræddi við Orra Vigfússon á bökkum Laxár í gær og sagði hann ána vera komna í nær 500 laxa, miðað við 330 á sama tíma í fyrra. Hann spáði ánni 1.200-1.400 löxum í ár, miðað við rúmlega 900 í fyrra. Þetta er mest smálax í ánni, en þarna er langmestu sleppt þetta sumarið, og reyndar skylt með allan stórlax. Fjögurra daga hópur sem lauk veiðum fyrr í vikunni í Aðaldal var með nær 100 laxa, sem er ágætt meðaltal, heldur rólegra var á sama tíma á Nessvæðinu í sömu á, sjö daga hópur var með rúmlega fjörutíu laxa, á færri stangir auðvitað.

Heilræði vikunnar kemur úr eldhúsinu: Mjög auðvelt er að grafa sjálfur lax og silung. Flakið fiskinn og leggið á fat með roðið niður. Úti í næsta stórmarkaði fæst „graflaxkrydd“ sem er blanda sem maður stráir yfir flakið, setur síðan plast eða álpappír yfir og geymir í ísskáp í 24 til 36 tíma. Silungur er ekki síðri en lax, margar hafa bæst við í sumar, til dæmis spennandi „sælkerauppskrift“ að bleikju, og svo bætast við fleiri næstu daga!

brimborg
Taktubíl


Renault Megane Scenic, skrd. 12/1999 ek. 109.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Escape XLT, skrd. 07/2004, ek. 13.000 km, 3000cc, sjálfskiptur, 4x4 Ásett verð 3.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Lexus LS430, skrd. 08/2003, ek. 19.000 km, 4300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Mondeo, skrd. 05/2001, ek. 133.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr Tilboð 1.090.000 kr.100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Nissan Almera, skrd. 12/1999, ek. 120.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. Tilboð 470.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


MMC Lancer 4x4, skrd. 05/1999, ek. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo 850, skrd. 09/1994, ek. 176.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. S. 515 7000.


Volvo V40 SE, skrd. 01/2004, ek. 29.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.550.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


Daihatsu Applause, skrd. 11/1998, ek. 114.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Opel Vectra, skrd. 08/1998, ek. 93.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Opel Astra, skrd. 12/2002, ek. 38.000 km. 1600cc, beinskiptur, Ásett verð 1.250.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Citroen C5, skrd. 02/2003, ek. 40.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Explorer, skrd. 09/2000, ek. 76.000 km, 4000 cc, sjálfskiptur. 4x4, 204Hö Ásett verð 2.120.000 kr. Tilboð 1.990.000. 100% lán mögulegt kr. S. 515 7000.


Ford Explorer Executive, skrd. 08/2001 ek. 104.000 km, 4000 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.400.000 kr. 100 % lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Escort, skrd. 11/1994, ek. 161.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 290.000 kr Tilboð 90.000 kr. S. 515 7000.


Opel Vectra, skrd. 04/1999, ek. 122.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


Renault Kangoo, skrd. 02/2001, ek. 112.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Audi A4, skrd. 08/2000, ek. 85.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo S40 SE-Line, skrd. 09/2003, ek. 30.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.340.000 kr. Tilboð 2.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Mondeo GHIA, skrd. 03/2004, ek. 33.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.270.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo 850, árgerð 1995, skrd. 09/1994 ek. 176.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Expedition XLT Sport, skrd. 07/2004, ek. 13.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Hyundai Elantra, skrd. 04/1998, ek. 108.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Toyota Corolla Touring skrd. 02/1996, ek. 181.000 km, beinskiptur 4x4. Ásett verð 440.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


Citroen C3, skrd. 05/2004 ek. 18.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.210.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo V70 LPT-Turbo, skrd. 01/2003 ek. 33.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr Tilboð 2.890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Peugeot 306, skrd. 03/1998, ek. 95.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 460.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Kia Grand Sportage, skrd. 06/1999, ek. 97.000 km, 2000cc, beinskiptur, 4x4. Ásett verð 890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Renault Megane, skrd. 08/1999, 1600cc, ek. 105.000 km, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


MMC Space Star, skrd. 07/1999, ek. 43.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Mondeo GHIA, skrd. 11/2003, ek. 27.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Peugeot 306 Break STW. skrd. 06/1999, ek. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


Volvo S60, skrd. 05/2004, ek. 16.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 3.540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Peugeot Partner, skrd. 07/1999, ek. 134.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 580.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Peugeot 307 SW, skrd. 09/2004, ek. 17.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


VW Bora, skrd. 10/2000, ek. 118.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo S40, skrd. 03/2004, ek. 3.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Subaru Legacy, skrd. 11/1995, ek. 168.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 560.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


VW Golf, skrd. 07/1994, ek. 143.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


VW Polo, skrd. 04/1998, ek. 87.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl

Volvo XC90 T-6 Twin Turbo, skrd. 02/2004, ek. 23.000 km, 2900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 6.150.000 kr. Tilboð 5.690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

VW Passat, skrd. 10/1997, ek. 117.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Laguna, skrd. 03/1999, ek. 63.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Opel Astra, skrd. 12/2002, ek. 59.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Toyota Rav 4, skrd. 09/1995, ek. 159.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 620.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Daewoo Nubira , skrd. 05/1999, ek. 57.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Kangoo, skrd. 11/2001, ek. 97.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 870.000 kr. Tilboð 740.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

Kaupvild ehf

Toyota Hilux D/C Disel árg. '01. Ný 38" dekk, gormafjöðrun. Kastarar, grind og fl. Ek. 96 þús.km. Bíll í mjög góðu standi sk. '06 Verð 2.590 þús. áhv. 1.700 þús. afb. 28 þús. á mán. Ath. öll skipti. Uppl. í s. 699 6661 & 699 5801.

50% Afsláttur Peugeot 306 Sedan árg. 1995 ek. 117 þús. Sk. '06 álfelgur, ný tímareim, bíll í góðu standi. Verð áður 300 þús. Verð nú 150 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 699 6661 & 699 5801.

**Kaupvild ehf**
**Hyrjarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 699 5801**

Talstöðin
FM 90,9

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 10. ágúst 2005 – 19. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



engin stofngjöld

MOMENTUM greiðslu- og innheimtuþjónustan

www.momentum.is




**Ice in a bucket**

Sækir á Bretlandsmarkað

16



**Eimskip**

Umbreytingarferli lokið

10-11



**Engin sultarlaun í golfinu**

Sex milljarðar á ári

7

# Áfram hagrætt

## Hagnaður Marels nokkuð undir spám.

Marel hagnaðist um 169 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi og alls um 310 milljónir á fyrri árshelmingi. Er það undir meðaltals spá bankanna sem gerði ráð fyrir 214 milljóna króna hagnaði á tímabilinu. Velta var þó í góðu samræmi við spár markaðsaðila.

Þessi annar fjórðungur var næstbesti í sögu félagsins. Velta Marels-samstæðunnar jókst um rúm níu prósent á ársfjórðungnum en um þrettán prósent á fyrstu sex mánuðum ársins. Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta var 262 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi sem var um fimmtungs samdráttur milli ára.

Rekstur Marelsfélaganna gekk vel á tímabilinu þrátt fyrir óhagstæð skilyrði. Íslenska krónan hefur styrkst á árinu og kostnaður hefur hækkað á Íslandi. Félagið hefur brugðið á það ráð að staðla framleiðsluvörur og breyta skipulagi.

Afkoma Carnitech-hlutans er enn óviðunandi þótt hann fari batnandi. - eþa

—

## Útrásarvísitalan hækkar:
# EasyJet á flugi

Útrásarvísitalan hefur hækkað um rúmt eitt prósent milli vikna og stendur nú í rúmum 114 stigum. EasyJet hækkaði mest, um tæp tólf prósent. Þar á eftir kemur Low & Bonar, sem hækkaði um átta prósent. Þar á eftir kemur Carnegie, sem hækkar um rúm þrjú prósent.

Mest lækkaði finnska fjarskiptafyrirtækið Saunalahti, um rúm fjögur prósent.

Gengi krónunnar veiktist og hækkaði því Útrásarvísitalan meira en gengi félaganna í henni.

DeCode hefur hækkað mest frá upphafi eða um 74 prósent en gengi félagsins lækkaði milli vikna um 2,5 prósent. - dh / Sjá síðu 6.

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Burðarási skipt upp** | Burðarási var skipt upp milli Landsbankans og Straums fjárfestingabanka. Markaðsvirði félagsins fyrir samrunann var um 97,5 milljarðar króna.

**Straumur-Burðarás** | Um 57 milljarðar af markaðverðmæti Burðaráss renna inn í Straum. Þar af eru fjórtán milljarðar viðskiptavild, auk hlutabréfa í Íslandsbanka, Icelandic Group og Skandia.

**Landsbanki-Burðarás** | Landsbankinn fékk í sinn hlut um 40,3 milljarða króna við uppskiptingu Burðaráss. Stærstu eignirnar sem renna til bankans eru um 10,5 milljarðar í sænska fjárfestingarbankanum Carnegie og fimm milljarðar í Marel. 17 milljarðar króna voru greiddir með peningum.



**Illum Ísland** | I-Holding: sem er í eigu Baugs, Straums og Birgis Þórs Bielvedt, keypti áttatíu prósenta hlut í danska vöruhúsinu Illum. Þessir aðilar eiga fyrir Magasin du Nord sem átti um tuttugu prósent í Illum en um er að ræða tvö þekktustu vöruhús Danmerkur.

**Icex í hámarki** | Úrvalsvísitalan fór í fyrsta skipti yfir 4500 stig. Mikið fjör var í hlutabréfaviðskiptum í síðustu viku, hinn fjórða ágúst námu þau rúmum nítján milljörðum og eru þriðju mestu viðskipti á einum degi frá opnun Kauphallarinnar.

**Enn hækkar olían** | Ekkert lát virðist ætla að verða á hækkun olíuverðs. Eftir lokun sendiráða Bandaríkjanna í Sádi-Arabíu fór fatið um tíma yfir 64 dali og hefur verð aldrei verið hærra. Verðið hefur þó lækkað lítillega síðan og kostar fatið nú tæpa 64 dali.

# FL Group kaupir meira í easyJet

## Stjórnarkrísa í breska flugfélaginu er talin styrkja stöðu Íslendinganna. Hlutur FL Group sennilega 13 til 14 prósent.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

FL Group hefur keypt hlutabréf í easyJet undanfarna daga. Mikil viðskipti hafa verið með bréf í easyJet uppi á síðkastið og skiptu 27 milljónir hluta, eða 2,5 prósent hlutafjár, um hendur á föstudag og mánudag.

Enn er óljóst hvort stærstu eigendurnir Stelios Haji-Ioannou og systkini hans, sem samanlagt eiga fjörutíu prósent, vilji selja sína hluti en samkvæmt þessu er augljóst að FL Group styrkir stöðu sína í hluthafahópnum. Hlutur FL Group liggur sennilega á bilinu 13-14 prósent en ekki hefur verið tilkynnt um viðskiptin til bresku kauphallarinnar. Talið er að staða FL Group sé sterk og félagið muni ekki eiga í vandræðum með að selja hlut sinn ef þurfa þykir.

Á sama tíma er yfirstjórn hjá breska lággjaldaflugfélagsinu í lamasessi þrátt fyrir góðan rekstrarárangur á síðasta ársfjórðungi. Colin Day hefur ákveðið að segja sig úr stjórn easyJet og er annar stjórnarmaðurinn sem segir starfi sínu lausu á stuttum tíma. Hann gerði sér vonir um að taka við forstjórastarfinu af Ray Webster sem sagði starfi sínu lausu í maí eftir tíu ára starf. The Times segir að stjórnarmenn hafi ekki verið einhuga um að bjóða Day, sem er fjármálastjóri hjá Reckitt Benckiser, starfið.

FL Group á engan fulltrúa í stjórn easyJet, en hugsanlegt er að breyting verði þar á.

Félagið birti uppgjör fyrir þriðja ársfjórðung sem sýndi mikinn vöxt og aukningu hagnaðar þrátt fyrir að eldsneytiskostnaður hafi aukist um sextíu prósent. Veltan jókst um fimmtung á milli ára og tekjur af hverjum farþega hækkuðu til að mynda um tæpt prósent. Bréf í easyJet hafa hækkað um tíu prósent frá birtingu uppgjörsins og um 47 prósent á árinu.

Forsvarsmenn FL Group vildu ekkert staðfesta um hvort bréf hefðu verið keypt.

# Fríverslunarviðræður í strand

## Kínversk stjórnvöld eru reið Íslendingum. Miklir hagsmunir í húfi.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Allt virðist stopp í viðræðum milli Íslands og Kína um gerð fríverslunarsamnings landanna. Samkvæmt heimildum Markaðarins er ástæðan sú að íslensk stjórnvöld heimiluðu utanríkisráðherra Taívan að koma til landsins í byrjun júlí í sumar þrátt fyrir mótmæli Kínverja.

Davíð Oddsson, utanríkisráðherra, og Bo Xilai, utanríkisviðskiptaráðherra Kína, undirrituðu 12. maí samkomulag um að gera könnun til þess að undirbúa fríverslunarsamning milli landanna. Ef það gengi eftir yrði Ísland fyrst Evrópuríkja til að gera slíkan samning við Kína. „Íslenskt atvinnulíf hefur aukið verulega samskipti við kínverska aðila á undanförnum árum,“ sagði í tilkynningu, sem var send fjölmiðlum af þessu tilefni. Augljóst er að miklir hagsmunir felast í því að fríverslunarsamningur sem þessi sé gerður.

Embættismenn benda á að alltaf getur gengið erfiðlega í viðræðum sem þessum og óvænt atvik komið upp. Það þurfi ekki að benda til þess að ekkert verði af samningum, aðeins að það taki lengri tíma að ganga frá honum.



Fréttablaðið/AFP

**MEÐ FULLTRÚUM ESB** Bo Xilai til hægri skálar hér eftir samning um aukinn innflutning vefnaðarvara á svæði ESB.


# 8,5%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.07.2005–31.07.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 29139 08/2005

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 2% | 10% |
| Bakkavör Group | 3% | 66% |
| Burðarás | 5% | 44% |
| Flaga Group | -7% | -28% |
| FL Group | 0% | 49% |
| Grandi | 0% | 6% |
| Íslandsbanki | 3% | 28% |
| Jarðboranir | -3% | 3% |
| Kaupþing Bank | 3% | 31% |
| Kögun | -1% | 25% |
| Landsbankinn | 6% | 69% |
| Marel | 9% | 30% |
| SÍF | 0% | -1% |
| Straumur | 7% | 41% |
| Össur | 1% | 14% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

# Aukin erlend verðbréfakaup

Erlend verðbréfakaup námu 8,9 milljörðum króna í júní, kemur fram á vef greiningardeildar Íslandsbanka. Það er rúmlega helmingi meira en á sama tíma í fyrra. Mest er keypt af erlendum hlutabréfum.

Greiningardeildin telur að þessa miklu aukningu megi rekja til sterkrar krónu og segir lífeyrissjóðina hafa nýtt sér hátt gengi hennar til fjárfestingar í erlendum verðbréfum. Keypt hafa verið erlend verðbréf fyrir 35,6 milljarða króna það sem af er ári.

Á síðasta ári námu erlend verðbréfakaup 75,8 milljörðum og telur Íslandsbanki að þau aukist lítillega milli ára og verði á bilinu átatíu til nítíu milljarðar á þessu ári. - jsk



**ERLENDUR VERÐBRÉFASALI** Íslendingar kaupa sífellt meira af erlendum verðbréfum og námu kaupin 8,9 milljörðum króna í júní.

# Tekjur einstaklinga aukast mikið

Heildartekjur á mann hafa vaxið um 57 prósent frá árinu 1994 og ráðstöfunartekjur um tæpan helming. Ráðstöfunartekjur jukust um rúm þrjú prósent á síðasta ári og var það tíunda árið í röð sem þær vaxa. Tekjur og ráðstöfunartekjur voru lægstar árið 1994.

Á þessum tíma hafa skattar hins vegar einungis hækkað um ellefu prósent á mann. Í Vefriti fjármálaráðuneytissins segir að það felist í eðli skattkerfisins að skattar hækki meira sem hlutfall af tekjum í uppsveiflu þótt ráðstöfunartekjur á mann hækki meira. - dh




Fréttablaðið/Hörður

**RÁÐSTÖFUNARTEKJUR HÆKKA UM 57 PRÓSENT** Skattar hafa hækkað um ellefu prósent á sama tíma.

# Eigendaskipti á Óðinsvéum

## Bjarni Árnason, kenndur við Brauðbæ, hefur selt.

Þórstorg hefur keypt Hótel Óðinsvé við Óðinstorg, en innan vébanda hótelsins er einnig fyrirtækið Brauðbær.

Seljendur eru Bjarni Árnason og fjölskylda hans, sem rekið hafa Brauðbæ og hótelið um árabil. Þórstorg er í eigu nokkurra einstaklinga sem rekið hafa íbúðahótelið Lúnu á Spítalastíg. Nýju eigendurnir tóku við rekstri hótelsins um síðustu mánaðamót og hyggjast reka Óðinsvé og Lúnu sameiginlega. Með því geta þeir boðið viðskiptavinum sínum upp á að velja milli fullbúinna íbúða og fjögurra stjörnu hótels. Ellert Finnbogason einn eigenda verður hótelstjóri en aðrir í eigendahópnum eru Linda Jóhannsdóttir, Birgir Sigfússon og Jóhann Gunnarsson.

Hótelið hefur verið í rekstri í tvo áratugi en að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á húsnæðinu, auk þess sem byggð hefur verið hæð ofan á húsið, þar sem eru lúxusherbergi með útsýni yfir miðborgina.

Siggi Hall hefur rekið veitingastað við hótelið og verður engin breyting þar á. Kaupverðið er ekki gefið upp. - hh



**HÓTEL Á BESTA STAÐ** Íbúðahótelið Lúna verður rekið samhliða Hótel Óðinsvéum en eigendur Lúnu hafa keypt af Bjarna í Brauðbæ.

# Opera hækkar mikið

Norska fyrirtækið Opera Software, sem er að næststærstum hluta í eigu Íslendingsins Jóns S. von Tetzchner, hefur hækkað hressilega að undanförnu, rétt um fjörutíu prósent á einum mánuði.

Um sautján prósenta hlutur Jóns S. er talinn vera um 2,5 milljarða virði.

Opera Software selur vafra meðal annars í síma. Á dögunum tilkynnti félagið að vafrar þess yrðu notaðir í nýja farsíma frá Hitachi og Nokia. - eþa



**JÓN S. VON TETZCHNER** Opera Software hækkar um fjörutíu prósent á einum mánuði eftir fréttir um stóra samninga.

### GENGI HLUTABRÉFA Í OPERA SOFTWARE SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI Í NORSKUM KRÓNUM




# Verðið orðið allhátt

## Þótt rekstrarskilyrði séu góð er markaðurinn orðinn fulldýr að mati sérfræðings.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Allt stefnir í að íslensk hlutabréf skili mjög hárri ávöxtun þriðja árið í röð. Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 35 prósent frá áramótum, þar af um átta prósent frá byrjun júlí. Á síðasta ári var hækkunin um 59 prósent og 56 prósent árið áður. Hækkun það sem af er ári er lægri en fyrstu sjö mánuði ársins í fyrra en mun meiri en á sama tíma árið 2003.

Greining Íslandsbanka spáði því, þegar hún gaf út afkomuspá sína í júlí, að úrvalsvísitalan myndi hækka um 30-39 prósent í ár. Jónas G. Friðþjófsson, sérfræðingur hjá greiningu Íslandsbanka, telur að bankinn hækki spá sína í ljósi nýrra upplýsinga. Hálfsársuppgjör félaga hafi í nær öllum tilvikum verið umfram væntingar og samruni Burðaráss við Landsbankann og Straum hafi styrkt félögin.

„Verðin eru ekki komin út í vitleysu en þau eru samt orðin allhá. Maður sér ekki að óbreyttu að markaðurinn hækki mikið meira og geri ég ráð fyrir því að markaðurinn verði stöðugur. Nokkur félög eru komin í efri mörk verðmatsbils að okkar mati eins og Burðarás, Landsbankinn, Marel og Straumur," segir Jónas.

Hann bendir á að stemningin sé reyndar mjög góð á markaðnum og fjárfestar telji hlutabréfamarkaðinn mun betri kost en til dæmis skuldabréfamarkaðinn. „Rekstrarskilyrði og horfur hjá bönkunum góðar. Þóknanatekjur vaxa gríðarlega og vanskil eru í lágmarki."

Jónas segir að væntingar hafi áhrif á verð félaga. Þegar væntingarnar verði að veruleika sé eins og aukahækkun bætist við. Hugmyndir um sameiningu Burðaráss við Straum og Landsbankann höfðu verið til umræðu áður.

Aðeins sex Kauphallarfélög af 29 hafa lækkað frá síðustu áramótum. Ekkert félag hefur hækkað meira en Landsbankinn en hækkun hans nemur um sjötíu prósentum og Bakkavör fylgir í kjölfarið með um 65 prósenta hækkun. Flaga hefur lækkast mest af félögum í úrvalsvísitölunni eða um fjórðung.

Jónas útilokar ekki að markaðurinn fari í gegnum sams konar dýfu og í október á síðasta ári og lækki um 5-10 prósent. „Það gæti verið gott fyrir markaðinn að hann sveiflaðist í báðar áttir."



Fréttablaðið/Stefán

**ALDREI HÆRRI** Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 35 prósent frá áramótum. Sérfræðingur telur að markaðurinn sé fullhátt metinn og standi frekar í stað fremur en að hækka.

# Gefa enn upp hlut í Baugi

## Matsmenn skila brátt niðurstöðum sínum um yfirtökuverð í Baugi.

Matsmenn, sem skipaðir voru af Héraðsdómi Reykjavíkur í desember árið 2003 til að gefa út sitt mat á yfirtökuverði í Baugi Group, skila niðurstöðum sínum innan skamms.

Baugur var tekinn af markaði sumarið 2003 og stóðu Fjárfestingarfélagið Gaumur og KB banki meðal annars að yfirtökunni í gegnum Mund ehf. Öðrum hluthöfum voru boðnar 10,85 krónur á hvern hlut.

Sparisjóður Mýrasýslu eignfærir enn 912 þúsund króna hlut að nafnverði í Baugi þótt sparisjóðurinn sé ekki gefinn upp sem hluthafi í félaginu. Á hluthafalista í Baugi, sem birtist á heimasíðu Kauphallarinnar skömmu eftir áramótin, var SPM ekki meðal 24 hluthafa í félaginu.

Sparisjóðurinn er í hópi nokkurra eldri hluthafa sem sættu sig ekki við það að hlutir þeirra yrðu innleystir á umræddu verði og óskaði hann, ásamt nokkrum öðrum hluthöfum, að fengnir yrðu dómskvaddir matsmenn til að leggja mat á það verð sem í boði var við yfirtökuna. - eþa



**AÐALFUNDUR BAUGS** Beðið er eftir niðurstöðu matsmanna um yfirtökuverð í Baugi Group sem var tekinn af markaði sumarið 2003.

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna
Fyrirtækjabanki
B2B | Banki til bókhalds
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

ASKJA




# Sex, sex og fjörutíu.

**Helsti staðalbúnaður í M-Class ML 320 CDI (224 hestöfl):**
7 gíra sjálfskipting (7G-Tronic) · Armhvíla í aftursæti með geymsluhólfi Geymslurými í hólfi fyrir varahjól · Grænlitað rúðugler · Hemlalæsivörn (ABS) · Hraðanæm stýrisvél · Hraðastillir (DSR) þegar ekið er niður í móti · Hreyfiltengd þjófavörn samvirk útvarpi og fjarstýrðum samlæsingum · ISOFIX-festingar fyrir tvo barnabílstóla · Jafnaflauki á hemlakerfi (BAS) · Rafhitaðar þvottasprautur fyrir framrúður Rafræn spyrnustýring á öllum hjólum · Rofar fyrir gírskiptingu í stýrishjóli · Samlitir rafstýrðir og rafhitaðir útispeglar með innbyggðum stefnuljósum og víðsýnisgeira · Samlitir stuðarar, hliðarlistar og hurðarhúnar · Samlæsingar tengdar árekstursskynjara · Sjálfvirk hita- og loftræstikerfi (Thermatic) · Sjálfvirkt eftirlitskerfi með loftþrýstingi í hjólbörðum · Sítengt aldrif · Skrautleggingar úr áli · Skriðstillir Spólvörn (ASR) · Stöðugleikastýring (ESP) · Umhverfislýsing neðan á útispeglum · Umhverfislýsing og endurskinsborðar · Undirakstursvörn að framan og aftan · Útihitamælir · Þokuljósker að framan og aftan · 17" 7 arma léttmálmsfelgur · 8 líknarbelgir

**Allt þetta ásamt leðurinnréttingu með rafmagnssætum og viðarlistum í mælaborði á 6.640.000 kr.**

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

01 - 8158

# 800 sæti daglega

Næsta sumar verða hátt í átta hundruð sæti í boði til London daglega ef Icelandair og Iceland Express halda óbreyttri áætlun. Í sumar voru hátt í 700 sæti í boði til London daglega en Icelandair flýgur tvisvar á dag til London og Iceland Express tólf sinnum í viku.

British Airwaves mun fljúga til Keflavíkur frá London fimm sinnum í viku næsta sumar. Talsmenn beggja samkeppnisaðilana, Iceland Express og Icelandair segjast fagna samkeppninni þannig að gera má ráð fyrir að hvorugt fyrirtækið ætli sér að draga saman seglin á þessari leið. - dh



**MÖRG SÆTI Á MILLI BORGA** Sætaframboð til London eykst hratt.

# Lambakjöt vinsælast

Á síðasta ári var mest selt af kindakjöti hér á landi, um 36 prósent af heildarsölu kjöts. Þar á eftir var svínakjöt með 23 prósent. Alifuglakjöt kemur næst á hæla svínakjötsins í sölu með um 22 prósent af heildarkjötsölu.



Fyrir um tíu árum var kindakjöt um helmingur af seldu kjöti og hafði þá farið minnkandi hlutfallslega. Skýra má minni sölu lambakjöts með stóraukinni sölu svínakjöts og alifuglakjöts. Sala þessara kjöttegunda hefur aukist mest undanfarin ár. - dh

## SKIPTING KJÖTSÖLU EFTIR TEGUNDUM




# Samskip kaupa Ísstöðina

Samskip hafa keypt Ísstöðina og þúsund tonna frystigeymslu af Óskari Óskarssyni. Kaupverð fékkst ekki gefið upp.

Ísstöðin hefur aðsetur á Dalvík og framleiðir og selur ís, auk þess að leigja út geymslupláss í frystigeymslunni á Dalvík og annast löndunarþjónustu fyrir skip og báta í Dalvíkurhöfn.

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, segir fyrirtækið vera að taka yfir rekstur sem það þekki vel enda hafi náið samstarf verið með Samskipum og Ísstöðinni gegnum árin: „Það sem við náum fram með kaupunum er fyrst og fremst betri nýting á tækjum og mannskap.“ - jsk




**ÁSBJÖRN GÍSLASON, FORSTJÓRI SAMSKIPA** Samskip hafa fest kaup á Ísstöðinni á Dalvík. Ásbjörn segir að með kaupunum náist fram betri nýting á tækjum og mannskap.

# Virði kínverskrar leitarvélar margfaldast

Bandarískir fjárfestar hafa tekið Baidu.com, nýjasta fyrirtækinu á Nasdaq, opnum örmum og fjórfaldaðist gengi fyrirtækisins á fyrsta degi. Fyrirtæki hefur ekki hækkað jafn mikið síðan í netbólunni árið 1999.

Skráningargengi Baidu.com var 27 Bandaríkjadalir á hlut og hæst fór gengið í rúma 151 Bandaríkjadal á hlut. Gengi félagsins lækkaði nokkuð fyrir lokun og endaði í 122 Bandaríkjadölum á hlut. Gengi félagsins var komið í 115 Bandaríkjadali á hlut síðasta mánudag.

Baidu.com er kínversk leitarvél sem var stofnuð fyrir fimm árum í Peking og nýtur hún gríðarlegra vinsæla í Kína.

V/H-hlutfall fyrirtækisins hefur rokið upp með þessari gífurlegu verðhækkun og er rúmlega tvö þúsund. - dh

# Sala Símans getur aukið þenslu

Söluverð Símans, 66,7 milljarðar króna, var greitt með krónum, evrum og dollurum. Í Morgunkornum greiningardeildar Íslandsbanka segir að það hafi sýnt sig að í kjölfar einkavæðingar hafi hinar einkavæddu eignir tilhneigingu til að verða verðmætari. Kaupendur fái hlut í þessum ábata og séu þannig betur settir en áður. Bendir greiningardeild Íslandsbanka á einkavæðingu bankanna sem gott dæmi um þetta. Hluti af þessum ábata leiti út í neyslu og aukna innlenda eftirspurn. Einkavæðing Símans sé þannig til þess fallin að auka við þenslu þó svo að eðli málsins samkvæmt sé hún einfaldlega færsla á eignum á milli aðila. - dh



**GLAÐIR KAUPENDUR** Við undirritun kaupsamnings Símans.



Markaðurinn/Vilhelm

**Á SJÓNUM** Vel hefur gengið að veiða helstu fisktegundir á yfirstandandi fiskveiðiári. Sjávarútvegsfyrirtæki eru í þann mund að klára aflaheimildir sínar.

# Kvótastaða almennt góð

## Vel hefur gengið að veiða helstu fisktegundir. Hátt gengi krónunnar og verðhækkanir á olíu koma illa við sjávarútveginn.

**Jón Skaftason**
skrifar

Kvótastaða í sjávarútvegi virðist almennt góð nú þegar tæpar þrjár vikur eru eftir af fiskveiðiárinu og hefur gengið vel að veiða helstu fisktegundir. Fyrirtæki kvarta þó undan því að hækkanir á olíuverði og hátt gengi krónunnar geri þeim erfitt fyrir.

Fiskveiðiárinu lýkur 31. ágúst næstkomandi og hefst hið næsta daginn eftir. Frestur til að flytja aflaheimildir milli fiskveiðiára rennur út 15. september og er búist við að svipað verði um flutninga og undanfarin ár.

Tæplega 93 prósent þorskkvóta hafa verið nýtt, 96 prósent af ýsu og rúm 99 prósent síldarkvótans, samkvæmt tölum frá Fiskistofu. Veiði á karfa og loðnu hefur þó verið öllu rólegri, en um 80 prósentum loðnuafla hefur verið landað og um 85 prósentum karfa.

Rúnar Þór Stefánsson, útgerðarstjóri HB Granda, segir menn ekki í neinum vandræðum með að nýta aflaheimildir sínar: „Kvótastaðan er almennt góð og menn hafa náð að veiða sínar aflaheimildir vandræðalaust og á áætlun“.

Hann segir þó ytri aðstæður ekki góðar fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi: „Hátt olíuverð og óhagstætt gengi eru náttúrlega að trufla alla í sjávarútvegi en að öðru leyti erum við bara á pari“.

Ægir Páll Friðbertsson, framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja, segir sjávarútveginn glíma við sama vanda og aðrar útflutningsgreinar: „Afkoman hefur verið ágæt en verðhækkanir á olíu og hátt gengi krónunnar koma illa við sjávarútveginn rétt eins og aðrar útflutningsgreinar. Við erum annars að klára okkar aflaheimildir en eigum þó töluvert eftir af loðnu auk þess sem karfaveiðin hefur verið heldur róleg.“

## AFLASTÖÐUR HELSTU FISKTEGUNDA

| | | |
|---|---|---|
| **Þorskur** | 174.088 | 92,9% |
| **Ýsa** | 79.081 | 95,7% |
| **Ufsi** | 60.915 | 87,4% |
| **Karfi** | 65.244 | 85,3% |
| **Steinbítur** | 21.972 | 91,2% |
| **Síld** | 115.164 | 99,2% |
| **Kolmunni** | 590.000 | 42,6% |
| **Loðna** | 803.256 | 79,6% |

*Tölur eru í lestum
**Heimild: www.fiskistofa.is

spron VERÐBRÉF

– leið til árangurs

SPRON Verðbréf bjóða upp á fimm verðbréfasjóði. Sérfræðingar SPRON Verðbréfa aðstoða þig við að velja bestu fjárfestingarnar – enda er markmiðið að ná hámarksárangri með lágmarksáhættu.



Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is

# ALLTAF BETRI TILBOÐ




**UNITED** UTV20x40

20" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 13.990**
FULLT VERÐ kr. 16.990




**GRUNDIG** T555211

21" SJÓNVARP með flötum Black Matrix myndlampa, RCA tengi að framan, 2x RCA að aftan og fjarstýringu.

**TILBOÐ 14.990**
FULLT VERÐ kr. 22.990




ÖRÞUNNT LCD

**Dantax** 20LCDB2

20" Nicam stereó LCD SJÓNVARP með TFT SUPER FLAT SKJÁ, 640x480 punkta upplausn, Scart tengi, RCA tengi,124 síðna textavarpi, heyrnatólatengi, borðstandi og fjarstýringu.

**VERÐ 59.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**GRUNDIG** ST702410

28" 100 Hz SJÓNVARP með Nicam stereó, textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 59.990




**JVC** AV32H40

32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Natural Flat myndlampa, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi, Hyper Sound, 3 Scart tengjum og RCA/SVHS að framan, heyrnartólstengi, textavarpi með 720 síðna minni, fjölkerfa móttöku og fjarstýringu.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 83.990

ÖRÞUNNT LCD




**UNITED** LTV27

27" LCD SJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 Hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990




ÖRÞUNNT LCD

**PHILIPS** 32PF9956

32" LCD Pixel Plus SJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn Pixel Plus myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu, HDTV Ready, innbyggðum kortalesara með rauf fyrir CompactFlash, SD, MMC og SmartMedia (styður JPEG og MP3), Digital Crystal Clear, 800:1 skerpu og 12ms svartíma, sjónsvið (H/V): 170/170° og birtustig: 450 cd/m2, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með wOOx Subwoofer, AutoFormat og Auto Screen Size, 3 Scart tengjum, USB og HDMI tengjum, textavarpi með 1200 síðna minni, veggfestingu og borðstandi.

PIXEL PLUS

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990

GREEN FLAGSHIP AWARD
PIXEL PLUS MYNDTÆKNI

HIGH DEFINITION
TÆKNIACTIVE CONTROL
MEÐ LJÓSSKYNJARA

UPPLAUSN 1366X768
3D COMBFILTER
INNBYGGÐUR KORTALESARI




ÖRÞUNNT PLASMA

**UNITED** PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




ÖRÞUNNT PLASMA

**PHILIPS** 42PF9946

42" 100 Hz PLASMA SJÓNVARP með móttakara, 852x480 upplausn, 3000:1skerpu, Digital Motion Compensation og Digital Crystal Clear ljósskynjara og Antireflex System, 50w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 innbyggðum hátölurum, 2 Scart tengi, textavarpi 2 myndum á skjá og fjarstýringu.

**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

WWW.HUGVERK.IS

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

## ÚTRÁSARVÍSITALA 114,3 1,04%

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjaldmiðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 11,67 | Lev | 40,57 | 0,31% |
| Carnegie | Svíþjóð | 91,00 | SEK | 8,43 | 3,16% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 29,60 | SEK | 8,43 | 6,01% |
| deCode | Bandaríkin | 9,84 | USD | 63,47 | -2,53% |
| EasyJet | Bretland | 2,76 | Pund | 113,49 | 11,94% |
| Finnair | Finnland | 7,10 | EUR | 78,62 | -2,53% |
| French Connection | Bretland | 2,57 | Pund | 113,49 | 0,69% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 57,00 | SEK | 8,43 | -0,29% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,10 | Pund | 113,49 | 8,02% |
| NWF | Bretland | 4,90 | Pund | 113,49 | -0,32% |
| Sampo | Finnland | 12,82 | EUR | 78,62 | 1,81% |
| Saunalahti | Finnland | 2,50 | EUR | 78,62 | -4,16% |
| Scribona | Svíþjóð | 14,20 | SEK | 8,43 | -1,11% |
| Skandia | Svíþjóð | 42,30 | SEK | 8,43 | -2,40% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Hús á átta milljarða

Dýrasta heimili í veröldinni er til sölu fyrir rúma átta milljarða króna. Fasteignin er í Updown Court í Norður-Surrey á Englandi og var áður í eigu Sami Gaeyed Egyptalandsprins.

Landareignin er alls 58 ekrur, 103 herbergi eru í húsinu, kvikmyndahús og keilusalur. Við húsið eru fimm sundlaugar auk þess sem þyrlupallur er í bakgarðinum.

Bandaríska viðskiptatímaritið Forbes tók á dögunum saman dýrustu fasteignir heims og varð Updown Court þar í efsta sæti. Þess má geta að húsið er sagt um 350 milljónum króna verðmeira en dýrasta hús Bandaríkjanna. Í umsögn Forbes var Updown Court sagt „fáránlega íburðarmikið“. - jsk



**DÝRASTA HÚS Í HEIMI** Í húsinu eru meðal annars kvikmyndahús og keilusalur auk þess sem fimm sundlaugar eru á landareigninni.

# Frá Nokia til Shell

Jorma Ollila, fráfarandi forstjóri Nokia, mun taka við starfi stjórnarformanns hjá olíufyrirtækinu Shell. Olilla hefur starfað hjá Nokia í tuttugu ár og verið forstjóri síðan 1992. Er hann sagður hafa átt stærstan hlut í velgengni fyrirtækisins á liðnum árum.

Ollila mun taka við stjórnartaumunum hjá Shell þann fyrsta júní 2006: „Við vorum að leita að stjórnarformanni sem nyti virðingar hvar sem hann kæmi og hefði reynslu af stjórnun stórfyrirtækja,“ sagði Kerr lávarður, einn stjórnarmanna Shell. - jsk

# BMW græðir minna



Afkoma þýska bílaframleiðandans BMW á öðrum ársfjórðungi var talsvert verri í ár en í fyrra. Hagnaður fyrirtækisins fyrir skatt dróst saman úr tæpum 90 milljörðum króna í rúma 70 milljarða.

Þetta er sama þróun og orðið hefur í bílaiðnaði almennt en uppgjör japanska framleiðandans Toyota var einnig undir væntingum: „Óhagstæðar gjaldeyrissveiflur, verðhækkanir á stáli og aukin samkeppni meðal bílaframleiðenda ollu því að árangur var ekki jafn góður á öðrum ársfjórðungi og reiknað hafði verið með,“ sagði í yfirlýsingu frá BMW. - jsk

# Bandaríkin hækka stýrivexti

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur hækkað stýrivexti um 0,25 prósent og standa þeir nú í 3,5 prósentum. Þetta er tíundi mánuðurinn í röð sem stýrivextir hækka.

Seðlabankinn reynir með þessu að ná stjórn á húsnæðismarkaðnum sem hækkað hefur upp úr öllu valdi undanfarið. Þá hafa hækkanir á olíuverði ýtt undir ótta þess efnis að verðbólga kunni að fara úr böndunum.

Sérfræðingar spá því að stýrivextir hækki á næstu mánuðum enn frekar og að stefna Seðlabankans sé að stýrivextir verði í kringum 4,5 prósent. - jsk

# Kínverjar velja Boeing

## Bandaríski flugvélarisinn hefur gert samkomulag um sölu á rúmlega hundrað Dreamliner-vélum til Kína.

Boeing hefur gert samkomulag við fjögur kínversk flugfélög: Air China, China Eastern, Shanghai Airlines og Xiamen Airlines um kaup á 42 Dreamliner 787-vélum. Greiða félögin alls um 400 milljarða króna fyrir vélarnar.

Dreamliner-vélarnar eiga að taka 217 manns í sæti og hefst framleiðsla á næsta ári. Áætlað er að vélarnar verði tilbúnar til afhendingar 2008.

Boeing náði fyrr á þessu ári samkomulagi við sex kínversk flugfélög um sölu á sextíu Dreamliner-vélum og þá standa yfir viðræður um sölu á átján til viðbótar. Boeing virðist því hafa haft betur í samkeppni við helsta keppinautinn Airbus á Kínamarkaði.

„Þetta er tímamótasamkomulag og við vonumst til að halda áfram samstarfi okkar við Kínverja. Dreamliner-vélin umbyltir flugrekstri í landinu,“ sagði í yfirlýsingu frá Boeing. - jsk



Markaðurinn/AFP

**GLATT Á HJALLA** Forsvarsmenn Boeing og kínverskir ráðamenn brostu breitt eftir að undirritaður var samningur um kaup fjögurra kínverskra flugfélaga á 42 Boeing Dreamliner 787 vélum.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

Skoðaðu nýjar stærðfræðilausnir frá Volvo

TAKTU V8 OG 315 HESTÖFL - FYRIR AFLIÐ OG ÖRYGGIÐ

Kynntu þér hrífandi hönnun. Ótrúlegt afl, lúxus og framúrskarandi tækni eru orð sem lýsa vel eiginleikum V8 Volvo XC90. Sportlegt útlit, snerpa og fágun eru aðalsmerkin. Veldu nútíma stærðfræði – veldu V8 Volvo XC90.

**Fegurð stærðfræðinnar**

Stærðfræði hönnuða Volvo gerir V8 Volvo XC90 óvenju hagkvæman í rekstri. 315 hestöflin skila sér beint til hjólanna og gerir þér kleift að bregðast skjótt og örugglega við óvæntum aðstæðum. Rafeindastýrða 6 stiga sjálfskiptingin er tvívirk og nýtir til fulls gífurlega orku vélarinnar en lágmarkar jafnframt áhrif á umhverfið. Eyðslan er sú minnsta sem þekkist í V8 vélum; 190 kg og V8 Volvo XC90 er aðeins 7,3 sek. í 100 km/klst. V8 Volvo XC90 er eina vélin í heiminum yfir 300 hestöflum sem stenst ULEV II umhverfisreglurnar (Ultra Low Emission Vehicle). Til að tryggja gæði árekstrarvarnarkerfis Volvo er vélin þverstæð en hún er eina þverstæða V8 vélin í heiminum. Spurðu um V8 Volvo XC90. Prófaðu alsjálfvirka fjórhjóladrifið sem metur stöðugt mismunandi veggrip og tekur jafnframt samstundis á öllum fjórum hjólunum til að lágmarka möguleika á spólun. Kynntu þér nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC og RSC veltivörnina. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC síreiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Veldu öryggi og tækni Volvo.



**Þú velur aðeins það besta**

Kynntu þér hrífandi stærðfræði og frábæra akstursreiginleika. Spurðu um sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem þolir allt að 30 tonna álag. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90 sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90.

Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



# ngin sultar-
# un í golfinu

## u kylfingarnir á PGA-mótaröðinni undruð milljóna í verðlaunafé á Hjá þeim allra bestu er verðlauna- aðeins dropi í hafið.

ljóst að ekki væsir um golfara í fremstu röð. Líklega hvergi meiri tekjur en í PGA-mótaröðinni bandarísku m margir snjöllustu kylfingar heims leika listir sínar. lan hér að ofan gefur þó einungis til kynna verðlaunafé frammistöðu í mótum og keppnum, þá eru ótaldir auglýsingasamningar og önnur fríðindi sem því fylgja að vera golfari í fremstu röð.

RÐLAUNAFÉ Á PGA-MÓTARÖÐINNI

| | |
|---|---|
| Woods (BNA) | 455 |
| Singh (FIJI) | 442 |
| Mickelson (BNA) | 280 |
| Furyk (BNA) | 225 |
| d Toms (BNA) | 220 |
| ny Perry (BNA) | 195 |
| ef Goosen (SAF) | 191 |
| Funk (BNA) | 162 |
| io Garcia (SPÁ) | 160 |
| is DeMarco (BNA) | 159 |

ðir í milljónum króna
em af er ári

Verðlaunaféð er til að mynda aðeins dropi í hafið hjá þeim efsta á listanum, Tiger Woods, sem gert hefur samninga sem gefa vel í aðra hönd við stórfyrirtæki á borð við íþróttavöruframleiðandann Nike.

Tiger hafði á síðasta ári tæpa sex milljarða króna í tekjur og er efstur bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes yfir æstu íþróttamenn veraldar.

er er einnig efstur á heimslistanum í hefur á m u r nótum m af er lent í öðru því þriðja. Þá þykir hann sigurlegastur, líkt og endranær, á stórmóti tímabilsins, US nótinu, sem fram fer nú síðs. - jsk



**TIGER WOODS MEÐ PÚTTER Í HÖND** Tiger hefur unnið sér inn mest verðlaunafé allra kylfinga á PGA-mótaröðinni það sem af er ári. Tiger er tekjuhæsti íþróttamaður heims og námu tekjur hans um sex milljörðum króna á síðasta ári.

SÖGUHORNIÐ

# Andrew Carnegie deyr

Skoski auðkýfingurinn Andrew Carnegie lést 11. ágúst árið 1919. Carnegie var fæddur árið 1835 og var á sínum tíma næstríkasti maður veraldar, á eftir sjálfum John D. Rockefeller. Carnegie var þó ekki síður þekktur fyrir góðgerðarstarfsemi og fræðimennsku.

Carnegie fæddist í Skotlandi en flutti ungur að árum með foreldrum sínum til Bandaríkjanna. Carnegie auðgaðist fyrst á sölu farþegavagna með svefnplássum fyrir járnbrautarlestir.

Carnegie varð síðar umsvifamikill í stálframleiðslu og vann fyrirtæki hans, Carnegie Steel, mikil afrek við fjöldaframleiðslu á ódýru stáli. Helstu viðskiptavinir Carnegies voru bandarísku járnbrautarfélögin.

Árið 1880 var Carnegie Steel stærsta stálfyrirtæki heims, framleiddi um tvö þúsund tonn á dag. Carnegie var þess utan umsvifamikill við blaðaútgáfu og gaf út átján dagblöð í Bretlandi.

Árið 1901 seldi Carnegie hlut sinn í eigin fyrirtæki. Kaupendur voru hópur fjárfesta undir forystu J. Pierpont Morgan og var kaupverðið um 480 milljarðar dala að núvirði (31 þúsund milljarðar króna) og er það enn þann dag í dag stærsta yfirtaka sögunnar.

Eftir yfirtökuna sneri Carnegie sér að góðgerðarstörfum og dvaldi langdvölum í kastala



Fréttablaðið/Gettyimages

**ANDREW CARNEGIE** Var á sínum tíma næstríkasti maður heims. Auðgaðist á stálframleiðslu en gaf síðar nánast öll auðæfi sín til góðgerðarmála.

sínum nálægt Dunfermline í Skotlandi. Hann gaf stórfé til ýmissa góðgerðarmála, lét byggja 1.700 bókasöfn víðs vegar um heim og stofnaði háskóla bæði í Washington og Pittsburgh auk þess að gefa Edinborgarháskóla stórfé.

Carnegie gaf einnig út fjölda bóka um málefni sem voru honum hugleikin. Hann var alla tíð mikill lýðræðissinni og velti fyrir sér hvernig koma mætti á varanlegum friði í heiminum. Síðasta bók Carnegies, The Law of Success, kom út að honum látnum og var eins konar kennslubók í því hvernig ætti að njóta velgengni í lífinu.

Þegar Carnegie andaðist hafði hann gefið um 672 milljarða Bandaríkjadala að núvirði til góðgerðarmála. Afgangur auðæfanna fór síðan sömu leið að honum látnum. - jsk




VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Engin sultarlaun í golfinu

**Bestu kylfingarnir á PGA-mótaröðinni fá hundruð milljóna í verðlaunafé á ári. Hjá þeim allra bestu er verðlaunaféð aðeins dropi í hafið.**

Það er ljóst að ekki væsir um golfara í fremstu röð. Líklega eru þó hvergi meiri tekjur en í PGA-mótaröðinni bandarísku þar sem margir snjöllustu kylfingar heims leika listir sínar.

Taflan hér að ofan gefur þó einungis til kynna verðlaunafé fyrir frammistöðu í mótum og keppnum, þá eru ótaldir auglýsingasamningar og önnur fríðindi sem því fylgja að vera golfari í fremstu röð.

**VERÐLAUNAFÉ Á PGA-MÓTARÖÐINNI**

| | |
|---|---|
| 1. Tiger Woods (BNA) | 455 |
| 2. Vijay Singh (FIJI) | 442 |
| 3. Phil Mickelson (BNA) | 280 |
| 4. Jim Furyk (BNA) | 225 |
| 5. David Toms (BNA) | 220 |
| 6. Kenny Perry (BNA) | 195 |
| 7. Retief Goosen (SAF) | 191 |
| 8. Fred Funk (BNA) | 162 |
| 9. Sergio Garcia (SPÁ) | 160 |
| 10. Chris DeMarco (BNA) | 159 |

*Fjárhæðir í milljónum króna
**Það sem af er ári

Verðlaunaféð er til að mynda aðeins dropi í hafið hjá þeim efsta á listanum, Tiger Woods, sem gert hefur samninga sem gefa vel í aðra hönd við stórfyrirtæki á borð við íþróttavöruframleiðandann Nike.

Tiger hafði á síðasta ári tæpa sex milljarða króna í tekjur og er efstur á lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes yfir tekjuhæstu íþróttamenn veraldar.

Tiger er einnig efstur á heimslistanum í golfi, hefur sigrað á tveimur stórmótum það sem af er ári og lent í öðru sæti á því þriðja. Þá þykir hann sigurstranglegastur, líkt og endranær, á fjórða stórmóti tímabilsins, US PGA-mótinu, sem fram fer nú síðsumars. - jsk



**TIGER WOODS MEÐ PÚTTER Í HÖND** Tiger hefur unnið sér inn mest verðlaunafé allra kylfinga á PGA-mótaröðinni það sem af er ári. Tiger er tekjuhæsti íþróttamaður heims og námu tekjur hans um sex milljörðum króna á síðasta ári.

**SÖGUHORNIÐ**

## Andrew Carnegie deyr

Skoski auðkýfingurinn Andrew Carnegie lést 11. ágúst árið 1919. Carnegie var fæddur árið 1835 og var á sínum tíma næstríkasti maður veraldar, á eftir sjálfum John D. Rockefeller. Carnegie var þó ekki síður þekktur fyrir góðgerðarstarfsemi og fræðimennsku.

Carnegie fæddist í Skotlandi en flutti ungur að árum með foreldrum sínum til Bandaríkjanna. Carnegie auðgaðist fyrst á sölu farþegavagna með svefnplássum fyrir járnbrautarlestir.

Carnegie varð síðar umsvifamikill í stálframleiðslu og vann fyrirtæki hans, Carnegie Steel, mikil afrek við fjöldaframleiðslu á ódýru stáli. Helstu viðskiptavinir Carnegies voru bandarísku járnbrautarfélögin.

Árið 1880 var Carnegie Steel stærsta stálfyrirtæki heims, framleiddi um tvö þúsund tonn á dag. Carnegie var þess utan umsvifamikill við blaðaútgáfu og gaf út átján dagblöð í Bretlandi.

Árið 1901 seldi Carnegie hlut sinn í eigin fyrirtæki. Kaupendur voru hópur fjárfesta undir forystu J. Pierpont Morgan og var kaupverðið um 480 milljarðar dala að núvirði (31 þúsund milljarðar króna) og er það enn þann dag í dag stærsta yfirtaka sögunnar.

Eftir yfirtökuna sneri Carnegie sér að góðgerðarstörfum og dvaldi langdvölum í kastala sínum nálægt Dunfermline í Skotlandi. Hann gaf stórfé til ýmissa góðgerðarmála, lét byggja 1.700 bókasöfn víðs vegar um heim og stofnaði háskóla bæði í Washington og Pittsburgh auk þess að gefa Edinborgarháskóla stórfé.

Carnegie gaf einnig út fjölda bóka um málefni sem voru honum hugleikin. Hann var alla tíð mikill lýðræðissinni og velti fyrir sér hvernig koma mætti á varanlegum friði í heiminum. Síðasta bók Carnegies, The Law of Success, kom út að honum látnum og var eins konar kennslubók í því hvernig ætti að njóta velgengni í lífinu.

Þegar Carnegie andaðist hafði hann gefið um 672 milljarða Bandaríkjadala að núvirði til góðgerðarmála. Afgangur auðæfanna fór síðan sömu leið að honum látnum. - jsk



Fréttablaðið/GettyImages

**ANDREW CARNEGIE** Var á sínum tíma næstríkasti maður heims. Auðgaðist á stálframleiðslu en gaf síðar nánast öll auðæfi sín til góðgerðarmála.




VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*




**STÓRVERSLUN Á STRIKINU** Baugur hefur eignast stærstu vöruhúsin á Strikinu í Kaupmannahöfn. Baugur ræður nú för í virtustu og elstu vöruhúsum Dana.

# Baugur tekur strikið á Danmörku

Kaup íslenskra fjárfesta undir forystu Baugs á vöruhúsinu Illum hafa vakið athygli í Danmörku. Baugur hefur komið sér fyrir í þremur fyrirtækjum í Danmörku og ljóst að fyrirtækið ætlar sér að skapa sér sess í dönsku viðskiptalífi. *Hafliði Helgason* skoðaði starfsemi Baugs í Danmörku og ræddi við Skarphéðin Berg Steinarsson, framkvæmdastjóra hjá Baugi, og Patriciu Burnett, forstjóra Illum.

Baugur hefur á skömmum tíma komið sér vel fyrir í dönsku viðskiptalífi með kaupum á tveimur þekktustu vöruhúsum Dana. Auk þess hefur fyrirtækið keypt hlut í Keops sem sérhæfir sig í fasteignafjárfestingum og fjármálagerningum þeim tengdum.

Baugur fór fyrir hópi fjárfesta sem keyptu Magasin du Nord skömmu fyrir áramót. Með í hópnum voru Birgir Þór Bieltvedt og Straumur. Sami hópur gekk í síðustu viku frá kaupum á vöruhúsinu Illum. Ræður Baugur nú förinni í elstu og virtustu vöruhúsum Dana og hefur komið sér vel fyrir í verslunarrekstri í miðborg Kaupmannahafnar.

### ÓLÍKAR FJÁRFESTINGAR

Enda þótt sami hópur standi að kaupunum á Illum og á Magasin du Nord er um ólíkar fjárfestingar að ræða. Seljandi Illum er fjárfestingarbankinn Merrill Lynch, sem hefur verið bakhjarl Patriciu Burnett, forstjóra Illum. Saman hefur þeim tekist að snúa rekstri Illum, sem nú er rekið með hagnaði. Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri norrænna fjárfestinga hjá Baugi, segir áfram verða haldið á þeirri braut að skerpa á rekstrinum í þeim anda sem núverandi stjórnenda. Markmiðið er að leggja áherslu á vönduð vörumerki og hönnun. Verðið fyrir Illum er ekki gefið upp, en gert er ráð fyrir að velta yfirstandandi rekstrarárs verði sjö milljarðar króna. Eins og við kaupin á Magasin du Nord fylgir verðmæt fasteign með í kaupunum. Í tilviki Magasin stóð fasteignin fyrir kaupverðinu, reksturinn sem slíkur fylgdi með í kaupbæti, enda ekki verið að skila neinu undanfarin ár. Illum hefur hins vegar skilað hagnaði upp á síðkastið. Unnið er að því að koma rekstri Magasin í betra horf og til marks um það að hugur fylgir máli setti fyrirtækið einn lykilmanna sinna, Jón Björnsson, forstjóra Haga, í málið. Strax eftir að gengið var frá kaupunum á Illum var tilkynnt um forstjóraskipti í Magasin. Jón Björnsson tekur við fyrirtækinu og er markmiðið að reksturinn verði orðinn jákvæður eftir ár. „Við settum okkur það markmið við kaupin á Magasin að fyrirtækið væri farið að skila hagnaði eftir átján mánuði,“ segir Skarphéðinn Berg.

### FASTEIGNIR AUÐVELDA KAUP

Verðmætar fasteignir sem fylgja slíkum rekstri auðvelda kaupin. Kaupendurnir geta létt á efnahagsreikningi rekstrarins með sölu fasteignarinnar í sérstakt félag og aukið framleiðni fjármagnsins sem bundið er í rekstrinum. Þannig skilar kaupverðið sér til baka hraðar, auðvitað að því gefnu að afkoman af rekstrinum sé viðunandi. Baugsmenn þekkja vel til þess að kaupa slík fyrirtæki. Í Bretlandi er Big Food Group gott dæmi um félag sem átti verðmætar fasteignir sem auðvelduðu fjármögnun og sama gildir um Somerfield sem Baugur varð að láta frá sér vegna birtingu ákæru á hendur stjórnendum félagsins.

Magasin og Illum eru ólík fyrirtæki. Magasin rekur verslanir víðar í Danmörku og hjá fyrirtækinu starfa 1.800 manns. Illum leigir út pláss og mótar stefnu fyrir hvaða verslanir eigi heima í húsinu og sér um rekstur hússins. Starfsmenn Illum eru 42 talsins. Skarphéðinn Berg segir markmiðið að marka hvoru vöruhúsi um sig sína stefnu. „Þetta snýst um að staðsetja sig á markaði. Ég held að danskir neytendur skynji þann mun sem er á Illum og Magasin. Við munum vinna út frá því að sækja fram eftir eðli hvors fyrirtækisins fyrir sig. Illum er keypt sem sjálfstæð fjárfesting sem stendur fyrir sínu. Við horfðum ekki til hagræðingar og samlegðar milli Magasin og Illum, þegar við tókum ákvörðun um þessi kaup.“

Baugur nokkrar breskar verslunarkeðjur og því nærtækt að álykta að vörur þessara keðja komi inn í vöruhúsin í Danmörku. „Það verður að vera á forsendum hvers fyrirtækis fyrir sig. Það hvort að vörur fyrirtækjanna passa inn í vöruhúsin verður bara að koma í ljós. Við ráðumst í fjárfestingar okkar á forsendum þess hvort þær eru vænlegar sem slíkar.“

### HAFA FJÁRMAGN OG ÞEKKINGU

Í eignasafni norrænna fjárfestinga Baugs eru fyrirtæki í smásölu, fasteignafélög, auk félaga í fjarskipta og fjölmiðlarekstri. Baugur er þegar kominn í smásölu og fasteignaviðskipti í Danmörku. Skarphéðin vill lítið gefa upp um hvort stefnt sé að fjárfestingum í fjarskiptum og fjölmiðlarekstri í Norðurlöndum. „Baugur er félag sem vinnur á neytendamarkaði. Við höfum lýst áhuga okkar á þátttöku í verslunar og fasteignarekstri á Norðurlöndunum. Við sáum tækifæri í Magasin og Illum. Varðandi Keops þá var Ole Vagner, stofnandi og aðaleigandi fyrirtækisins að leita kjölfestufjárfestis og samstarfsaðila. Við uppfylltum þær óskir sem hann hafði um slíka aðila. Við sáum strax tækifæri í því verkefni og það tók okkur ekki langan tíma að ganga frá þeim viðskiptum.“

Kaupin á Illum vöktu mikla athygli í dönskum fjölmiðlum. Þegar Magasin du Nord var keypt bar mikið á neikvæðri umfjöllun um íslenska fjárfesta og þeim lýst sem ævintýramönnum sem flytu áfram á hlutabréfabólu sem væri við það að springa. Viðbrögðin við kaupunum á Illum hafa verið önnur og jákvæðari, þótt enn eimi eftir af furðu yfir því að Íslendingar kaupi fyrirtæki í Danmörku sem Danir sjálfir reyni ekki við. Skarphéðin segist ekki hafa svör á reiðum höndum um hvers vegna Danir sjálfir leggi ekki í slíkar fjárfestingar. „Þú verður að spyrja þá að því. Við skoðum fjölmörg tækifæri til fjárfestinga. Við höfum fjármagnið og þekkinguna og kaupum þegar við sjáum vænleg tækifæri til að nýta vel þetta tvennt.“

## Sjáum sömu hlutina

Patricia Burnett, forstjóri Illum, hefur stýrt endurskipulagningu vöruhússins. Hún mun sinna því verkefni áfram með nýjum eigendum.

Patricia Burnett, forstjóri Illum, segir kaup Baugs og íslensku fjárfestanna vel tímasett fyrir reksturinn. „Rekstrinum hefur verið snúið við og því afar jákvætt að fá inn fjárfesta sem hafa þekkingu og reynslu af smásölurekstri. Við höfum náð stöðugleika í reksturinn og nú þarf að stíga næstu skref. Við erum mjög meðvituð um stefnu okkar og hyggjumst halda áfram að móta hana.“ Hún segir Illum eiga að vera miðstöð alþjóðlegra gæðamerkja og norrænnar hönnunar. „Við höfum verið að bæta ásýnd verslunarinnar og móta deildirnar í vöruhúsinu í okkar anda. Því verkefni er ekki lokið. Við hlökkum til að halda áfram að skerpa á ásýnd hverrar hæðar fyrir sig.“



**PATRICIA BURNETT** Illum á að vera leikhús þar sem sífellt ber eitthvað nýtt fyrir augu.

Víða um heim hefur verið ráðist í að snúa við rekstri virðulegra vöruhúsa í miðborgum. „Við teljum að horfurnar í smásöluverslun í Danmörku séu góðar og að Illum hafi komið sér fyrir á góðu svæði á markaðnum með gæðahönnun. Við viljum skapa lifandi heim þar sem viðskiptavinurinn upplifir gæði og hönnun. Við leggjum áherslu á mátulega blöndu af vandaðri hönnun á viðráðanlegu verði og lúxusvörur. Illum á að vera leikhús þar sem sífellt ber eitthvað nýtt og fallegt fyrir augu. Það er tilgangurinn með slíkum vöruhúsum.“

Patricia segir spennandi tíma fram undan hjá Illum. „Okkur finnst mjög mikilvægt að þegar við göngum í gegnum vöruhúsið með nýjum eigendum sjáum við sömu hlutina og sömu verkefnin í að byggja upp Illum og koma því aftur í fremstu röð.“



**SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON** Forsvarsmenn Baugs hafa mikla trú á smásöluverslun og fasteignamarkaði í Danmörku.

## EIGNIR BAUGS Í DANMÖRKU:

### Illum
Stofnað 1891
Stofnandi: Anton Carl Illum
Í húsinu eru yfir 100 verslanir á fimm hæðum
Starfsmenn: 42
Forstjóri: Patricia Burnett

### Magasin du Nord
Stofnað: 1869
Stofnendur: Theodor Wessel og Emil Vett
Átta verslanir í helstu borgum Danmerkur
Forstjóri: Jón Björnsson

### Keops
Stofnað 1989
Stofnandi: Ole Vagner
Keops fjárfestir í fasteignum og þróunarverkefnum á sviði fasteigna. Keops gefur einnig út skuldabréf og sinnir fasteignatengdri fjármálastarfsemi.
Forstjóri: Ole Vagner

Auk þess reka Hagar verslanir svo sem eins og Debenhams í verslanamiðstöðinni Fields.




FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

# Tveggja ára *umbreytingarfer*

„Markmið okkar er að losa um flókin eignatengsl í félögum og auka arðsemi þeirra,“ boðaði Björgólfur Guðmundsson, bankaráðsformaður Landsbankans, í byrjun september 2003. Félög honum tengd náðu ráðandi stöðu í Eimskipafélaginu, leystu það upp, seldu eignir og græddu vel fyrir hluthafana. Nú, tveimur árum seinna, segir *Björgvin Guðmundsson* að valdatengsl í íslensku viðskiptalífi liggi ekki í gegnum Eimskipafélagið eins og áður.

„Ekki er annað að sjá en að íslenski hlutabréfamarkaðurinn hafi tekið þessum umbreytingum vel því á síðustu sextán mánuðum hefur verðmæti hlutabréfa í Burðarási aukist um tæp níutíu prósent,“ sagði Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðaráss, þegar hann kynnti umbreytingu félagsins síðustu misserin á kynningarfundi á Hótel Nordica í síðustu viku.

Það vakti umræður í þjóðfélaginu í september fyrir tæpum tveimur árum, þegar það varð ljóst að Landsbankinn og tengdir aðilar voru ráðandi í hinu sögufræga Eimskipafélagi, að Sigurjón Þorvaldur Árnason, bankastjóri Landsbankans, sagðist telja að meiri verðmæti fælust í hverri einingu fyrirtækisins fyrir sig en í þeim öllum saman. Síðan þá hafa stjórnendur Eimskipafélagsins selt sjávarútvegshlutann og flutningastarfsemina út úr félaginu og sameinað fjárfestingarstarfsemina Straumi Fjárfestingarbanka.

**Segja má að þessi atburðarás hafi hafist þegar Landsbankinn og Samson Global Holdings, sem er í eigu Björgólfsfeðga og enn sem komið er Magnúsar Þorsteinssonar, keyptu tæp 34 prósent í Straumi í lok ágúst 2003. Í byrjun ágúst sama ár hafði Landsbankinn aukið eignarhlut sinn í Eimskipafélaginu úr rúmum þremur prósentum í tæp tíu prósent. Helsta eign Straums á þessum tíma var fimmtán prósenta hlutur í Eimskipafélaginu. Ljóst var að með þessum viðskiptum var staða Landsbankamanna að verða sterk innan Eimskips, en eigendur Samson ráða einnig Landsbankanum.**

Hagnaður af sölu sjávarútvegsfélagsins, Brims, í janúar í fyrra er sagður hafa verið 4,1 milljarður króna fyrir skatta. Hagnaður af sölu Eimskips í lok maí á þessu ári er sagður vera 15,5 milljarðar króna fyrir skatta. Í þessum viðskiptum skiptu um 43 milljarðar íslenskra króna um hendur og hluthafarnir högnuðust um samtals tæpa tuttugu milljarða króna fyrir skatta.

Þegar áhrif nýrra eigenda eru metin verður líka að taka með í reikninginn að við uppstokkun á eignatengslum milli Eimskipafélagsins, Flugleiða, Íslandsbanka og Sjóvár í september 2003 skapaðist einnig söluhagnaður innan Eimskipafélagsins. Nam hann rúmum fimm milljörðum króna fyrir skatta. Það er því ljóst að hagnaður Eimskipafélagsins vegna viðskipta með eignir félagsins frá því að Landsbankinn og Björgólfsfeðgar komu að stjórnun félagsins er um 25 milljarðar króna.

Áður en Eimskip var selt í byrjun sumars átti sér stað nafnabreyting. Burðarás var gerður að móðurfélagi og Eimskip, sem fékk nafnið Eimskipafélag Íslands og hýsti flutningastarfsemina, varð dótturfélag Burðaráss. Þegar það var selt var fjárfestingararmurinn einn eftir. Verðmæti Burðaráss var metið 98 milljarðar króna og nú í byrjun ágúst var tilkynnt að eignir félagsins að markaðsvirði fjörutíu milljarðar króna færu til Landsbankans og tæpir sextíu milljarðar færu inn í Straum Fjárfestingarbanka. Á móti fá hluthafar í Burðarási samtals tæp tuttugu prósent í af hlutabréfum í Landsbankanum og 43 prósent í Straumi.

Það má því halda því fram að Eimskipafélag Íslands, eins og flestir landsmenn hafa þekkt félagið, er ekki lengur til. Búið er að selja allar einingar félagsins eða sameina þær öðrum. Flutningastarfsemin er nú rekið sem dótturfélag Avion Group eins og flugfélagið Atlanta og fleiri félög.

### AÐDRAGANDI ATBURÐARÁSARINNAR

Segja má að þessi atburðarás hafi hafist þegar Landsbankinn og Samson Global Holdings, sem er í eigu Björgólfsfeðga og einnig Magnúsar Þorsteinssonar, keyptu tæp 34 prósent í Straumi í lok ágúst 2003. Í byrjun ágúst sama ár hafði Landsbankinn aukið eignarhlut sinn í Eimskipafélaginu úr rúmum þremur prósentum í tæp tíu prósent. Helsta eign Straums á þessum tíma var fimmtán prósenta hlutur í Eimskipafélaginu. Ljóst var að með þessum viðskiptum var staða Landsbankamanna, en eigendur Samson ráða einnig Landsbankanum, að verða sterk innan Eimskips.

Menn höfðu þó ekki augun á Eimskipi strax á þessum tíma því sú hugmynd komst á flug, meðal annars í hálffimm fréttum KB banka, að Landsbankinn hygðist sameina Straum og bankann. „Það sem fyrir okkur vakir með kaupum á hlutabréfum í Straumi er að hleypa lífi aftur í verðbréfamarkaðinn hér á landi, rjúfa stöðnun sem verið hefur og láta fjárfestingar á markaði ráðast af von um hagkvæman rekstur og hámarks ávöxtun,“ sagði Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, í sérstakri yfirlýsingu sem birt var í Morgunblaðinu 2. september 2003. Síðar sagði hann: „Yfirtaka á Straumi hefur ekki verið markmið Landsbankans eða Samson. Við viljum komast í aðstöðu til að auka virði fjárfestinga Straums. Markmið okkar er að losa um flókin eignatengsl í félögum og auka arðsemi þeirra.“

### SAMSON FER INN Í EIMSKIP

Sama dag og yfirlýsingin birtist hófst kapphlaup um bréf í Straumi og keypti Íslandsbanki um átta prósent hlutafjárins þennan dag. Annars staðar í borginni undirbjuggu stjórnendur Samson Global Holdings hins vegar innrás á nýjan stað þar sem þeir höfðu ekki komið með félagið sitt áður. Hinn 11. september 2003 keypti félagið sjö prósent af hlutabréfum í Eimskipafélaginu. Ljóst var að beita átti bæði Landsbankanum og Samson samhliða til að ná yfirhöndinni í Eimskipafélaginu. Sterk staða þeirra í Straumi og nú í Eimskipafélaginu var til marks um það. Samanlagt réðu þessir aðilar yfir meira en fimmtán prósentum í Eimskipafélaginu án Straumshlutans, en eignarhaldið í Eimskipafélaginu var mjög dreift. Straumur var stærstur, Sjóvá með tíu prósent og síðan komu Landsbankinn og Samson. Auk þess nutu félögin stuðnings stjórnenda Tryggingamiðstöðvarinnar, sem áttu rúm fimm prósent í Eimskipafélaginu.

Öllum var ljóst að sú pattstaða sem upp var komin í Straumi, þar sem ekki var ljóst hvort Íslandsbanki eða Landsbankinn réði yfir meira hlutafé í félaginu, yrði ekki til frambúðar. Nauðsynlegt var að ná samkomulagi um framtíðarskipan mála. Bankarnir höfðu lýst því yfir að þeir ætluðu ekki yfir 20 til 25 prósent í Straumi en Landsbankinn var kominn með meira þrátt fyrir að Samson hefði tekið hluta á sig. Íslandsbankamenn voru ósáttir við þetta og unnið var að því að leysa hnútinn.

### SAMKOMULAG UM UPPSTOKKUN

Að morgni 18. september 2003 voru viðskipti stöðvuð með helstu félög í Kauphöll Íslands. Þá lá fyrir samkomulag milli bankanna um helstu skiptingu eigna Straums og fjárfestingarhluta Eimskipafélagsins, Burðaráss. Eimskipafélagið féll í hlut Björgólfs og Landsbankans. Eignarhlutur Burðaráss í Flugleiðum fór til Straums og Sjóvá-Almennar til Íslandsbanka. Íslandsbanki og Sjóvá-Almennar sameinuðust í kjölfarið. Eimskipafélagið fékk afganginn af eignum Burðaráss og útgerðarfélagið Brim kom í hlut Landsbankans. Viðskiptin voru flókin og lögfræðingar bankanna sátu sveittir í sólarhring við að koma viðskiptunum í viðunandi lögfræðibúning.

Eftir þetta var ljóst að Landsbankinn og Samson réðu rúmum 26 prósentum af hlutafé í Eimskipafélaginu. Burðarás, fjárfestingarfélag Eimskipafélagsins, hafði eignast tæp 22 prósent en stefnt var að því að færa það hlutafé niður á aðalfundi sem boðaður var 9. október. „Markmið okkar er að losa um flókin eignatengsl í félögum og auka arðsemi þeirra,“ hafði Björgólfur Guðmundsson sagt í byrjun september. Nú var sú stund að renna upp. Hin hefðbundnu valdatengsl í íslensku viðskiptalífi höfðu legið í gegnum Eimskipafélagið og systurfélög þess. Sumir sögðu Kolkrabbann svokallaða dauðan eftir að losað var um þessi eignatengsl.

### GAGNRÝNI Á AÐALFUNDI

Nýrri stjórn var stillt upp og átti að taka fyrstu skrefin í umbreytingarferli Eimskips. Aðalfundardagur rann upp: „Jafnvel þó svo færi að hærra verð fáist fyrir félagið í pörtum en í heilu lagi þá má spyrja hvort það réttlæti slíkar aðgerðir. Hér rekast á hugmyndir þeirra sem ætla sér aðeins að eiga fyrirtæki í skamman tíma og hinna sem hugsa að dagur komi eftir þennan dag og mikilvægast sé að reka félagið með arðbærum hætti til lengri tíma litið. Það er alþekkt að skyndikynni geta haft alvarlegar afleiðingar og það er mín skoðun að heppilegra sé að leiðandi hluthafar stofni til varanlegs sambands við fyrirtækið,“ sagði Benedikt Jóhannesson, fráfarandi stjórnarformaður Eimskipafélagsins, í ræðu

**SELJENDURNIR** | **GERENDURNIR**



**JÓN HELGI GUÐMUNDSSON** Seldi Landsbankanum bréfin í Straumi.



**ÞÓRÐUR MAGNÚSSON** Seldi sín bréf eins og Jón Helgi og KB banki.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Vildi losa flókin eignatengsl.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Lagði áherslu á fjárfestingarstarfsemi.



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Settist í stjórn Eimskips og keypti síðar.



**BENEDIKT JÓHA** við skyndikynnum h

# i Eimskips lokið




Fréttablaðið/Vilhelm

**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Á AÐALFUNDI EIMSKIPS** „Rúmir fimm mánuður eru frá því að nýir aðilar tóku forustuna í félagi okkar. Á þeim tíma hefur gengi hlutabréfanna hækkað um 34 prósent, en frá 1992 hefur árleg ávöxtun verið rétt tæp 16 prósent. Eignir okkar – hluthafanna allra, nærri 16 þúsund manns – hafa á þessum tíma aukist um 11 þúsund milljónir króna," sagði Björgólfur Thor eftir að hann var kjörinn á aðalfundi í stjórn Eimskipafélagsins, sem síðan var breytt í móðurfélagið Burðarás, 22. mars 2004.

sinni á fundinum. Varaði hann við uppstokkun félagsins og sérstaklega sjávarútvegshlutans.

Ekki var farið að ráðum Benedikts og stjórnaði Magnús Gunnarsson, sem stjórnarformaður Eimskipafélagsins, skútunni næstu mánuðina á eftir. Hans aðalverkefni fólst í að selja Brim, sjávarútvegshluta Eimskipafélagsins. Í nóvember sama ár voru kvóti og húseignir Dvergasteins á Seyðisfirði seld án þess að söluverð væri gefið upp, en það sagt hafa óveruleg áhrif á reikninga Eimskipafélagsins. Fljótlega eftir áramót 2003 og 2004 fór svo að draga til tíðinda. Tilkynnt var um sölu á Haraldi Böðvarssyni hf. til Granda og ÚA (Útgerðarfélag Akureyringa) til Guðmundar Kristjánssonar og fjölskyldu frá Rifi á Snæfellsnesi. Samanlagt var söluvirði þessara félaga Eimskipafélagsins á þessum tíma 16,8 milljarðar króna.

Daginn eftir, 15. janúar 2004, er Skagstrendingur seldur Fiskiðjunni Skagfirðingi á Sauðárkróki fyrir 2,7 milljarða króna. Ennþá voru fleiri eignir eftir innan Brims, meðal annars Boyd Line, sem síðan var selt fyrir 1,7 milljarða króna í byrjun febrúar sama ár. Í ársskýrslu fyrir árið 2004 kemur fram að hagnaður Eimskipafélagsins af sölu eigna Brims hafi numið 4,1 milljarði króna.

Í lok janúar hafði stjórn Eimskips einnig samþykkt að selja húsnæði sitt við Pósthússtræti í miðbæ Reykjavíkur undir rekstur hótels. Söluverðið var um 510 milljónir króna og hagnaðist félagið um 90 milljónir. Stuttu síðar selur Eimskip eignarhlut sinn í Skeljungi og hagnast um rúman milljarð á þeirri eign, sem var til komin áður en Björgólfsfeðgar náðu undirtökunum í félaginu.

**ÁRANGUR Á FIMM MÁNUÐUM**

„Rúmir fimm mánuður eru frá því að nýir aðilar tóku forustuna í félagi okkar. Á þeim tíma hefur gengi hlutabréfanna hækkað um 34 prósent, en frá 1992 hefur árleg ávöxtun verið rétt tæp 16 prósent. Eignir okkar – hluthafanna allra, nærri 16 þúsund manns – hafa á þessum tíma aukist um 11 þúsund milljónir króna," sagði Björgólfur Thor eftir að hann var kjörinn á aðalfundi í stjórn Eimskipafélagsins, sem síðan var breytt í móðurfélagið Burðarás, 22. mars 2004. Lagði hann mikla áherslu á að Burðarás ætti að einbeita sér fyrst og fremst að fjárfestingum.

„Nauðsynlegt er nú fyrir Ísland að eiga sterkan og öflugan fulltrúa á sviði fjárfestinga í heiminum, líkt og það var nauðsynlegt fyrir land og þjóð að eiga öflugt flutningafélag fyrr á árum. Burðarás verður þessi fulltrúi Íslands og mun félagið nýta sér það fé og þekkingu, sem myndast hefur innan félagsins, við uppbyggingu nútímalegra og arðvænlegra fyrirtækja," sagði Björgólfur við þetta tækifæri.

Árið 2004 var líka fjárfest í Íslandsbanka, breska bankanum Singer & Friedlander og sænska fjárfestingarbankanum Carnegie og Kaldbakur sameinaður Burðarási. Þá hefur verið fjárfest í Skandia, Novator, Cherryföretag og hluthafar fá bréf í Avion Group við skráningu þess félags.

**SÍÐASTA ÚTSPILIÐ Í BILI**

Björgólfur Thor var svo endurkjörinn formaður stjórnarinnar á aðalfundi 4. mars síðastliðinn. Þá styttist í endanlega umbreytingu félagsins, sem áður hafði þann megintilgang að sinna flutningastarfsemi. Eimskipshluturinn, um 94 prósent, var seldur til viðskiptafélaga þeirra Björgólfsfeðga í Avion Group, Magnúsar Þorsteinssonar, fyrir tæpa 22 milljarða króna. Hluti er greiddur með peningum og hluti með hlutabréfum í Avion Group sem hluthafar Burðaráss og nú einnig Straums fá í hendurnar. Skipafélagið verður svo rekið ásamt flugstarfseminni undir móðurfélaginu Avion Group, sem verður skráð í Kauphöll Íslands fyrir lok janúar á næsta ári, gangi allt upp. Hagnaður hluthafa Burðaráss vegna þessara viðskipta er sagður vera um 15 milljarðar króna fyrir skatta.

Í byrjun ágúst síðastliðins var svo ákveðið að sameina Burðarás Straumi og Landsbankanum; tveimur félögum sem réðu á sínum tíma miklu um örlög Burðaráss, sem þá hét Eimskipafélag Íslands. Straumur mun heita Straumur – Burðarás Fjárfestingarbanki. Landsbankinn mun taka út verðmætar eignir sem hann hyggst nýta sér til áframhaldandi verkefna erlendis.

Umbreytingarferli Eimskipafélagsins endar því þar sem það hófst fyrir tveimur árum.

**SELDU EIGNIR EIMSKIPAFÉLAGSINS**
**SÖLUHAGNAÐUR UM 25 MILLJARÐAR KRÓNA.**

| | |
|---|---|
| **19. september 2003** | |
| Flugleiðir | |
| Íslandsbanki | |
| Sjóvá-Almennum | |
| **Innleystur hagnaður:** | **5.109 milljónir króna** |
| **14. janúar 2004** | |
| Haraldur Böðvarsson | |
| Útgerðarfélag Akureyringa | |
| Skagstrendingur | |
| Boyd Line Management o.fl. | |
| **Innleystur hagnaður:** | **4.105 milljónir króna** |
| **28. janúar 2004** | |
| Húseign við Pósthússtræti 2 | |
| **Innleystur hagnaður:** | **90 milljónir króna** |
| **31. maí 2005** | |
| Eimskipafélag Íslands | |
| **Innleystur hagnaður:** | **15.500 milljónir króna** |
| **Samtals hagnaður fyrir skatta vegna sölu eigna:** | **24.800 milljónir króna** |

*Greiddur var 15 prósenta arður til hluthafa af nafnvirði hlutabréfa fyrir árið 2003 og 20 prósenta arður fyrir árið 2004. Auk þess hagnaðist Burðarás, móðurfélag Eimskipafélagsins, vegna annarra fjárfestingartekna.

**TJÓRNARFORMENNIRNIR**



**NESSON** Varaði hafa.



**MAGNÚS GUNNARSSON** Seldi sjávarútvegsfélög Eimskips.

**BANKAMENNIRNIR**



**FRIÐRIK JÓHANNSSON** Stýrði Burðarási í umbreytingarferlinu.



**SIGURJÓN Þ. ÁRNASON** Eimskip verðmætara í sundur en saman.



**ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON** Vann að uppstokkun Eimskips.



**BJARNI ÁRMANNSSON** Náði að tryggja hagsmuni Íslandsbanka.

AURASÁLIN

## Vonbrigði og draumar

**Aurasálin hefur skrifað** ritstjórum Frjálsrar verslunar og DV harðort bréf og kvartað yfir því hafa ekki verið á lista tekjuhæstu fjölmiðlamanna landsins. Á listanum eru nefndir hinir og þessir fjölmiðla- og ljósvakamenn sem fáir kannast við og hafa ekkert gert annað en að setjast í stjórn Blaðamannafélagsins.

**Það var sett saman** skotheld áætlun til þess að komast inn á þennan lista, enda að miklu að keppa. Hver vill ekki fá nafnið sitt birt í blöðunum? Aurasálin hefur verið með um fjórar milljónir í árslaun síðustu árin fyrir hin og þessi störf. Til þess að gulltryggja sér sæti á listanum yfir tekjuhæstu fjölmiðlamennina ákvað Aurasálin að skila ekki inn skattframtali.

**Það er nefnilega** almannarómur að sá sem skilar ekki inn skattframtali fær á sig þrefalda áætlun. Í tilviki Aurasálarinnar var reiknað með því að Skattmann myndi áætla að hún hefði haft tólf milljónir króna í laun á síðasta ári. Áætlunin gekk auðvitað út á það að samviskusamur blaðasnápur leitaði uppi Aurasálina í skrám skattstjórans og reiknaði út að mánaðarlaun hennar væru hvorki meira né minna en ein milljón króna á mánuði. Eflaust væri það Íslandsmet í tilviki fjölmiðlamanns.

**Þá hefðu allir** vinir Aurasálarinnar gengið upp að henni, klappað á bakið og sagt með öfundarsvip: „Helvíti eru menn að gera góða hluti í blaðamennskunni.“

**Aurasálin var með varaáætlun** í huga ef samviskusami blaðasnápurinn hefði ekki flokkað hana í réttan hóp. Hún hefði þá komist á lista fjármálasérfræðinga og bankamanna, sem einn helsti peningagúrú þjóðarinnar. Eflaust hefði hún vermt neðsta sætið. Hvað um það. Betri er slæm auglýsing en engin. Þá hefðu vinir hennar gengið upp á henni og sagt með vorkunnarsvip: „Helvíti var árið erfitt hjá þér.“

**Því miður** er ekki hægt að treysta á íslenska fjölmiðla nú frekar en fyrri daginn. Vonir og þrár Aurasálarinnar urðu að engu þegar Tekjublaðið kom út og hefur annað eins hneyksli ekki sést í langan tíma. Aurasálin er þó ekki af baki dottin og ætlar að leika sama leik á næsta ári. Nema að þá verður haft samband við ritstjórana áður en skrárnar verða birtar. Ef aðrir muna ekki eftir þér, þá verður þú bara að minna á þig. Þeir fiska sem róa. Með það í huga getur Aurasálin kært álagningu Skattmanns með bros á vör.

# „Hlýtur að vera svona gaman“

Eskimo Models er umboðsskrifstofa fyrirsæta auk þess að sérhæfa sig í að finna fólk í auglýsingar og kvikmyndir. Fyrirtækið rekur útibú í sex löndum og hyggur á frekari útrás. Jón Skaftason og Andrea Brabin, framkvæmdastjóri Eskimo, fengu sér hádegisverð á Jómfrúnni.



Fréttablaðið/Vilhelm

**ANDREA BRABIN, FRAMKVÆMDASTJÓRI ESKIMO MODELS** Andrea segir nokkrar toppfyrirsætur á skrá hjá Eskimo: „Hinni brasilísku Solange hefur til að mynda vegnað mjög vel, hefur verið í herferð hjá ekki ómerkari hönnuði en Gucci“.

Eskimo skiptist í tvær deildir; Eskimo sem er umboðsskrifstofa fyrir fyrirsætur af báðum kynjum og Casting sem sérhæfir sig í að finna fólk í auglýsingar og kvikmyndir.

Eskimo og Casting voru upphaflega tvö fyrirtæki og kom Andrea úr Casting-hlutanum, stofnaði fyrirtækið ásamt Jóni Þór Hannessyni í Sagafilm árið 1998: „Ég byrjaði hjá Sagafilm sem prufuleikstjóri. Jón Þór, eigandi Sagafilm, kom svo einhvern tíma til mín og stakk upp að við stofnuðum Casting, og var hugsunin sú að finna fólk í bíómyndir og auglýsingar. Ég lét slag standa og síðan hefur þetta þróast.“

Fyrirtækin tvö sameinuðust árið 2000 og tóku sér nafnið Eskimo Group. Andrea er einn eigenda fyrirtækisins ásamt Ástu Kristjánsdóttur sem á sínum tíma stofnaði Eskimo Models og Bjarneyju Lúðvíksdóttur. Þá eiga Sagafilm og breska fjárfestingarfélagið ESS einnig í fyrirtækinu.

Andrea þekkir þennan bransa út og inn enda var hún sjálf fyrirsæta á árum áður: „Ég er búin að vera í þessum bransa í 21 ár og spyr stundum sjálfa mig hvernig ég hafi enst svona lengi. Þetta hlýtur bara að vera svona rosalega gaman“.

### STÓR NÖFN

Eskimo hefur unnið að mörgum stórum verkefnum bæði hér heima og erlendis. Meðal annars hefur það séð um að útvega leikara fyrir erlendar stórmyndir á borð við Tomb Raider, Batman Begins, James Bond og síðast en ekki síst nýjustu stórmynd Clints Eastwood og Stevens Spielberg, Flags of Our Fathers, en tökur á henni hefjast hinn 13. ágúst næstkomandi í Sandvík: „Það þurfti að finna sex hundruð aukaleikara fyrir myndina og sáum við um þá vinnu. Hlutverkin eru mjög misstór en einhverjir íslenskir leikarar koma til með að fá setningar í myndinni.“

**Andrea Brabin**
Fæðingardagur: 25. desember 1968
Börn: Eva Lena sjö ára, Dagur tveggja ára

Það er þó ekki síður mikið að gera hjá Andreu við auglýsingagerð. Í hópi viðskiptavina Eskimo Casting eru mörg þekkt stórfyrirtæki; nægir þar að nefna símafyrirtækin Sony-Ericsson og Nokia, Sony Playstation og glæsijeppaframleiðandann Hummer. Þá hefur Eskimo aðstoðað við herferðir tískufyrirtækja á borð við Levi's, Timberland og Vero Moda: „Fólk veit kannski ekki af því en flest stærstu og þekktustu vörumerki heims hafa komið hingað til lands og tekið auglýsingar.“

### GRÍÐARLEG LANDKYNNING

Andrea segir gífurlega landkynningu felast í því þegar erlendar stórmyndir eða auglýsingar eru teknar upp hér á Íslandi. Þegar James Bond-myndin Die Another Day var tekin upp hér á landi komu til að mynda þrjú hundruð manns að utan til að vinna við myndina: „Það munar um minna. Við þetta koma gríðarlegir peningar inn í hagkerfið. Við sjáum strax mikinn mun á eftirspurn og áhuga á Íslandi þegar þessar stórmyndir koma út.“

Hlutverk Andreu og félaga er fyrst og fremst að mæla með fólki í hlutverk. Á gagnagrunni fyrirtækisins eru um fjögur þúsund skjólstæðingar: „Það fer eftir því hversu stórt nafn á í hlut hvort við vinnum með leikstjóranum sjálfum. Við fáum oftar en ekki handritið að myndinni í hendurnar, síðan snýst þetta bara um að finna réttu andlitin og rétta leikara fyrir hvert hlutverk. Það eru margir til kallaðir en fáir útvaldir.“

Þegar um stærri verkefni er að ræða eru starfsmenn fyrirtækisins á tökustað og sjá til þess að allt gangi vel fyrir sig: „Svona stórmyndir ganga eins og vel smurðar maskínur. Við tökur á Die Another Day voru til að mynda mörg hundruð manns að vinna saman, þannig að það má sjá að þetta er stórt og mikið batterí. Okkar hlutverk á tökustað er oftast nær að halda utan um okkar fólk og sjá til þess að enginn sé óánægður.“

### HORFA TIL KÍNA OG INDLANDS

Eskimo er með skrifstofur í sex löndum; á Íslandi, Tékklandi, Slóvakíu, Brasilíu, Indlandi og í Rússlandi: „Eskimo hefur verið í Síberíu í Rússlandi frá 1997. Við erum með 25 módel frá Síberíu og um fimmtíu til viðbótar í þjálfun. Hin löndin hafa síðan smám saman bæst við. Nú síðast Indland. Það má með sanni segja að við séum orðin hálfgert heimsfyrirtæki.“

Andrea segir að á skrá Eskimo séu nokkrar fyrirsætur í toppklassa: „Hinni brasilísku Solange hefur til að mynda vegnað mjög vel, hefur verið í herferð hjá ekki ómerkari hönnuði en Gucci. Síðan mætti nefna Vlödu frá Slóvakíu og auðvitað hana Eddu Pétursdóttur, sem hefur verið að gera frábæra hluti úti í New York.“

Eskimo horfir til Indlands, þar sem nýverið var sett upp skrifstofa, og Kína sem sinna tveggja framtíðarmarkaða: „Horfa ekki allir til Kína? Þar virðast hlutirnir vera að gerast. Ásta Kristjánsdóttir er á leiðinni þangað að kanna jarðveginn og athuga hvaða dyr standa okkur opnar.“

### BYGGJA EKKI UPP FALSVONIR

Hjá Eskimo starfa nú 25 til 30 manns víðs vegar um heiminn. Andrea segir frekari vöxt á dagskránni: „Við ætlum að styrkja böndin við Indland enn frekar. Það er mesta kvikmyndaframleiðsluland í heimi þannig að þar liggja gríðarleg tækifæri. Þeir vilja gera sínar myndir hratt og með litlum tilkostnaði. Við viljum vera milligönguaðili milli indverskra framleiðslufyrirtækja og íslenskra.“

Indverjar hafa hingað til tekið upp margar mynda sinna í Sviss en íslenska sumarið ætti að henta indverskum framleiðendum vel, enda bjart allan sólarhringinn: „Svo spillir ekki fyrir að skattaumhverfi hér á landi er hagstætt kvikmyndagerðamönnum,“ bætir Andrea við.

Eskimo horfir þó ekki aðeins austur á bóginn heldur hyggjast Andrea og félagar herja á Þýskalandsmarkað: „Það virðist vera mikill áhugi fyrir íslenskum leikurum í Þýskalandi. Við hyggjumst skoða þann möguleika frekar og fara til Þýskalands með nokkra af okkar bestu leikurum.“

Margir ungir Íslendingar ganga um með frægðardrauma í maganum og dreymir eflaust um að feta í fótspor fyrirsæta á borð við Eddu Pétursdóttur og arka um stræti stórborga í fatnaði frá frægustu hönnuðum heims.

Andrea segir þó að foreldrar þurfi ekki að hafa áhyggjur af börnunum sínum: „Við tökum ekki fyrirsætur upp á okkar arma nema við séum viss um að þær komi til með að fá verkefni. Við stöndum ekki í því að byggja upp falsvonir hjá ungu fólki.“

**„Við ætlum að styrkja böndin við Indland enn frekar. Það er mesta kvikmyndaframleiðsluland í heimi þannig að þar liggja gríðarleg tækifæri. Þeir vilja gera sínar myndir hratt og með litlum tilkostnaði. Við viljum vera milligönguaðili milli íslenskra framleiðslufyrirtækja og íslenskra.“**

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Andreu Brabin*
*framkvæmdastjóra Eskimo Models*

*Hádegisverður fyrir tvo á Jómfrúnni*

*Rækjupýramídi*
*Rauðspretta*
*Roast beef*
*Bombay-kjúklingur*

Drykkir:
*Þrjár Egils kristall í gleri*
*Alls krónur: 4.380*



# Áhættumat erfist frá öpum

**Vísindamenn hafa sýnt fram á að áhættumat apa og manna er hið sama. Flestir vilja frekar halda fengnum hlut en taka áhættu. Hagfræðingar hafa löngum talið þetta gloppu í kenningunni um hinn hagsýna mann.**

**Jón Skaftason**
skrifar

Apar, líkt og menn, vilja uppfylla grunnþarfir áður en þeir hefja auðsöfnun og hika við að taka áhættu með verðmæti. Flestir velja að halda fengnum hlut þrátt fyrir að helmingslíkur séu á að koma út í gróða.

Hagfræðingar hafa lengi talið þessa tilhneigingu gloppu í kenningunni um hinn hagsýna mann, homo economicus, en samkvæmt henni velur maðurinn ávallt þann kost sem hámarkar eigin gróða. Samkvæmt kenningunni ætti maðurinn því að taka áhættusamari kostinn í helmingi tilvika.

Vísindamönnum við Yale-háskóla lék forvitni á að vita hvort þessi tilhneiging ætti sér líffræði- eða félagslegar rætur. Brugðu þeir því á það ráð að gera tilraunir á forfeður mannsins, suður-amerísku apategundinni Cebus apella.

Apahóp var kennt hvernig ætti að koma upp peningahagkerfi. Vísindamennirnir létu öpunum í té glitrandi diska sem þeir fóru fljótlega að telja til verðmæta og byrjuðu að skipta diskunum fyrir mat í þar til gerðum „búðum“. Áður en langt um leið hafði apaflokkurinn tileinkað sér peningahagkerfi, tvö epli kostuðu einn disk og svo framvegis.

Þegar eplum var síðan fjölgað lækkaði verðið á þeim og fleiri diskar komu af stað verðbólgu, rétt eins og gerist hjá okkur mönnunum þegar aukning verður á peningum í umferð.

Næsta skref vísindamannanna var að rannsaka áhættumat apanna. Settir voru upp tveir sölubásar. Annar sölumanna bauð mat á því verði sem hafði áður tíðkast.

Hinn gaf hins vegar öpunum minna fyrir peninginn í helmingi tilvika en annars meira. Í ljós kom að aparnir skiptu nær undantekningarlaust við fyrri sölumanninn. Þeir völdu frekar öruggu leiðina, þrátt fyrir að seinni sölumaðurinn byði hagstæðari kjör í helmingi tilvika.

Af þessu drógu vísindamennirnir þá ályktun að áhættumat mannsins hefði erfst frá forfeðrum okkar, öpunum. Skýringin er líklega sú menn, og apar, þurfa að fullnægja grunnþörfum áður en hægt er að snúa sér að „æðri“ þörfum á borð við auðsöfnun.



**MANNAPAR** Sly Stallone og apinn á myndinni virðast ekki geta komið sér saman um hvort eigi að hrökkva eða stökkva. Samkvæmt nýjustu rannsóknum ættu þeir þó að hafa sama áhættumat.

# Eitt nýtt blogg á sekúndu

**Fjöldi bloggsíðna tvöfaldast á fimm mánaða fresti.**

Ný bloggsíða er sett á laggirnar á hverri sekúndu, samkvæmt skýrslu bandaríska fyrirtækisins Technocrati. Því virðist ekkert lát ætla að verða á bloggæðinu sem riðið hefur yfir heiminn undanfarin ár.

Í skýrslunni segir að í dag séu 14,2 milljónir bloggsíðna á internetinu, þeim hafi fjölgað um tæpar sjö milljónir frá því í mars á þessu ári og að fjöldi síðna tvöfaldist á fimm mánaða fresti.

Þrettán prósent síðna eru uppfærð að minnsta kosti einu sinni í viku og 55 prósent þeirra verða eldri en þriggja mánaða. Í skýrslunni stendur jafnframt að fyrirtæki á borð við MSN Spaces, Blogger og Livejournal, sem bjóði upp á ókeypis bloggsíður, séu í örum vexti og ekkert útlit sé fyrir að hægist á. **- jsk**

# Hræódýrar indverskar tölvur

**Opinbert markmið Indlandsstjórnar er að fimmfalda tölvufjölda í landinu og nífalda fjölda internettenginga fyrir árið 2010.**

Indverjar hafa hafið framleiðslu á ódýrum tölvum sem eiga að fullnægja öllum grunnþörfum notenda. Tölvan kostar um fjórtán þúsund krónur og er framleidd af indverska fyrirtækinu HCL Infosystems.

Það hefur lengi verið stefna ríkisstjórnar Indlands að fjölga tölvunotendum í landinu og nýtur HCL af þeim sökum ríkulegra niðurgreiðslna frá ríkinu við framleiðslu tölvanna.

Fjarskiptaráðherrann Dayanadhi Maran hefur prófað nýju tölvuna og segist hæstánægður: „Tölvan fullnægir flestum þörfum byrjenda auk þess sem hægt er að uppfæra hana.“

Fimmtán milljónir tölva eru í Indlandi í dag og fimm milljón nettengingar. Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að 75 milljónir tölva og 45 milljónir nettenginga verði í notkun árið 2010.

„Nú þegar við höfum lækkað verð á tölvum er mun líklegra að við náum þessu markmiði okkar,“ sagði Maran. **- jsk**



Fréttablaðið/AFP

**INDVERSKUR TÖLVUNOTANDI** Indverskt fyrirtæki hefur hannað tölvu sem er sögð fullnægja öllum grunnþörfum tölvunotenda og kostar aðeins fjórtán þúsund krónur.

Er einhver í þínu fyrirtæki sem heldur að skást sé best?



Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

og vodafone

Heyrumst!

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hlutabréfamarkaður skilar enn frábærri ávöxtun, en ástæða er til að fara varlega.

# *Gjöfull hlutabréfamarkaður*

**Hafliði Helgason**

Ekki verður annað sagt en að árið í ár hafi reynst gjöfult í hagrænu tilliti. Hlutabréf hafa hækkað verulega það sem af er ári og stendur árið í ár fyrirrennurum sínum síst á sporði í gjafmildi til fjárfesta.

Hækkanirnar hafa verið drifnar áfram af ýmsum þáttum. Almennt góðæri, endurskipulagning í viðskiptalífinu og útrás fyrirtækja í kjölfar einkavæðingar bankanna eru meðal helstu skýringanna á hækkun hlutabréfa. Öllum er ljóst að hlutabréfaverð mun ekki hækka með sama hraða til eilífðar og hættan á leiðréttingu markaðar eykst þegar hækkanir hafa verið jafn skarpar og nú.

Uppstokkun eigna Eimskipafélagsins er nú lokið, en þær hræringar hafa haft sitt að segja um spennustigið á markaði. Ólíklegt er að hræringar á innanlandsmarkaði verði sambærilegar á næstu árum og þær hafa verið undanfarin tvö ár. Því mun mestu máli skipta fyrir hlutabréfaverð hvernig til tekst við að ávaxta erlendar fjárfestingar íslenskra fyrirtækja. Vöxtur íslenskra fyrirtækja erlendis hefur verið gríðarlegur undanfarin ár og verið studdur af öflugum innlendum hlutabréfamarkaði. Stærð íslenskra fyrirtækja í hlutfalli við hagkerfið er hins vegar að nálgast það mark að fjármagn til frekari vaxtar verður tæplega sótt í miklum mæli á innlendan markað.

**Forstjóri KB banka lét þau orð falla þegar uppgjör bankans var kynnt að unnið væri að því að kynna bankann erlendum fjárfestum. Markaðsvirði bankans nú er hátt í fjögurhundruð milljarðar, sem er tæplega hálf landsframleiðsla þjóðarinnar.**

Raunar hafa forsvarsmenn stærstu fyrirtækja tjáð sig um næsta verkefni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegri sókn sinni. Forstjóri KB banka lét þau orð falla þegar uppgjör bankans var kynnt að unnið væri að því að kynna bankann erlendum fjárfestum. Markaðsvirði bankans nú er hátt í fjögurhundruð milljarðar, sem er tæplega hálf landsframleiðsla þjóðarinnar. Takist ekki að fá erlenda fjárfesta af svo stórum og öflugum fyrirtækjum mun það takmarka vaxtarmöguleika þeirra til framtíðar.

Núverandi uppsveifla og styrking krónunnar hefur verið vel nýtt af stærstu fyrirtækjum landsins. Fjármálastofnanir og fyrirtæki hafa nýtt eigið fé í krónum til erlendrar fjárfestingar, enda þótt erlent lánsfé hafi verið mikill hluti fjármögnunar kaupa á erlendum fyrirtækjum. Slíkt er til þess fallið að gera fyrirtækin minna næm fyrir innlendri hagsveiflu. Íslendingar hafa aldrei haft fleiri og styrkari stoðir til þess að mæta mótbyr.

Hitt breytist ekki að lögmálin gilda eftir sem áður og hætta á að núverandi þensluskeið endi með harðri lendingu er vissulega fyrir hendi. Þótt fyrirtækin sjálf hafi dreift eignum sínum með skynsamlegum hætti gætu eigendur innlendra hlutabréfa sem fjármagna eignir með erlendu lánsfé lent í vandræðum við snögga leiðréttingu á markaði. Slíkt gæti ýkt lækkanir á markaði, valdið tjóni og dregið úr tiltrú á markaðnum. Það er í það minnsta full ástæða til þess að almenningur taki varfærin skref inn á hlutabréfamarkaðinn og forðist að skuldsetja sig fyrir eignum í hlutabréfum.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is

# Ef konur eru jafn flinkar og karlar

**ORÐ Í BELG**



**Þór Sigfússon**
Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands

Konur skipa rétt um 10% af stjórnarsætum í íslenskum fyrirtækjum og konur í forystusveit íslenskra fyrirtækja eru fáar. Konur eru fáséðari í toppsætum í fyrirtækjum hér en til dæmis í Bandaríkjunum. Ef maður gefur sér það að konur séu álíka flinkar og karlmenn, en ekkert bendir til annars, þá ættu áhrifastöður að skiptast jafnar á milli kynjanna.

Meðan allt gengur vel má hins vegar spyrja hvort ástæða sé til að breyta en því má svara á þá leið að athuganir benda til þess að fyrirtækjunum gæti vegnað enn betur ef þau huguðu að fjölbreytni í stjórnun. Breskar og bandarískar athuganir benda til þess að fyrirtækjum sem hafa hvatt til fjölbreytni í forystusveit sinni vegni betur en öðrum.

Til að gera langa sögu stutta þá held ég að það geti orðið vending í þessum málum en til þess þurfa konur og karlar í viðskiptalífinu að hugsa hlutina upp á nýtt. Ég ætla að nefna nokkur atriði:

1. Stundum er haft á orði að ástæða þess að fólk er smeykt við útlenda strauma sé að það ókyrrist við það sem „ókunnugt“ er. „Ókunnugir“ útlendingar eru framandi og óræð stærð. Það sama á líklega við um viðhorf til margra kvenna í viðskiptalífinu. Sumir karlar óttast að kvenstjórnarmenn í fyrirtækjum verði „stífir“ og vandi sig svo að það hægi á kraftinum í fyrirtækjunum og þar með á Íslandsvélinni! Það er að hluta til rétt að konur kunna að vera öðruvísi en karlar en þeirra nálgun kann einmitt að skapa mikilvæga umræðu á stöðum þar sem oft er betra að umræða fari fram áður en ákvarðanir eru teknar.
2. Í gegnum tíðina hafa konur verið óduglegar að taka þátt í tengslanetum viðskiptalífsins. Þær halda úti sérstökum kvennafyrirtækjum, kvennaklúbbum og kvennatengslanetum. Þær eru með fyrirfram mótaðar hugmyndir um það að þeirra framgangur innan t.d. samtaka í viðskiptalífinu verði erfiður. Tengslanet kvenna geta verið góðra gjalda verð en það er fráleitt af konum að hella sér ekki í opin tengslanet í viðskiptalífinu.
3. Oft er rætt um að auka þurfi tækifæri kvenna til áhrifa í viðskiptalífinu. Hér þarf að eiga sér stað hugarfarsbreyting svo við nálgumst ekki konur sem eins konar fórnarlömb í íslensku viðskiptalífi sem færa þarf smá dúsur vegna jafnréttissjónarmiða. Málið snýst um að auka tækifæri viðskiptalífsins til að ná betri árangri með því að nýta sér fjölbreytni.



**Þegar stórfyrirtæki skila þúsundum og jafnvel tugþúsundum milljóna í hagnað í smáríkinu Íslandi og allt virðist leika í höndunum á „útrásarstrákunum okkar“ þá virðist það hálfgert tabú að ræða um mál kvenna í viðskiptalífinu.**

Þegar stórfyrirtæki skila þúsundum og jafnvel tugþúsundum milljóna í hagnað í smáríkinu Íslandi og allt virðist leika í höndunum á „útrásarstrákunum okkar“ þá virðist það hálfgert tabú að ræða um mál kvenna í viðskiptalífinu. Ritstjóri Frjálsrar verslunar var til að mynda inntur eftir því eftir útgáfu tölublaðs um konur í íslenskum viðskiptum hvort næst á dagskrá væri staða nýbúa eða annarra minnihlutahópa í íslensku efnahagslífi!

Við eigum að blása á þau sjónarmið að þetta mál þurfi ekki að ræða eða að það sé tengt umræðu um minnihlutahópa á Íslandi. Við þurfum að nýta allan þann mannauð sem lítið land býður upp á og því betur sem við gerum það, því líklegri erum við til að ná enn meiri árangri en við höfum náð til þessa. Í litlu landi er auðvitað mikilvægt að stækka þann hóp heimamanna sem úr er að spila í viðskiptalífinu um helming, úr 85 þúsund, sem er fjöldi vinnandi karla, í 170 þúsund manns þegar konur eru meðtaldar.

Hvergi í heiminum stofna hlutfallslega fleiri konur fyrirtæki en í Bandaríkjunum og um 10% stjórnarformanna Fortune 500 fyrirtækjanna eru konur. Í Bandaríkjunum er ástæða kröftugrar athafnamennsku kvenna ekki rakin til félagslegrar aðstoðar eða samúðar gagnvart jafnréttissjónarmiðum heldur vegna þess að markaðurinn þarf á fjölbreytni að halda og því meiri sem hún er, því betri árangur næst.

Verslaðu við traustan aðila!
Ægisskyggnin
–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu


• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar
• góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur
OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16
SEGLAGERÐIN ÆGIR
EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Doktor Atkins spikfeitur*

**Financial Times** | Financial Times segir gjaldþrot Atkins Nutritionals megrunarfyrirtækisins vera stórkostlegt áfall fyrir fólk sem eigi í vandræðum með líkamsþyngd sína. Áður en Atkins kom til sögunnar hafi það verið algild sannindi að megrunarkúrar væru stórkostleg kvöl og pína. Atkins hafi hins vegar verið alger draumamegrunarkúr; í stað grasmetis og léttsjeika hafi komið steikur, egg og beikon. Atkins hafi gert karlmönnum kleift að megra sig með reisn, án þess að þurfa að þola háðsglósur félagana. Blaðið veltir því síðan fyrir sér hverju megi kenna um hvernig komið er fyrir Atkins-fyrirtækinu og kemst að þeirri niðurstöðu að síðasta hálmstráið hafi ekki verið viðvaranir lækna um að kúrinn sé lífshættulegur, heldur hafi það verið sú staðreynd að doktor Atkins sjálfur var spikfeitur og dó fyrir aldur fram.

## *Skekkja spákaupmenn olíuverð?*

**The Times** | Graham Searjeant segir í The Times að markaðir séu svo viðkvæmir er kemur að olíu að minnsta truflun valdi miklum verðhækkunum. Meira að segja dauði Fahds Sádi-Arabíukonungs hafi hækkað verðið og þrátt fyrir að Abdullah krónprins hafi ráðið öllu í landinu frá því að Fahd fékk hjartaáfall árið 1995. Searjeant segir jafnframt að hátt olíuverð komi illa við hagkerfi heimsins og segist hafa reiknað það út að tíu dala hækkun olíuverðs verði til þess að framleiðni í heiminum minnki um 0,6 prósent. Hann fer stuttlega yfir olíuverð undanfarinna ára og rifjar upp að árið 1998 hafi fatið hæst farið í fimmtán dali. Searjeant bendir á að hlutabréf í olíufyrirtækjum hækki ekki í samræmi við olíuverð og það bendi til þess að verðið sé óeðlilega hátt, því megi reikna með lækkun olíuverðs hætti spákaupmenn að gera ráð fyrir áframhaldandi hækkunum.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Aukin smásala í Evrópu og útsölur hér á landi

Greiningardeild Íslandsbanka spáir 0,1 prósents lækkun á vísitölu neysluverðs í ágúst. Í verðbólguspá Íslandsbanka segir að útsölur á fatnaði og skóm séu í fullum gangi og hafi aftur mikil áhrif til lækkunar vísitölunnar. „Á móti vegur hækkun eldsneytisverðs sem fylgt hefur eftir hækkun á heimsmarkaðsverði. Einnig vegur á móti útsöluáhrifum hækkun á íbúðaverði. Reikna má með talsvert minni hækkun íbúðaverðs en kom fram í síðustu vísitölumælingu. Í spánni er jafnframt gert ráð fyrir minniháttar hækkun matvöruverðs en áhrif verðstríðsins á matvörumarkaði hafa gengið til baka að einhverju leyti. Þá munu ýmsar veigaminni verðbreytingar líklega koma fram í mælingunni.“

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að pakkaferðir til útlanda lækki sennilega í verði ásamt tölvum, reiðhjólum og útilegubúnaði en bílaverð komi til með að standa nánast í stað og kostnaður við heilsurækt aukast, svo eitthvað sé nefnt. Verðbólgan hjaðni til skemmri tíma og gert er ráð fyrir því að verðbólgan verði 3,3 prósent í ágúst en nú mælist hún 3,5 prósent.

**AUKIN SMÁSALA**

Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans kemur fram að smásala í löndum þeirra tólf þjóða sem nota evru hafi aukist í júlí frá fyrri mánuði. Helsta ástæða þess sé að verslanir lækkuðu verð til að freista kaupenda til aukinnar neyslu. Eykur það tiltrú manna um að hagvöxtur muni aukast á síðari helmingi ársins. „Vísitala sem Bloomberg heldur utan um og mælir smásölu, leiðrétta fyrir árstíðasveiflum, hækkaði í 51 stig úr 49,1 stigi sem hún mældist í júní. Byggist vísitalan á svörum 1.000 verslunarmanna úr könnun sem Bloomberg framkvæmir og þegar gildið er yfir 50 þýðir það

**Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að pakkaferðir til útlanda lækki sennilega í verði ásamt tölvum, reiðhjólum og útilegubúnaði en bílaverð komi til með að standa nánast í stað og kostnaður við heilsurækt aukast, svo eitthvað sé nefnt.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Eista og eftirspurn

Stjórnunarvandinn í Flugleiðum virðist hafa verið smávægilegur miðað við það sem er að gerast í stjórn easyJet.

Þar er allt í háalofti og alveg klárt að Hannes Smárason og félagar hans í Flugleiðum fylgjast spenntir með. Stelios-fjölskyldan hefur ekkert verið á því að selja hlut sinn í easyJet, en allir vita hvað gerist ef það sem áður var skemmtilegt verður skyndilega leiðinlegt, hvort sem það er vinna eða hjónaband. Þá fer hugurinn að leita annað. Það er því skynsamlegt hjá Flugleiðamönnum að auka hlut sinn í easyJet og styrkja stöðu sína ef eitthvað gerist.

Best væri fyrir þá að reyna að komast yfir 20 prósent, því þá geta þeir staðið á móti hlutum ef það hentar þeim. Hannes er með Jón Ásgeir með sér í þessu og sá þekkir auðvitað eitthvað til á breska markaðnum – hefur manni skilist.

Ef los kemst á Stelios er auðvitað fínt fyrir Hannes að vera með menn með sér sem eru snöggir að taka ákvarðanir. Baugsmenn munu örugglega ekki hika ef tækifærið gefst. Ég er því aftur farinn að horfa á Flugleiðir sem fjárfestingartækifæri, eftir að ég fékk smá skjálfta um daginn. Maður er náttúrlega með fullar hendur fjár eftir uppstokkunina á Burðarási. Þetta er að verða svo mikið fjör að það fer að verða erfitt að fá pening fyrir stórar stöður. Menn skiptast bara á bréfum. Markaðurinn milli þessara stærstu fer að verða eins og þegar við vorum að býtta á fótboltamyndum í gamla daga. Ekki það að það þurfi að vera slæmt. Sömu lögmálin giltu þar og á hlutabréfamarkaðnum nú. Framboð og eftirspurn verða stundum til eftir dularfullum leiðum.

Verðmætasta myndin var myndin af Malcolm McDonald, leikmanni Newcastle, sem var virði tveggja Kevin Keegan-mynda. Keegan var reyndar miklu betri leikmaður, en buxur McDonald voru rifnar og annað eistað sást hanga niður – og það var bara nokkuð stórt.

Spákaupmaðurinn á horninu






## FÓLK Á FERLI

**FRIÐJÓN HÓLMBERTSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri veitingasviðs



Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. Friðjón hóf störf hjá Ölgerðinni fyrir tveimur árum sem sölustjóri veitingadeildar. Friðjón hefur víðamikla reynslu á veitingasviðinu en undanfarin tíu ár hefur hann starfað við vín- og veitingageirann. Hann var hluthafi og einn af stofnendum Tanksins ehf. sem á og rekur Burger King og TGI Friday's á Íslandi. Áður en Friðjón hóf störf hjá Ölgerðinni var hann sölustjóri áfengis hjá heildverslun Karls K. Karlssonar en frá árinu 1995 til 2001 var hann sölu- og markaðsstjóri Allied Domecq á Íslandi.

**KJARTAN PÁLL EYJÓLFSSON** hefur tekið við framkvæmdastjórn sölusviðs Öl-



gerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. Kjartan hóf störf hjá Ölgerðinni árið 2002 sem vöruflokkastjóri en undanfarið ár hefur hann starfað sem sölustjóri yfir stórmörkuðum. Ábyrgðarsvið Kjartans í dag er sala á öllum vörum Ölgerðarinnar utan áfengis, í stórmörkuðum, bensínstöðvum eða söluturnum. Kjartan ber einnig ábyrgð á útibúum Ölgerðarinnar um allt land. Kjartan lauk BS-gráðu í markaðsfræðum frá Coastal Carolina University árið 2002 en áður en hann hélt utan til náms starfaði hann hjá sölu- og markaðsdeild Mjólkursamsölunnar og síðar hjá Sól Víking. Á þessum tíma öðlaðist Kjartan víðtæka reynslu í sölu- og markaðsmálum á drykkjarvörumarkaði.

**GUÐBRANDUR ÖRN ARNARSON** hefur verið ráðinn þróunarstjóri 365 til að



sinna uppbyggingu nýrra viðskiptaeininga innan fyrirtækisins. Undanfarin fjögur ár hefur Guðbrandur Örn starfað meðal annars sem markaðs- og sölustjóri hjá EJS, sem framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs EJS og nú síðast sem þróunarstjóri fyrirtækisins. Áður starfaði hann við vöruþróun hjá Mobilestop.com í Bandaríkjunum og þar áður sem sölu- og markaðsstjóri Miðheima-Skímu og Háskólabíós. Guðbrandur Örn er með BA-próf í heimspeki og MBA-gráðu með áherslu á stjórnun og upplýsingatækni.

# Sækja á Bretlandsmarkað

**Halla Rut Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Ice in a bucket, hefur byggt upp eitt áhugaverðasta smásölufyrirtæki landsins, sem rekur sex verslanir. Þörfin fyrir skartgripi, belti, töskur og snyrtivörur á skikkanlegu verði er mikil. Eggert Þór Aðalsteinsson settist niður hjá þessari kjarnakonu og heyrði hana segja frá útrásarhugsunum keðjunar og konum í viðskiptum.**

Ef til vill kemur það mörgum á óvart að heyra að Ice in a bucket skuli vera alíslenskt merki, enda hljómar það eins og heiti erlendrar stórkeðju. Félagið á rætur sínar rekja aftur til ársins 2001, þegar Halla Rut Bjarnadóttir og Agnar Örn Jónasson opnuðu litla verslun í Kringlunni. Keðjunni hefur vaxið fiskur um hrygg og er nú á sex stöðum.

Eigendurnir hyggja á frekari landvinninga og beina spjótum sínum að einum fremsta smásölumarkaði Evrópu – Bretlandi – ef nægilegt fjármagn fæst.

**Ice in a bucket**
Eigendur: Halla Rut Bjarnadóttir og Agnar Örn Jónasson.
Fyrirtækið stofnað árið 2001.
Verslanir: Sex verslanir – þar af fjórar á landsbyggðinni
Starfsmenn: Um 20
Velta: Ekki uppgefin

### MIKILL VÖXTUR Á SKÖMMUM TÍMA

„Við opnuðum fyrst litla búð í Kringlunni. Það voru mjög fáir sem höfðu trú á hugmyndinni í fyrstu," segir Halla. Hún viðurkennir að mikil vinna hafi farið í að koma hugmyndinni á koppinn. Hún gekk með hugmyndina í maganum í tvö ár áður en af henni varð.

Hugmyndin var sú að opna eins konar íslenska útgáfu af bresku verslunarkeðjunum Accessorize og Claire's þar sem boðið yrði upp á fylgihluti, skartgripi, töskur, belti, snyrtivörur og svo framvegis fyrir konur á öllum aldri á góðu verði.

Hjólin fóru að snúast strax og reksturinn sýndi hagnað fyrstu þrjá mánuðina. Þau opnuðu á Akureyri ári seinna og svo í Smáralindinni og umfangið hélt áfram að aukast. Önnur verslun var opnuð á Akureyri og Kringlubúðin var stækkuð með því að flytja sig upp á aðra hæð. Á þessu ári voru opnaðar tvær verslanir, í Hveragerði og á Selfossi.

„Reksturinn hefur alltaf skilað hagnaði og verið jafn og stöðugur að öðru leyti. Veltuaukningin hefur verið í öllum verslunum á hverju ári og allar skila þær hagnaði," segir Halla.

### SÉRFRAMLEIÐSLA ÁBERANDI

Gríðarleg vöruvelta er hjá verslununum og eru seldar fleiri hundruð vörur á hverjum einasta degi. Fyrirtækið rekur einnig fimm hundruð fermetra lagerhús þar sem starfsmenn keppast við að verðmerkja og flokka.

Mikið af vörunum eru hannaðar af Höllu Rut og sérframleitt fyrir Ice in a bucket en einnig eru keyptar inn vörur héðan og þaðan. Fyrirtækið kaupir af tvö hundruð birgjum og skiptir ört um þá.

Vörunum er skipt í grunnvörur og tískuvörur. Grunnvörurnar eru til dæmis ýmsar spennur, teygjur og klassískir skartgripir og eru að mestu leyti sérframleiddar. Tískuvörurnar eru einkum keyptar frá Bretlandi, Frakklandi, Ítalíu og Þýskalandi.

Vægi sérframleiðslunnar er alltaf að aukast, enda er innkaupsverð mun lægra af henni en á móti þarf að kaupa inn töluvert magn sem dugar kannski í ár. Mikil verðmæti geta því legið í lagernum.

Halla er fús að viðurkenna að gríðarleg vinna felist í því að reka stóra keðju sem þessa en fyrirtækið er vel skipulagt. Um tuttugu starfsmenn starfa fyrir Ice in a bucket.

### FÆRA ÚT KVÍARNAR

„Ice in a bucket var stofnað með það í huga að fara í stóru samkeppnina í Bretlandi," segir Halla blákalt. „Við viljum opna þrjár til fimm verslanir á Bretlandseyjum til að byrja með og svo eina verslun á mánuði." Draumurinn er sá að opna eitt hundrað verslanir á Bretlandseyjum sem sameini vöruúrval helstu samkeppnisaðila á borð við Accessorize and Claire's. Halla segir að viðskipta- og markaðsáætlanir liggi fyrir, búið sé að finna húsnæði og ráðgjafarfyrirtækið Oury Clark Corporation Finance er meðal annars að vinna að verkefninu.

„Það er mikilvægt að opna á réttum stöðum ef af þessu verður. Við höfum mikinn áhuga á að opna til að byrja með á túristastað eins og í Brighton, sem og í verslunarmiðstöðvum nærri London."

Halla bendir á að breski smásölumarkaðurinn sé í lægð og því sé gott tækifæri til að fara inn á hann um þessar mundir. Þau fyrirtæki í smásölurekstri sem skila mestum hagnaði eru einmitt þau sem selja ódýra aukahluti eins og Accessorize og Monsoon eða ódýran fatnað eins og New Look.

### KALLA Á FJÁRFESTA

Útrásin er þó háð fjármagni og nú er leitað logandi ljósi að því. Startkostnaður er um eitt hundrað milljónir króna og segir Halla að hlutafjárloforð liggi frá fjölmörgum aðilum. Nú vanti að banki eða stærri fjárfestar leggi inn um sextíu milljónir.

Hún óttast helst að bankarnir hafi einungis áhuga á stórum aðilum þegar kemur að því að lána til fjárfestinga erlendis. Ekki sé hægt að leita til Nýsköpunarsjóðs og því séu fáar leiðir fyrir minni fyrirtæki til að leita sér að fjármagni.

Halla vonar að hugmyndin strandi ekki á skilningsleysi karlmanna sem eru aðalleikararnir í viðskiptalífinu. Hún tekur dæmi af eigin fyrirtæki: „Við erum að selja konu- og stelpudót. Karlmenn hafa ekki áhuga á spennum og skarti og skilja ekki þessar vörur. Þeir átta sig ekki á hvað konur eyða miklu í aukahluti á hverju ári. Konur eru í eðli sínu sjúkar í aukahluti og maður sér enga konu sem ber ekki skart á sér."

Lánaumsókn liggur inni hjá Landsbankanum og bíður hún spennt eftir því að sjá hvort bankinn hafi trú á konum í viðskiptum.




Markaðurinn/Heiða

**HALLA RUT BJARNADÓTTIR, EIGANDI ICE IN A BUCKET** Rekur stærstu verslanakeðju landsins sem selur aukahluti. Veltan og umfang hafa vaxið hröðum skrefum og nú vilja eigendur færa út kvíarnar.





SKJALASKÁPAR
SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR

ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is


## BESTA RÁÐIÐ

# Lifir fyrir vinnuna

Kristján B. Jónasson, þróunarstjóri hjá Eddu – útgáfu og rithöfundur, segist hafa einfalt ráð að gefa: Vinnan er allt og hún er lífsstíllinn. „Ef maður hefur ekki áhuga á henni þá er allt eins gott að flytja til Mósambík og byrja nýtt líf. Hún er allt sem maður gerir og ég held að mér væri ómögulegt að lifa án hennar." Kristján hefur lengi verið viðloðandi ritstörf og bókaútgáfu og þekkir vel til hlutanna þar. „Ég held að allir sem eru í bókaútgáfu og menningarlegum viðskiptum leggi mikið upp úr vinnunni og hugsi þannig að hún skipti máli."

Miklar breytingar hafa orðið á bókaútgáfu á Íslandi á undanförnum árum en nú er hún eins og hver annar rekstur. „Það hefði þurft að segja mér þrisvar fyrir nokkrum árum að einkafyrirtæki gæti eingöngu byggt starfsemi sína á útgáfu bóka." - epa



**KRISTJÁN B. JÓNASSON** Kristján er vinnufíkill og leggur mikið upp úr vinnunni. Hann væri fluttur til fjarlægra landa ef hann hefði ekki áhuga á því sem hann gerir.

## FÓLK Á FERLI

**JÓN BJÖRNSSON** hefur verið skipaður forstjóri Magasin du Nord en hann gegnir nú stöðu forstjóra Haga hf. Jón fæddist árið 1968 og útskrifaðist með BSc-gráðu í stjórnun frá Rider-háskóla í New Jersey árið 1991. Hann hefur víðtæka reynslu í smásölugeiranum, bæði í matvælasmásölu og í rekstri sérverslana, enda hefur hann unnið smásölu og rekstur verslana síðastliðin 14 ár. Jón hefur átt sæti í stjórn Magasin síðan í ársbyrjun 2005. Frá 2003-2005 sat hann í stjórn Mosaic Fashions, sem starfrækir verslanirnar Oasis, Coast, Karen Millen og Whistles um allan heim, auk þess að sitja í stjórn bresku tískuvöruverslanakeðjunnar MK One. Jón hefur staðið að opnun nýrra Debenhams-verslana í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn, sem eru tvær stærstu stórverslanir sem opnaðar hafa verið á Norðurlöndunum á undanförnum árum.



**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON** hefur verið ráðinn forstjóri Og Vodafone. Árni útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991. Árni er með víðtæka reynslu úr viðskiptalífinu en hann hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri Skipaafgreiðslu Jes Zimsen hf., sem forstjóri Tollvörugeymslu Zimsen hf. og sem framkvæmdastjóri markaðssviðs heildsölu Olís. Frá árinu 2001 starfaði Árni sem framkvæmdastjóri matvörusviðs Baugs og síðar sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Haga hf. Árni var stjórnarformaður Lyfju hf. og situr í stjórn Skeljungs hf. og Húsasmiðjunnar hf.



**ÁRNI GEIR PÁLSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Latabæjar. Árni var framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Icelandic Group (SH) frá árinu 2000. Á árunum 1999 til 2000 gegndi hann stöðu forstöðumanns viðskiptaþróunar hjá Frjálsri fjölmiðlun. Hann var framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi auglýsingastofunnar Mátturinn og dýrðin á árunum 1994 til 1997. Árni Geir var markaðsstjóri Samskipa 1993 til 1994. Hann starfaði sem verðbréfamiðlari bæði hjá Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og VÍB á árunum 1989 til 1993. Árni Geir lauk prófi í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands árið 1989 og meistaraprófi í alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Business School árið 2000.



# Íslandsbankasjóður hærra metinn

**Fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum.**

Matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur hækkað einkunn ÍSB Global Equities úr þremur stjörnum í fjórar. S&P metur um sex hundruð sjóði og fá tíu prósent þeirra fimm stjörnur sem er hæsta einkunnin. Sjóðir sem eru í sætum 61 til 180 fá fjórar stjörnur.

„Við erum afar kát með einkunnagjöfina, enda mælir hún frammistöðu okkar yfir nokkuð langan tíma og sýnir að við erum að skila arðsemi sem fyrir ofan meðaltal. Hún þýðir auðvitað að við stöndum okkur vel í samkeppni við aðra sjóði,“ segir Alexander J. Dean, sjóðsstjóri hjá Íslandsbanka.

Hann segir að sjóðurinn hafi stækkað gríðarlega á síðustu þremur árum eða úr fjórum milljónum dala í 140 milljónir. Það eru einkum lífeyrissjóðir sem fjárfestu í honum en einstaklingar hafa í vaxandi mæli komið inn. „Við viljum stækka sjóðinn enn frekar. Þóknunin er aðeins eitt prósent sem er lág upphæð miðað við þá ávöxtun sem við höfum skilað.“

ÍSB Global Equities hefur það að markmiði að fjárfesta í hlutabréfum 40-60 skráðra, alþjóðlegra fyrirtækja hlutabréfum. Alexander segir að sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Bandaríkjunum, Rússlandi, Ungverjalandi og Indlandi.

Einnig fjárfestir sjóðurinn í breytanlegum skuldabréfum og afleiðum. - eþa




**HÆRRI EINKUNN** ÍSB Global Equities, alþjóðlegur hlutabréfasjóður, fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum frá Standard & Poor's.

# Adidas kaupir Reebok

**Evrópski íþróttarisinn vill með kaupunum auka markaðshlutdeild sína í Bandaríkjunum. Samanlögð sala Adidas og Reebok í Bandaríkjunum nam á síðasta ári 250 milljörðum króna.**

Þýski sportvöruframleiðandinn Adidas-Salomon hefur lagt fram 250 milljarða króna tilboð í bandaríska framleiðandann Reebok.. Með kaupunum hyggst Adidas leggja til atlögu við bandaríska íþróttarisann Nike, sem hefur yfirburðastöðu á Bandaríkjamarkaði.

Kaupin bíða þó samþykktar samkeppnisyfirvalda í Bandaríkjunum. Tilboð Adidas hljóðaði upp á 59 dali á hlut og ruku hlutabréf í Reebok upp um sextán prósent er fréttirnar bárust.

„Þetta var einstakt tækifæri til að sameina tvö stærstu og þekktustu íþróttavörufyrirtæki á markaðnum,“ sagði Herbert Hainer, forstjóri Adidas.

Rúmlega helmingur alls íþróttavarnings í heiminum selst á Bandaríkjamarkaði, en talið er að með kaupunum á Reebok muni Adidas tvöfalda sölu sína í landinu. Samtals seldu fyrirtækin fyrir um 250 milljarða króna í Bandaríkjunum á síðasta ári.



**BECKHAM Í ADIDAS** David Beckham er ein stærsta stjarna Adidas. Fyrirtækið hefur nú fest kaup á bandaríska sportvöruframleiðandanum Reebok.

Auk Adidas og Reebok hefur Adidas-Salomon ýmis þekkt vörumerki á sínum snærum og nægir þar að nefna golfmerkin Taylormade og Maxfli. - jsk

## FÓLK Á FERLI

**ÍVAR J. ARNDAL** hefur verið ráðinn forstjóri ÁTVR. Hann hefur gegnt starfi aðstoðarforstjóra ÁTVR frá árinu 2000 og var settur forstjóri í eitt ár 2003 til 2004. Ívar hefur starfað hjá ÁTVR undanfarin fimmtán ár. Hann er vélaverkfræðingur að mennt, en hefur einnig meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu, auk náms í viðskipta- og rekstrarfræði.



**FINNUR ÁRNASON** hefur verið ráðinn forstjóri Haga hf. Finnur hefur starfað hjá Högum, áður Baugi, frá stofnun fyrirtækisins árið 1998, undanfarin ár sem framkvæmdastjóri Hagkaupa. Finnur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og lauk prófi í rekstrarhagfræði frá University of Hartford árið 1987.



**GUNNAR INGI SIGURÐSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 10. ágúst 2005. Gunnar Ingi er 37 ára og hefur verið rekstrarstjóri verslana Hagkaupa frá árinu 1998. Gunnar Ingi er viðskiptafræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og lauk áður prófi í iðnrekstrarfræði frá Tækniskóla Íslands. Gunnar Ingi var framkvæmdastjóri Bónus birgða 1997-1998 og var sölustjóri hjá Nóa Síríus frá 1994-1997.



Er þitt fyrirtæki að leita að

jákvæðum og dugmiklum starfsmanni með góð meðmæli, menntun og mikla reynslu á eftirfarandi sviðum..........

- Markaðs- og sölumál
- Fræðslumál
- Starfsmannamál
- Ráðgjöf

.........ef svo er sendu þá upplýsingar á Fréttablaðið fyrir 25. ágúst, merkt "SFS-560" Öllum verður svarað.

FRÉTTAMENN ÓSKAST

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu sendar til Þórs Jónssonar varafréttastjóra, Lynghálsi 5, 110 Reykjavík eða á netfangið thor.jonsson@365.is fyrir 20. ágúst 2005.

Sigmundur Ernir Rúnarsson
Fréttastjóri/Editor in Chief

365 ljósvakamiðlar óska eftir að ráða fréttamenn til starfa. Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku máli og vera vel að sér í þjóðmálum. Kunnátta í erlendum tungumálum er einnig mikilvæg.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# Auðveldara að komast þangað sem ferðinni er heitið

**TÖLVUPÓSTURINN**

*Til Bjarna Snæbjörns Jónssonar*
*framkvæmdastjóra IMG Ráðgjafar*



**Hvers vegna er mikilvægt fyrir fyrirtæki að hafa skýra framtíðarsýn?**
Það hefur oft verið haft á orði, að ef maður veit ekki hvert ferðinni er heitið, þá eru allar leiðir jafn góðar. Skýr framtíðarsýn er afar mikilvæg hverju fyrirtæki. Ástæðan er sú, að hafi fyrirtæki framtíðarsýn og stefnu, er auðveldara að einbeita kröftum að því að komast þangað sem ferðinni er heitið. Orðið framtíðarsýn er að ýmsu leyti misvísandi vegna þess, að skýr framtíðarsýn stýrir í rauninni bæði ákvörðunum og aðgerðum í nútíð, ekki í framtíð. Sé sýnin ekki skýr eru líkur á því að í stað þess að vinna markvisst að því að komast alla leið og leggja það á sig sem þarf er hætt við að jafnóðum og eitthvað kemur upp á verði önnur leið valin þangað til hún virðist ekki fær, síðan önnur leið og svo koll af kolli. Hverjum sem er verður lítið ágengt með því móti.

**Hvað er mikilvægt að hafa í huga þegar framtíðarsýn er mótuð?**
Það er mikilvægt að framtíðarsýn sé skiljanleg öllum þeim sem hafa hlutverki að gegna. Þess vegna er ekki nægilegt að framtíðarsýn sé mótuð af þröngum hópi æðstu stjórnenda. Það virkar eins og bíll með lokuðum vörukassa, þar sem bílstjórinn og einhverjir meðreiðarsveinar sjá út en aðrir sitja aftur í og virða fyrir sér myrkrið. Framtíðarsýn og stefna stjórnenda og almennra starfsmanna er skilgreind með mismunandi hætti, þar sem hún verður sífellt í fínni dráttum eftir því sem dýpra er farið í starfsemi fyrirtækisins. Ef starfsmenn skilja ekki hvað þeir leggja af mörkum og hvernig þeir gera það til þess að ná lokatakmarkinu og vinna leikinn, þá er hætt við að hver og einn móti sína eigin stefnu og áherslur. Það er mikilvægt að geta skilgreint lokatakmark, eða sigurinn, þannig að allir átti sig á því að hverju er stefnt. Það er líka mikilvægt að gera það þannig að það skapi almennan áhuga og spennu. Oft er þetta gert með því að skilgreina fyrirtækið og starfsemi þess að tilteknum tíma liðnum og vinna sig til baka til þess að skilgreina leiðina og þau markmið og áfanga sem þar fylgja. Það er jafnframt mikilvægt að skilgreina mælanlegan árangur sem er auðvelt að staðreyna og miðla til annarra, þannig að allir átti sig á því hvort eitthvað miðar í rétta átt. Árangur þarf að skilgreina þannig að allir sem hlut eiga að máli geti tengt sig við lokatakmarkið með því að fylgjast með eigin árangri.

**Er framtíðarstefna og markmið sami hluturinn?**
Það sem einkennt hefur umræðu um stefnumótun er mismunandi skilningur sem lagt er í hugtök eins og framtíðarsýn, framtíðarstefna, hlutverk, stefnumið, markmið og svo framvegis. Margir vilja halda því fram, að ekki sé munur á framtíðarsýn og markmiði. Ég vil hins vegar greina þarna á milli, þar sem ég tel framtíðarsýn vera lýsingu á einhverri heild eða heildarniðurstöðu sem stefnt er að og höfðar til allra hagsmunaaðila, en markmið er frekar lýsing á árangri sem þarf að ná á í viðleitni við að skapa heildina.

**Hvernig geta fyrirtæki undirbúið sig undir framtíðina á annan hátt en að hafa skýra framtíðarsýn?**
Burt séð frá framtíðarsýn geta fyrirtæki best undirbúið sig undir framtíðinna með því að missa ekki sjónar á nútíðinni og nauðsyn þess að vera alltaf í toppformi að því er varðar innri starfsemi (alltaf viðbúin). Það er í þessu eins og öðru, að hamingja og árangur kemur innan frá og þau fyrirtæki sem sýnt hafa bestan árangur til lengri tíma einkennast af miklum innri styrk og því að halda sér stöðugt í framúrskarandi formi.


SKJALASKÁPAR
SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR
-og allt á sínum stað!



ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is





ÖRN VALDIMARSSON „Maðurinn hefur alltaf viljað vita um framtíðina en við höfum ekki spáð svo mikið í það hvort eða hvernig við getum stjórnað henni eða örvað sköpun hennar," segir vefstjóri KB banka.

# Áskorunin felst í framtíðinni

**Búa má fyrirtæki undir framtíðina með því að móta framtíðarstefnu sem byggir á vel ígrundaðri framtíðarsýn. Örn Valdimarsson, vefstjóri KB banka, rannsakaði framtíðarsýn íslenskra fjármálafyrirtækja í mastersritgerð sinni.**

Örn segir lykilatriði fyrir fyrirtæki að hafa framtíðarsýn. Framtíðarsýn gengur ekki út á það að spá fyrir um framtíðina heldur að lýsa hugsanlegri framtíð. „Áskorunin er síðan sú hvernig fyrirtækin taka á hverri sýn," segir Örn.

Þegar litið er til framtíðar er allt háð óvissu en til að renna ekki blint í sjóinn er hægt að byggja á fortíðinni og giska síðan á hvernig málin þróast. Örn setti saman fjórar mismunandi framtíðarsýnir en út frá mismunandi framtíðarsýn geti fyrirtækið mótað sér framtíðarstefnu. Örn nálgast framtíðina bæði með bjartsýni og svartsýni í pokahorninu.

Örn notast við svokallaða scenario-greiningu eða sviðsmyndagreiningu. Hluti af þeirri aðgerð er að gefa hverri sýn nafn. Shell International byrjaði að þróa þessa aðferð og í dag nota mörg alþjóðleg fyrirtæki þessa aðferð við stefnumótun.

**MÁLIÐ ER**
*Framtíðarsýn fjármálafyrirtækja*

Örn valdi fernar ólíkar framtíðarsýnir sem miðast við árið 2015 og leggur áherslu á að framtíð sé í fleirtölu. Fyrsta framtíðarsýnin einkennist af svartsýni, sú næsta er aðeins bjartari, sú þriðja byggir á vexti í takt við íslensk fyrirtæki og sú fjórða þar sem viðskiptavinurinn ráði öllu. Örn segir ímyndunarafl einkenna framtíðarsýn sína en hún er einnig nokkur húmor.

**SVARTSÝNI – FÆREYSKA LEIÐIN**
Örn segir svartsýni og alvarlega kreppu einkenna fyrstu framtíðarsýnina. „Íslensk fyrirtæki eru komin í sjálfheldu og staða bankanna gagnvart erlendum lánadrottnum erfið." Þessi kreppa hrjáir bæði einstaklinga og fyrirtæki og fjöldi gjaldþrota aldrei verið meiri. Atvinnuleysi fer í tuttugu prósent og öll fyrirtæki verða rekin með tapi. Örn segir bankana stefna í þrot. Fasteignamarkaðurinn hafi hrunið og bankarnir leyst til sín fasteignir. Sparisjóðirnir hafi sameinast í einn sparisjóð, Sparisjóð Íslands og nágrennis. Landsbanki hafi yfirtekið viðskiptabankasvið Íslandsbanka með miklum kostnaði. Öðru hverju útibúi hafi verið lokað. „Allir eru að bíða eftir að eitthvað gerist en enginn hefur frumkvæði og forystu."

Í ljós kemur að útrás bankanna hafi verið illa skipulögð og KB banki hafi ekki ráðið við stærð markaðarins né vöxtinn. Árið 2015 hafi afleiðingar fjármálaóreiðu og stefnuleysis komið fram í alvarlegri kreppu. Menntun hrakar og tryggð viðskiptavinanna er engin. „Óhóflegar fjárfestingar bankanna urðu þeim að falli," segir Örn ábúðafullur. Bjartsýni íslensku þjóðarinnar og oftrúin á eigið ágæti víkur fyrir svartsýni og minnimáttarkennd. Afleiðingar verða í stutu máli gjaldþrot, uppgjöf, samdráttur, missæti, vonleysi, vinnudeilur, kjaraskerðing, atvinnuleysi og atgervisflótti.

**STEFNAN MÖRKUÐ**
Örn gefur annarri sýninni nafnið skandínavíska leiðin en hún einkennist af bjartari sýn á framtíð íslenskra fjármálafyrirtækja sem mætti kenna við vöxt með útrás og kostnaðarlækkun með stærðarhagkvæmni. Reynst hafi vel að kaupa starfandi fjármálafyrirtæki og treysta þannig á núverandi viðskiptavini. „Íslenski fjármálageirinn náði miklum og dýrmætum árangri á undanförnum árum, jafnt í útrás sem og í stuðningi við íslenskt atvinnulíf í sókn þess á erlenda markaði. Samhliða hafa miklar framfarir orðið í þjónustu fjármálafyrirtækja við einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi."

Hér er gengið út frá því að innan skamms verði teknar stefnumótandi ákvarðanir um raunverulega og heilsteypta útrásarstefnu. Miklar yfirtökur á erlendum bönkum og samræmdar aðgerðir til þess að bæta stjórnun og þróun fjármálafyrirtækjanna.

Íslensku bankarnir hafi oftast fjárfest á réttum stöðum en upp hafi komið þó nokkur dæmi um að bankarnir hafi verið of tækifærissinnaðir.

**BRESKA LEIÐIN**
Örn segir erfiðara að útskýra bresku leiðina vegna þess að hún hafi þróast í kringum kjarnafærni fyrirtækja og klasa sem hafi myndast erlendis. Stuðningur við útflutningsatvinnuvegi annars vegar og hins vegar fjármálaklasa sem myndast hafi í London. Bankarnir standi með fyrirtækjum sem leggist í víking. Sameiginleg þróun og samkeppni á upplýsingatæknisviði hér á landi hefur leitt til þess að viðskiptabankaklasi hafi myndast. Árið 2015 nái Íslendingar að vera stærsti netbanki í Evrópu. Meira en 75 prósent af öllum bankaviðskiptum í Evrópu eru í gegnum netið og því geti íslenskir bankar keppt við erlendra banka og boðið lægra verð. Bankarnir taki áhættu með viðskiptavinum sínum.

**SKIPTA UM BANKA EINS OG FÖT**
Þýska leiðin byggist á þeirri sýn að ákveðin áhætta sé á því að frumkvöðlar geti komið og náð góðum hluta markaðarins á kostnað stærri fyrirtækja. Viðskiptavinir séu tilbúnir að fórna persónulegum samskiptum fyrir betri kjör. Örn segir þessa mynd eiga við þegar almenn rekstrarskilyrði hafi átt sér stað á ýmsum sviðum og óvæntir sprotar hafi vaxið hratt og dafnað vel. „Heilar atvinnugreinar virðast hafa sprottið af sjálfum sér," segir Örn bjartsýnn.

Viðskiptavinir viti vel hvað í boði er og vilji fá góða þjónustu við sitt hæfi. Bankarnir berjist um hvern viðskiptavin og viðskiptavinir skipta um banka eins og þeir skipa um föt.

Eitt sem einkenni þessa sýn er einnig að þjónustugjöld og álagning hefur dregist saman. Einnig hafi ábyrgðarmenn verið aflagðir. Fyrirtæki á borð við símafyrirtæki, matvöruverslanir hafi náð að hrifsa stóran hluta af fjármálamarkaðinum til sín.

Eins og sést af framangreindum dæmum felst bæði tækifæri og ógnanir í framtíðinni og því er best að vera við öllu búinn.

Það sem vakti áhuga Arnar var að skrifa meistararitgerð sem gæti upplýst stjórnendur um hvernig væri hægt að ná árangri í stjórnun fyrirtækja með því að örva mannlega forvitni sem býr í hverjum manni um að vita eitthvað um framtíðina. „Maðurinn hefur alltaf viljað vita um framtíðina en við höfum ekki spáð svo mikið í það hvort eða hvernig við getum stjórnað henni eða örvað sköpun hennar," segir hann.

Örn segir að með því að innleiða framtíðarsýn sé hægt að skapa forskot í samkeppni.

**Þegar litið er til framtíðar er allt háð óvissu en til að renna ekki blint í sjóinn er hægt að byggja á fortíðinni og giska síðan á hvernig málin þróast.**




# Mercedes Benz ML 350

## 272 hestöfl / 350 Nm / 11,6 L per 100 km

**Staðalbúnaður:**
7 gira sjálfskipting (7G-tronic) - Armhvíla í aftursæti með geymsluhólfi - Geymslurými í hólfi fyrir varahjól - Grænlitað rúðugler - Hemlalæsivörn (ABS) - Hraðanæmt stýri - Hraðastillir (DSR) þegar ekið er niður í móti - Hreyfiltengd þjófavörn samvirk útvarpi og fjarstýrðum samlæsingum - ISOFIX festingar fyrir tvo barnabílstóla - Jafnaflauki á hemlakerfi (BAS) - Rafhitaðar þvottasprautur fyrir framrúðu - Rafræn spyrnustýring á öllum hjólum - Tiptronic rofar fyrir gírskiptingu í stýrishjóli - Samlitir, rafstýrðir & rafhitaðir útipeglar með innbyggðum stefnuljósum & víðsýnisgeira - Samlitir stuðarar, hliðarlistar & hurðahúnar - Samlæsingar tengdar árekstursskynjara - Sjálfvirkt hita- & loftræstikerfi (Thermatic) - Sítengt aldrif - Spólvörn (ASR) - Stöðugleikastýring með skriðstilli (ESP) - Umhverfislýsing neðan út hliðarspeglum - Útihitamælir - Þokuljós að framan og aftan - 17" léttmálmsfelgur - 8 líknarbelgir - Rafdrifin framsæti

**Aukabúnaður:**
Tvíþætt leðurinnrétting - Þjófa- & dráttarvörn - Command APS DVD leiðsögukerfi - Harman / Kardon Digital Surround hljómkerfi með 11 hátölurum & bassaboxi - Geisladiskamagasín fyrir 6 diska - Rafdrifin glersóllúga - Upphituð framsæti - Extra dökkar afturrúður - Regnskynjari - Viðarklæðning í mælaborði - Aðfellanlegir útispeglar

## Allur pakkinn á aðeins kr. 6.550.000,-

Mercedes-Benz

MASTER

Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík
sími 540 2200, www.masterbill.is

Þjónustuaðili Master & Mercedes Benz
á Íslandi frá upphafi er

RÆSIR HF

MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**4.515,8** er hæsta lokagildi Úrvalsvísitölunnar en hún fór í fyrsta sinn yfir 4.500 stig í síðustu viku.

**2.110** Hæð Hvannadalshnúks í metrum eftir nýjustu mælingar.

**54,1** milljarður er samanlagður hagnaður bankanna fjögurra á fyrstu sex mánuðum ársins.

## BANKAHÓLFIÐ



### Síðbúið skúbb

Í kynningu á uppgjöri Burðaráss fyrir þremur mánuðum var sagt frá kaupum félagsins á jarðnæði á Spáni í samvinnu fjárfesta, innlenda og erlenda. Í uppgjöri Burðaráss kom fram að félagið átti 21 prósents hlut í AB Capital sem fjárfest hefði í sumarhúsalóðum á Spáni. Þá var sagt að síðar yrði greint frá því hverjir væru með í kaupunum. Nú hefur verið sagt frá því að Björgólfur Thor Björgólfsson og Róbert Wessman, forstjóri Actavis, séu forystumenn AB Capital. Gott og blessað að þetta er komið fram, en svo vel tókst til við kynningu málsins nú að kaupin á sumarhúsalandinu hljómuðu eins og ný frétt og náðu þessi þriggja mánaða gömlu tíðindi að verða fyrsta frétt í fréttum Stöðvar 2.

### Kúnnarnir eltir

Þegar Strikið í Kaupmannahöfn er gengið fer svo að ástkæra ylhýra móðurmálið heyrist þar á öðru hverju horni. Þetta er í sjálfu sér ekki skrítið því ef reiknað er með afskriftum af góðum bíl og tjaldvagni er líklega ódýrara að bregða sér í skemmtiferð til Kaupmannahafnar. Íslendingar eru líka afar duglegir að versla í slíkum ferðum, enda vöruúrval og verð ágætt, auk þess sem fólk hefur helst tíma til búðarráps í fríinu sínu. Menn eru á því að með kaupum á helstu vöruhúsum í miðborg Kaupmannahafnar sé Baugur fyrst og fremst að fylgja viðskiptavinum sínum og tryggja að þeir kaupi hjá sér heima og að heiman.

### Gúgglandi brjálaðir

Netmiðilli CNet hefur kallað yfir sig reiði leitarvélarfyrirtækisins Google. Ástæðan er sú að eftir miklar umræður um hversu auðvelt væri að nálgast persónulegar upplýsingar um fólk með leitarvél Google ákvað greinarhöfundur CNet að láta reyna á hversu miklar upplýsingar væri hægt að fá um forstjóra Google, Eric Schmidt. Meðal upplýsinga sem birtust var hversu mikið forstjórinn hefði grætt á sölu hlutabréfa í Google, launin hans, hvar hann bjó og að hann hefði stutt Al Gore. Google-menn eru fúlir yfir þessu og hafa ákveðið að tala ekki við blaðamenn miðilsins í ár, sem er dálítið kjánalegt þegar menn hafa fallið svona á eigin gúggli.






**Alspá 908 6440.**
Spil, bolli, hönd, tarrot, trans, miðlun. Huglækningar. Finn týnda muni. 908 6440.

Spái í spilin með ykkur. Tímapantanir í s. 691 8504. 100 kr. mín. Hildur.

## Iðnaður

Einangrun: þéttull, plast og fl. Tek að mér að einangra. Valtýr s. 846 5996.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Getum bætt við okkur verkefnum við parketlagnir, uppsetningu innréttinga, hurða o.fl. Vönduð vinna. Atli og Birgir. S. 662 8242.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

Herbalife... Vara sem virkar!! Elín S. 847 9178 www.heilsufrettir.is/elinbjork

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Námskeið

**Ert þú græðari?**
Shamballa 13D er fyrir þig! www.geocities.com/lillyrokk Skráning í s. 566 7748.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**Microsoft CERTIFIED Systems Administrator**
Microsoft kerfistjóranám hefst 5. september. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Stakko stólar óskast keypt, 80 stk. Einnig 20 Stakko borð. S. 553 7069.

Frá Ikea Magiker m. birkiáferð 2 hillueiningar, TVbekkur og tengihilla sem nýtt. S. 893 3139 & 847 7625.

Hjónarúm til sölu. Millistíf dýna 153x200. Verð kr. 40.000. Uppl. í s. 896 3484.

Fallegar hillur með áföstu skrifborði til sölu, einnig sófaborð í stíl, ásamt bleiku járnrúmi. Hentar vel í unglingaherbergi. Uppl. í s. 867 2204.

Til sölu borðstofuskápur, borðstofuborð, sófaborð og 2 borð í stíl. Uppl. í síma 698 8940.

**Vegna breytinga**
Til sölu flott húsgögn ca 1. árs frá Tekk vöruhúsi og T.M vel með farinn leðursófi 3 sæta (tekk) v. 60.000. Borðstofuborð og 6 stólar (tekk) v. 40.000. Spegill (tekk) v. 3.500. Stóll gamaldags m/hlébarðaáklæði (t.m) v. 12.000. Kommóða (t.m) v. 8.000. Hægindastóll ljósbrúnn leður Lazyboy v. 25.000. Nánari upplýsingar gefur Kristín í síma 845 7314.




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.



Til sölu sófasett, vel með farið. Uppl. í s. 567 7728 & 896 6728

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Gulbröndóttur heimilisköttur, 1 árs fæst gefins. Uppl. í síma 894 3087.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna aukahlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru sumartilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

**Fagmennska í fyrirrúmi**
Byssusmiðja Agnars, sími 891 8113.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




Laxa- og silungamaðkar til sölu. Laxamaðkur 25 kr. Silungamaðkar 20 kr. Uppl. í síma 557 4559, 555 0933 & 893 4659.

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Lausir dagar á þysjutímanum. Sími 567 0790 & 864 4020.

2 íbúðir til leigu í Drammen ca 50 km frá Osló (2ja og 3ja herb). Eru lausar. Uppl. í síma 0047 92855568.

**Íbúð í París til leigu!**
Falleg íbúð í miðborg Parísar leigist með húsgögnum viku í senn. Uppl. á www.this.is/paris eða í s. 822 8271.

Herbergi til leigu í bökkunum, sturta + WC. Uppl. í síma 557 7732 & 849 4444.

Stórt og bjart herbergi með aðgangi að öllu til leigu á svæði 101. Verð 40 þús. Nánari upplýsingar í síma 866 9879.

## Húsnæði óskast

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð í póstn. 101/105/107, óskast strax til enda ágúst fyrir erl. ferðamenn. S. 588 0000.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð. Reglusemi og skilvísi heitið. S. 869 1578.

Vantar 2ja-3ja herb. íbúð til leigu á sv. 101, 105 eða 107 í a.m.k. eitt ár. Uppl. í s. 897 8407 Magnús Jónsson veðurstofustjóri.

## Sumarbústaðir

Til sölu nokkrar góðar sumarbústaðalóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121

Til sölu á hálfvirði rafmagnsofnar, tveir 1200W, þrír 800W, Fagor hitavatnskútur 75 lítra 0,9-1,8 kw. Uppl. í síma 897 3846.

Sóló olíuofn f/3 ofna, lítill gas/12V/220V ísskápur, gashitari f/11 kg gaskút United 21" sjónvarp. Uppl. í s. 896 6467.

Til leigu sumarhús við Laugavatn. Lausar vikur 12. og 19. ágúst. Uppl. í s. 861 0205.




**Rafgirðingaefni.**
Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarrafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414-8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464-8600

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu hjá Leigulistanum iðnaðarbil við Smiðjuveg, 375 fm, 250 fm, 125 fm. Leigulistinn s. 511 2900.

Traust fyrirtæki í rekstri óskar eftir að leigja 70-120 fm skrifstofuhúsnæði á 101 svæðinu. Uppl. Ásberg, sími 820 9494.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is. S. 564 6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Domino's Pizza**

Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í verslanir og þjónustuver. Hlutastörf og full störf í boði. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Umsóknir má nálgast í öllum verslunum Domino's og á heimasíðunni www.dominos.is-

**Vantar starfsmann sem fyrst**
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.**

**Starfsfólk óskast.**
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára.
**Uppl. í s. 897 4796.**

**Hellulagningarfólk og vélamenn.**
Vana aðila vantar í hellulagnir og aðila á traktorsgröfu.
**Uppl. í síma 822 2661**

**Loftorka Reykjavík**
Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Veitingahúsið Vegamót**
óskar eftir þjónum og barþjónum í vinnu í vetur. Eingöngu fólk með reynslu kemur til greina
**Uppl. á staðnum hjá Óla, Andra eða Gumma.**



...þegar þér hentar

## Fullt starf og hlutastarf

10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.

**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

## Select og Shell

Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.

**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

## Leikskólinn Rauðaborg

Leiðbeinandi óskast til starfa að leikskólanum Rauðaborg, Viðarási 9, 110 Rvk.

**Uppl. veitir leikskólastjóri í síma 567 2185 virka daga frá 9-16.**

## Ert þú ekki að fara í skóla?

Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.

**Umsóknir á www.aktutaktu.is. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568-6836.**

## Bakaríið hjá Jóa Fel

Bakaríið Jóa Fel Kleppsvegi óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf. Tvískiptar vaktir. Ekki sumarstarf.

**Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

## Bakaríið Austuveri

Bakaríið Austurveri óskar eftir starfsfólki, í útibú í Rangárseli.

**Upplýsingar í síma 898 5277 Lovísa.**







Starfsfólk óskast til starfa í pökkun og kjötvinnslu. Uppl. í s. 694 7373 á milli kl. 13 & 16.

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

### Smart

Starfsfólk vantar á sólboðstofu Smart Grensásvegi og við Ánanaust. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 19 ára koma ekki til greina. Reyklaus vinnustaður.

Við leitum að góði fólki í ræstingarstörf á höfuðborgarsvæðinu. Nánari uppl. á www.solarservice.org eða í síma 581-4000

### Skalli Vesturlandsvegi

Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

### Aukavinna-uppgrip

Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

### Garðabær bakarí

Starfskraftur óskast til afgreiðslu hálfan daginn, einnig vantar aðstoðarfólk í sal. Uppl. í s. 565 8070 og 891 8258, Þóra.

Óska eftir starfskrafti við hellulagnir og aðra jarðvinnu.Eingöngu duglegt og stundvíst fólk kemur til greina.Góð laun í boði.Uppl. í síma 696 6676 Bjössi

### Bakarí

Starfsmaður óskast á vakt frá kl. 13-19.00 í Bakararíið Austurveri. Uppl. í s. 845 0572.

Starfsmaður óskast við uppvask o.fl. Vinnutími frá kl. 11-18.00. Frí um helgar. Upplýsingar á staðnum, ekki í síma. Kaffi Milanó, Faxafeni 11.

Óskum eftir að ráða vana gröfumenn og verkamenn til starfa. Uppl. í s. 893 3915.

### Vantar Vantar!

Getum bætt við okkur smiðum, fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530.

Rúmfatalagerinn Skeifunni óskum eftir að ráða duglegan starfskrafti til að starf og hafa umsjón með lager í verslunn okkar Skeifunni 13. Viðkomandi þarf að vera eldri en 20ára. Skipulagður, vinalegur í viðmóti og verður einnig að geta unnið sjálfstætt. Umsóknir berist fyrir 15.ágúst til verslunarstjóra á staðnum. Uppl. í s. 568 7499.

### Gullnesti, Grafarvogi

Óskar eftir rösku starfsfólki í fullt starf. Uppl. í s. 567 7974.

Kaffibrennslan óskar eftir matreiðslumönnum. Áhugasamir hafi samband við Mike s. 663 7772 eða Frey s. 899 2414.

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

### Leikskólinn Kvarnarborg

Leikskólinn Kvarnaborg Ártúnsholti vantar starfsfólk í 100% stöður. Uppl. í síma 567 3199

Söluturn í Breiðholti óskar eftir starfskrafti, 18 ára eða eldri. Kvöld og helgarvinna. Uppl. í síma 846 1797.

### Atvinna vesturbær

Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Unnið mánudaga til föstudaga. Ekki unnið á laugardögum. Uppl. á staðnum. Fatahreinsunin Hraði, Ægisíðu 115. S. 552 4900.

### Prikið auglýsir.

Óskum eftir fólki í sal og barþjónum í hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband á staðnum eftir klukkan 18. Þórhildur

Bakaríið Kornið óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í afgreiðslu. Um er að ræða störf í Hrísarteig og Hjallabrekku í Kóp. Umsóknir liggja frammi í búðunum og einnig á www.kornid.is

Starfsfólk óskast á kvöld og helgarvaktir, einnig í dagvinnu. Upplýsingar á staðnum, Svarti svanurinn, Laugavegi 118.

Teitur Jónasson ehf óskar eftir vönum bílstjórum í fullt starf. Nánari uppl. veitir Einar í síma 515 2716.

Óska eftir tveimur nemum í Snyrtifræði. Áhugasamir hringi í s. 587 9310.

Kofi Tómasar frænda óskar eftir starfsfólki í dagvinnu og helgarvinnu. Uppl á staðnum.

## HÚSEIGN — TIL SÖLU

Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109





**HVAMMABRAUT 12**
**220 HAFNARFIRÐI**
91,9 m2
Herb: 3
Teg: Fjölbýli
Verð: 17.9m

***GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR, S. 695-1095***

**OPIÐ HÚS Í DAG - LAUS FLJÓTLEGA – MJÖG FALLEG "PENTHOUSE" ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM.**
Rúmgóð forstofa með útgangi út á suðursvalir. Fallegur tréstigi upp á efri hæðina. Í alrými er góð stofa, borðstofa og vinnuaðstaða. Tvö góð svefnherbergi, bæði með skápum. Eldhús með nýlegum tækjum úr burstuðu stáli. Fallegt baðherbergi með góðri innréttingu og tengi fyrir þvottavél.
**GLÆSILEGT ÚTSÝNI- GYÐA TEKUR Á MÓTI GESTUM MILLI 18:30 TIL 19:30 Í DAG.**

VERÐMETUM SAMDÆGURS - EKKERT SKOÐUNARGJALD

HÚSEIGN — TIL SÖLU

Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109





**REYKJAVÍKURVEGUR 30**
**220 HFJ**
**68,9 m2**
**4 herb**
**Efri sérhæð**
**TILBOÐ**

***GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR, S. 695-1095***

**OPIÐ HÚS - LAUS STRAX – EFRI HÆÐ OG RIS MEÐ SÉRINNGANGI**
Á neðri hæð er forstofa, björt stofa og borðstofa. Eldhús með stórri eldri innréttingu. Inn af eldhúsi er herbergi sem í dag er nýtt sem sjónvarpshol. Baðherbergi með baðkari, ágætri innréttingu og glugga. Á efri hæð er rúmgott svefnherbergi með skápum og fallegu útsýni og ágætt vinnuherbergi. Sérbílastæði er á bak við húsið. GYÐA TEKUR Á MÓTI GESTUM MILLI 17:00-18:00 Í DAG.

VERÐMETUM SAMDÆGURS - EKKERT SKOÐUNARGJALD

HÚSIÐ FASTEIGNASALA 533 4300 Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA 564 6655 Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

## Hlynsalir



**NÝTT Í SÖLU**. Falleg nýleg 3ja herb. 91,1 fm íbúð í lyftuhúsi með útsýni, stórar suður svalir verða yfirbyggðar. Baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Þvottahús innan íbúðar. Sér inngangur af svölum. Bílskýli. Sjón er sögu ríkari. **Verð kr. 22,4 m**

HÚSIÐ FASTEIGNASALA 533 4300 Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA 564 6655 Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

## Engjasel







Falleg, opin 4–5 herbergja íbúð á 2. hæð með miklu útsýni og suðvestur svölum. 3 svefnherbergi, stofa og sjónvarpsstofa. Þvottahús innan íbúðar.
**Verð 19,4 m.**

Háseta vantar á Kristrúnu RE sem gerð er út frá Reykjavík. Uppl. í síma 892 5374 & 891 6687.

### Bakarí

Aðstoðarmaður óskast í bakstur í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370.

### Bakarí

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

### Bakarí Kaffihús

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í Bakarí í Skipholti. Ekki yngri en 20 ára, hálfan daginn og aðra hvora helgi. Uppl. s. 820 7370.

Vanur beitningamaður óskast á höfuðborgarsvæðið. S. 895 8601.

Góður starfskraftur óskast í litla matvöruverslun. Vinnutími er 9-18 aðra vikuna og 12-18 hina, auk aðra hvora helgi 10-16 (lau) og 11-14 (sun). Nánari upplýsingar í plus@simnet.is og í 552 6803.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í þjónustustörf dagvinna eða kvöldvinna/hlutastörf. Uppl. á staðnum, Kína Húsið, Lækjargötu 8.

Starfsmann vantar við járnabindingar. Upplýsingar í síma 899 9419.

Hellulagnir - Meirapróf. Starfsmann með meirapróf vantar við hellulagnir. Mikil vinna framundan. S. 892 8340.

Óskum eftir að ráða verkamenn í kantsteypu. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 696 8900.

### Hagkaup Garðabær

óskar eftir að ráða starfsmenn í matvörudeild, um er að ræða vinnutíma frá kl 9-18, auk annar hver laugardagur. Einnig vantar okkur starfsmann í pósthúsið og á kassalínuna, um er að ræða heilsdags störf og hlutastörf með margvíslegan vinnutíma. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Helga verslunarstjóra í síma 565 6400, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum

### Pítan Skipholti

Óska eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðar starf, umsóknareyðublöð á staðnum og einning á www.pitan.is

Óskum eftir að ráða starfsmenn í vinnu á aldrinum 18-25 ára. Upplýsingar gefur verkstjóri í síma 551 4820 eða á staðnum. Bón og Þvottastöðin ehf. Sóltúni 3.

### Hefur þú áhuga?

Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

## Atvinna óskast

Óska eftir afleysinga eða 50% vinnu frá 1. Sept. Vön skrifstofu og tölvuvinnu. Helst Hafn., Vogum eða Keflavík. Uppl. í s. 846 5340.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

### Ertu einmanna?

Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Kona á miðjum aldri óskar eftir að kynnast traustum og góðum manni sem hefur gaman af ferðalögum innan- sem utanlands. Áhugasamir sendi fréttablaðinu merkt "Ferðir 05".

## TIL SÖLU

### Veitingamenn-ferðaþjónustur

Til sölu mikið af notuðum eldhústækjum t.d. kælar, frystar, djúpsteikingarpottar, stálborð, vaskar og fleira.

**Gott verð.**

Á www.sd.is má sjá hluta af því sem til er.

Upplýsingar gefa Bjarni í 822-8844 og Oddsteinn í 822-8838

## ATVINNA

### Leikskólinn 101

**Bræðraborgarstíg 1, 101 Reykjavík,**

sem er lítill einkarekinn leikskóli,
óskar eftir að ráða leikskólastjóra frá og með 1. okt. 2005.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun
- Frumkvæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum

Einnig er óskað eftir starfsmanni í 100% stöðu frá og með 1. sept. 2005.

Upplýsingar gefur Hulda L. Stefánsd. í síma 562-5101.

JARÐVÉLAR EHF

## Gröfumenn og verkamenn óskast

Vegna mikilla verkefna viljum við ráða gröfumenn og verkamenn til starfa strax.

Vinsamlegast hafið samband við Jarðvélar í síma 564-6980, Gsm 660 0580, eða fyllið út umsóknar-eyðublað á vefsíðunni **www.jardvelar.is**

## Veitingarhúsið við Tjörnina

óskar eftir lærðu eða vönu starfsfólki í sal og eldhús.

Upplýsingar í síma 868-8661.

## Fellaskóli

Vegna forfalla vantar kennara í unglingadeild. Meðal kennslugreina íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði.

Þroskaþjálfi í sérdeild fyrir einhverfa.

Skólaliða til að sinna baðvörslu o.fl. í búningsklefum karla í íþróttahúsi. Vaktavinna.

Upplýsingar veitir Auður Árný Stefánsdóttir skólastjóri í síma 588 7500 og 664 8290 .

**Umsóknir ber að senda í Fellaskóla, Norðurfelli 17-19, Reykjavík. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

**www.grunnskolar.is**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

## Tónlistarskólinn í Grafarvogi

**óskar eftir að ráða píanókennara í 40% starf.**

Umsóknir skulu sendar á sarna@simnet.is með upplýsingum um menntun, aldur og fyrri störf.

**Skólastjóri.**

## Landakotsskóli

verður settur í Landakotskirkju, mánudaginn 22. ágúst.

Kennsla hefst skv. stundaskrá 23. ágúst, en nemendur í 5 ára deild verða boðaðir sérstaklega þann dag.
Kennarar mæta til starfa 15. ágúst kl. 09:00.
Fundur með foreldrum fimmtudaginn 18. ágúst kl. 17:00 í sal skólans.

Getum bætt við örfáum nemendum í 5 ára deild skólaárið 2005-2006.

Innritun fer fram í skólanum í síma 510 8200.

**Skólastjóri.**

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Lausar stöður

**Engidalsskóli** (555 2120 hjordis@engidalsskoli.is)
Forfallakennsla

**Lækjarskóli** (555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
Kennsla í móttökudeild nýbúa
Skólaliðar

**Hraunvallaskóli** (664 5872 einar@hraunvallaskoli.is)
Almenn kennsla yngri nemenda
Umsjón með heilsdagsskóla

**Víðistaðaskóli** (664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Almenn kennsla

**Norðurberg** (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Matreiðslumeistari

**Vesturkot** ( 565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Einnig lausar skilavaktir

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin en umsóknarfrestur er til 15. ágúst.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR! Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

## Starfsmenn í Frístundasel í Mosfellsbæ.

Mosfellsbæjar óskar eftir að ráða starfsmenn í Frístundasel. Lausar eru tvær stöðu í Frístundaseli við Lágafellsskóla frá 14:00 til 17:00 alla virka daga.

Frístundaselin bjóða upp á ýmsa þjónustu fyrir nemendur í 2. - 4. bekk grunnskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

**Starfsmenn í hlutastörfum:**

Hæfniskröfur:
Uppeldismenntun og/eða, reynsla af starfi með börnum.
Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.

Umsóknum má skila í Þjónustuver Mosfellsbæjar, 1.hæð. Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.
Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Laun greidd samkv. kjarasamningum Starfmannafélags Mosfellsbæjar.

Allar nánari upplýsingar veita Kolbrún forstöðumaður í Frístundaseli v/ Lágafellsskóla í s: 821-5275
fristundlagafell@mos.is

**Fræðslu og menningarsvið Mosfellsbæjar.**




ÍTR óskar eftir starfsfólki í Laugarnar í Reykjavík. Laugarnar eru tilvalinn starfsvettvangur fyrir fólk sem vill vinna í fjörugu og skemmtilegu umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og þjónusta viðskiptavini.
Laugarnar í Reykjavík eru alls sjö og tóku á móti tæplega 1,9 milljón gesta á síðasta ári.

- **VESTURBÆJARLAUG**
  Starfsmenn vantar á kvennaböð og í laugarvörslu í Vesturbæjarlaug frá og með 25.ágúst.
  Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu. Möguleiki er á framtíðarstarfi.
  Nánari upplýsingar veitir Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðumaður í síma 551 5004
  netfang: *gudrun.arna.gylfadottir@reykjavik.is*

- **GRAFARVOGSLAUG**
  Starfsmenn vantar á kvennaböð, karlaböð og í laugarvörslu í Grafarvogslaug frá og með 1.sept.
  Um er að ræða 75% - 100% störf í vaktavinnu. Möguleiki er á framtíðarstarfi.
  Nánari upplýsingar veitir Hafliði Halldórsson forstöðumaður í síma 510-4601
  netfang: *haflidi.halldorsson@reykjavik.is*

Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast fólk, hafa góða þjónustulund og vera stundvísir.
Umsækjendur þurfa að standast hæfnispróf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði.
Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst 2005. Umsóknum skal skilað á skrifstofu ÍTR Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík eða til viðkomandi forstöðumanna.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþrótta- og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR hefur fengið sérstaka viðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir starfsárangur. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu.
Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar. Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur starfrækir m.a. sjö sundlaugar, fimm frístundamiðstöðvar, tíu félagsmiðstöðvar, þrjátíu og þrjú frístundaheimili, þrjár íþróttamiðstöðvar, Hitt Húsið, Þjónustudeild, þrjú skíðasvæði, skíðasvæði í hverfum, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Ylströndina, tómstundastarf í grunnskólum borgarinnar, sumarstarf fyrir börn, smíðavelli, sumargrín, siglingaklúbbinn í Nauthólsvík o.fl..

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

## LEIKSKÓLAR stúdenta

**Félagsstofnun stúdenta á og rekur þrjá leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands.**

**Leikskólar stúdenta eru:**
**Efrihlíð** við Ægissíðu. Fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.
**Sólgarður** við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.
**Mánagarður** við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára.

## Leikskólakennarar, leiðbeinendur og starfskraftur í eldhús

Óskað er eftir leikskólakennurum og leiðbeinendum til starfa á Leikskólum stúdenta.
Um er að ræða framtíðarstörf, heilsdags kl. 8 - 16 eða kl. 9 - 17.
Einnig er óskað eftir starfskrafti í 60% starf í eldhúsi á Sólgarði.

Upplýsingar veitir Rósa Guðný í Stúdentamiðlun í síma 5 700 888

**Félagsstofnun stúdenta** er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar innan Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla stúdenta rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta og Stúdentamiðlun. Starfsfólk FS er um 100 talsins.

# Furðulegasta kosningabaráttan

**UMRÆÐAN**
BORGARSTJÓRNAR-
KOSNINGAR



**INGÓLFUR MARGEIRSSON**

Ein furðulegasta kosningabarátta Íslandssögunna stendur nú yfir. Hér er um að ræða borgarstjórnarkosningabaráttuna sem nú er þegar hafin í Reykjavík. Á meðan valdhafarnir R-listinn hafa setið með hendur í rassvösum, hefur stjórnarandstaðan haft forystuna í kosningabaráttunni. Þetta verður að teljast furðulegt, þar eð R-listinn fer með völdin í borginni og ætti að hafa töluvert forskot á sjálfstæðismenn, áróðurslega séð. En meðan R-listinn situr á endalausum fundum um hvort hann ætli að bjóða fram yfirleitt og þá hvernig gæðingarnir hans skulu skipast í valdasætin, æðir Sjálfstæðisflokkurinn upp völlinn, og stelur allri fjölmiðlaathygli.

Vilhjálmur Þ. og sömuleiðis Júlíus Vífill hafa tilkynnt framboð í oddvitasæti D-listans. Enn kumrar í Gísla Marteini en skoðanakannanir eru honum mjög hagstæðar og menn fylgjast því spenntir með hreyfingum hans. Það liggur spenna í loftinu á milli þessara manna og sú spenna er vel seljanleg í fjölmiðlum og pólitík. Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að ná afgerandi forystu um athygli borgarbúa. Það ríkir engin spenna í R-listanum. Bara leiðindi, hugmyndadeyfð og uppgjöf. R-listinn er afar einsleitur hópur, þreyttur á flestu og gerir hverja vitleysuna á fætur annarri í aðdraganda kosninganna. Allir þeir sem unnið hafa í pólitík vita að á fyrra valdaskeiði flokka eru óvinsælustu verkin framkvæmd. Þegar nær dregur kosningum er konfektinu stráð yfir kjósendur. R-listinn hefur snúið þessu við. Núna, á síðara valdaskeiði sínu og í fyrstu byrjun kosningarbaráttu, framkvæmir R-listinn nokkra óvinsæla hluti í röð. Hann ákveður að rífa hús á Laugaveginum með menningarleg gildi. R-listinn opnar umdeilda nýja Hringbraut með bensín- og olíustöð, við hlið sjúklinga Landspítalans. R-listinn kemur á nýju leiðakerfi Strætó sem fæstir botna upp né niður í, og í mikilli andstöðu borgarbúa, með endastöðum þar sem vagnstjórum er boðið uppi á skýli í formi kaldra óupphitaðra gáma og útikamra. Vatns- og rafmagnsleysi ríkir í gámunum. Flott auglýsingabrella eða hvað? Skipulagsmálin færast í meira öngþveiti með hverjum deginum sem líður. Á sama tíma og landstjórnin lækkar skatta eykur R-listinn álögur á borgarbúa. Fjármál borgarinnar eru komin í rjúkandi rúst. Og fara versnandi sem sígur að kosningum. Stjórnarandstöðunni eru beinlínis færð vopnin upp í hendur. Ef flokkunum tekst að halda R-listanum saman, er þó víst að hann beri sigur úr býtum engu síður þótt hann eigi það tæpast skilið. Ósigur blasir hins vegar við ef R-listinn klofnar. Af fréttum að dæma virðist R-listinn keppa meira að klofningi en samheldni. Með áframhaldandi kosningabaráttu R-listans geta sjálfstæðismenn alveg sleppt sinni. Það stefnir í pólitískt sjálfsmorð R-listans.

Kannski er það gott mál. Í nafni lýðræðis og valdajafnvægis er kominn tími á stjórnarskipti í borginni.

# Ferðaþjónusta á gráu svæði

**UMRÆÐAN**
FERÐAÞJÓNUSTAN



**STEFÁN HELGI VALSSON**

Ferðamálalög, skattalög og umferðalög eru þverbrotin af nokkrum erlendum ferðaskrifstofum sem stunda innflutning á erlendum ferðamönnum til Íslands.

Íslenskum fyrirtækjum í ferðaþjónustu er uppálagt að hafa öll tilskilin leyfi fyrir starfseminni ásamt því að greiða skatta og gjöld til samfélagsins. Enn fremur er fylgst vel með því að íslenskir ökumenn hafi ökuleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni. Jafnræði innlendra og erlendra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda virðist misskipt hvað þetta varðar.

Fyrst er að nefna að erlendir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur þurfa ekki að sýna fram á rekstrarleyfi og tryggingar hér á landi, ólíkt því sem krafist er af innlendum aðilum sem stunda sömu atvinnustarfsemi.

Í öðru lagi er að nefna erlenda fararstjóra og bílstjóra sem starfa hér á landi jafnvel alla sumarmánuðina án þess að greiða tekjuskatt af launum sínum.

Í þriðja lagi er að nefna erlenda fararstjóra sem aka bílaleigubílum, vissulega fyrir gjald, án tilskilinna ökuréttinda.

Væntanlega eru flestar erlendar ferðaskrifstofur, sem flytja inn ferðamenn hingað til lands, með leyfi í sínu heimalandi. Hins vegar er sjaldgæft að starfsmenn erlendra ferðaskrifstofa með starfsemi á Íslandi greiði tekjuskatt hér á landi. Enn fremur eru dæmi þess að erlendir fararstjórar aki bílum af ýmsum stærðum með viðskiptavini erlendra ferðaskrifstofa án þess að hafa ökuleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni.

Aðgerðarleysi lögreglu í málum af því tagi sem hér eru nefnd stafar af því að mér virðist vegna þess að önnur lög gilda um útlendinga og vegna þess hve erfitt er að sanna sekt þeirra.

Meðan ekkert er að gert halda erlendar ferðaskrifstofur áfram að flytja inn erlenda ferðamenn í von um gróða.

# Ríkisstyrktur rógur

**GUNNAR SMÁRI EGILSSON**
SVARAR AUGLÝSINGASTJÓRA RÍKISÚTVARPSINS.

Auglýsingastjóri Ríkisútvarpsins, Þorsteinn Þorsteinsson, skrifaði hugrenningar sínar um auglýsingamarkaðinn á Íslandi í Morgunblaðið á laugardaginn. Það er ekki mikið hægt að gefa út á þessar vangaveltur mannsins. Hann tíundar eigin áhyggjur, vitnar síðan til uggs annarra og notar það til að magna enn eigin ótta. Síðan vitnar hann til þess sem hann telur að hafi einhverju sinni kunnað að hafa gerst og það sem einhver taldi að gæti hugsanlega gerst. Þegar fer að líða lokum greinarinnar er Þorsteinn orðinn frávita af hræðslu og kallar á einhverjar aðgerðir til að sefa eigin ótta – og dettur helst í hug lagasetning.

Það er augljóst af lestri greinarinnar að lausn á vanda Þorsteins er ekki lagasetning. Góður nætursvefn, skemmtilegt ferðalag, kvöldstund með góðum vinum – allt myndi þetta hjálpa Þorsteini meira en lög frá Alþingi. Best væri fyrir hann að byggja tilfinningalíf sitt á staðreyndum og raunverulegum dæmum. Einnig væri honum hollt að venja sig af þeim ósið að saka ætíð samkeppnisaðila sína um að hafa rangt við. Ef Þorsteini finnst hann verða undir í samkeppni verður hann einfaldlega að herða sig. Um það snýst markaðsbúskapurinn blessaður. Það þýðir ekki að hlaupa á eftir dómaranum og biðja hann að breyta reglunum ef maður lendir undir í leiknum.

Annars velti ég því fyrir mér við lestur greinar Þorsteins hvað orðið hefði um sjálfsmynd opinberra embættismanna. Einu sinni gengust þeir upp í því að vera allra manna ábyggilegastir, allra manna orðvarastir og vildu láta svo líta út sem þeir bæru vel þá ábyrgð sem fylgir umsýslan með almannafé og eignir almennings. Undanfarin ár virðist hins vegar hafa orðið sjálfsmyndarhrun hjá opinberum embættismönnum. Þeir keppast nú hver um annan þveran að éta upp vanstillu stjórnmálamanna, stóryrði þeirra og hroka. Og undir þessu þurfum við hin að sitja – ríkisstyrktum rógi.

*Höfundur er forstjóri 365.*



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.484,24 **+0,37%**

**Fjöldi viðskipta:** 399
**Velta:** 2.949 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | -1,56% | **Atlantic Petroleum** | 1,64% |
| **Össur** | -1,15% | **Bakkavör** | 1,00% |
| **Flaga** | -1,14% | **Landsbankinn** | 0,98% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,60 +0,00% ... Bakkavör 40,50 +1,00%... Burðarás 17,40 +0,58%... FL Group 14,60 -0,34% ... Flaga 4,35 +1,14% ...HB Grandi 8,45 -0,59% ... Íslandsbanki 14,40 +0,35% ... Jarðboranir 20,90 +0,00% ... KB banki 581,00 +0,69% ... Kögun 58,00 +0,00% ... Landsbankinn 20,60 +0,98% ... Marel 62,90 -1,56% ... SÍF 4,80 +0,00% ...Straumur 13,50 +0,00% ... Össur 86,00 -1,15%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hagnaður undir væntingum



**TÆPIR TÍU MILLJARÐAR Í TEKJUR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI** Róbert Wessman, forstjóri Actavis.

Hagnaður Actavis á öðrum ársfjórðungi var 11,3 milljónir evra eða 911 milljónir króna og er það undir væntingum greiningardeilda bankanna. Tekjur og rekstrarhagnaður eru meiri en spár bankanna gerðu ráð fyrir.

Heildartekjur félagsins námu 122 milljónum evra eða tæpum tíu milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi og jukust um fjórtán prósent milli ára. Sala eigin vörumerkja jókst um 28 prósent á ársfjórðungnum en sala til þriðja aðila dróst saman að mestu leyti vegna tafa á afhendingum til helstu viðskiptavina.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, segir uppgjörið sýna jákvæða þróun sem hafi átt sér stað í sölu á eigin vörumerkjum með öflugum vexti í Rússlandi og Tyrklandi. „Sala til þriðja aðila var undir væntingum og skilaði lægri tekjum og hagnaði fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði en væntingar stóðu til," segir hann.

Stjórnendur félagsins búast við betri afkomu á seinni helmingi ársins. - dh

**AFKOMA ACTAVIS Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI – Í MILLJÓNUM EVRA**

| | |
|---|---|
| Hagnaður | 11,3 |
| Spá Íslandsbanka | 18 |
| Spá Landsbanka | 16,3 |
| Spá KB banka | 18,9 |



**BJÖRGUNARSVEITARMENN** Keppa við tímann við að bjarga mönnunum út úr námunum.

Námumenn enn fastir:

## Kapphlaup við tímann

**SHANGHAI, AP** Björgunarsveitarmenn keppast við að dæla vatni úr kolanámu í suðurhluta Kína til að bjarga 102 mönnum sem sitja þar fastir. Flóð olli því að mennirnir festust inni. Vatnsyfirborðið hækkar um 50 sentímetra á klukkustund og fara lífslíkur mannanna dvínandi eftir því sem lengri tími líður.

Hu Jintao, forseti Kína, sem hefur lofað að bæta öryggi námuverkamanna, skipar héraðsyfirvöldum að leggja allt kapp á að bjarga mönnunum. Það gerir björgunarmönnum erfiðara fyrir að ekki er ljóst hvaðan vatnið sem flæðir í námuna kemur. Yfirvöld í Kína verjast allra frétta af málinu.



**MAERSK EYKUR OLÍUFRAMLEIÐSLU SÍNA** Einn af olíuborpöllum Maersk í Norðursjó.

## A.P. Möller kaupir olíulindir

**DANMÖRK** Danska fyrirtækjasamsteypan A.P. Möller Maersk hefur keypt eignir bandaríska olíufyrirtækisins Kerr-McGee í hinum breska hluta Norðursjávar fyrir um 190 milljarða íslenskra króna. Um er að ræða tíu borholur en þar af eru fimm í notkun. Við kaupin eykst framleiðslugeta fyrirtækisins um fimmtán prósent.

A.P. Möller er stærsta fyrirtækjasamstæða Danmerkur og Maersk, dótturfélag samstæðunnar, er stærsta gámaflutningafélag í heimi. A.P. Möller seldi nýlega Maersk Air flugfélaginu Sterling, sem er í eigu eignarhaldsfélagsins Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar. - dh




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is



**IAN ANDERSON (1947)**
á afmæli í dag.

*„Mikið af popptónlist gengur út á að stela vasapeningum frá börnum.“*

***Ian Anderson er söngvari og þverflautuleikari framúrstefnurokksveitarinnar Jethro Tull, sem verður seint sökuð um að semja fróðukennt léttmeti.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Smithsonian-stofnunin sett á fót*

Á þessum degi árið 1846 var bandaríska Smithsonian-stofnunin sett á laggirnar. Árið 1829 hafði enskur vísindamaður, James Smithson að nafni, ánafnað Bandaríkjunum allar sínar eigur ef svo færi að hans eini ættingi myndi deyja barnlaus. Gjöfinni fylgdi það skilyrði að hún yrði nýtt til að stofna safn, kennt við Smithson, sem hefði þann tilgang að safna saman og bæta við þekkingu mannsins. Gjöfin vakti talsverða athygli beggja vegna Atlantsála. Smithson var nokkuð þekktur vísindamaður á sviði jarðfræði, landafræði og efnafræði en hafði aldrei til komið til Bandaríkjanna. Sex árum eftir dauða Smithson lést frændi hans barnlaus og hinn 1. júlí 1836 þáði Bandaríkjaþing hina rausnarlegu gjöf. Arfurinn fól meðal annars í sér rúmlega hundrað þúsund gullpeninga og stór bókaog steinasöfn. Nokkur ágreiningur var um hvernig gjöfinni yrði best varið en eftir nokkurt þóf var ákveðið að Smithsonian-stofnunin skyldi hafa í fórum sínum safn, bóksafn og stuðla að alls kyns rannsóknum og útgáfu fræðilegra verka. Í dag samanstendur Smithsonian-stofnunin af átján söfnum og galleríum, auk margra rannsóknasetra víðs vegar um heiminn. Helstu gersemar bandarískrar sögu eru varðveittar í Smithsonian-safninu, þar á meðal fyrsti bandaríski fáninn og flugvél Wright-bræðra, en flug- og geimsafn Smithsonian-stofnunarinnar er vinsælasta safn heims.



**JAMES SMITHSON**

## MERKISATBURÐIR

**1500** Diego Diaz finnur Madagaskar fyrstur Evrópumanna.
**1787** Mozart leggur lokahönd á verkið Eine kleine Nachtmusik.
**1809** Ekvador lýtur sjálfstæði frá Spáni.
**1921** Franklin D. Roosevelt verður var við einkenni lömunarveiki.
**1970** Jim Morrison er dreginn fyrir dóm sakaður um ósiðlegt athæfi á sviði.
**1977** Morðinginn David Berkowitz, þekktur sem „sonur Sáms“, er handsamaður í New York.
**1984** Bjarni Friðriksson júdókappi vinnur bronsverðlaun á Ólympíuleikunum í Los Angeles.
**1985** Michael Jackson kaupir útgáfuréttinn að öllum lögum Bítlanna.

## ANDLÁT

**Guðfinna Júlíusdóttir** lést fimmtudaginn 21. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Betty Duurhuus** lést á elliheimilinu Grund föstudaginn 22. júlí. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigurður Karlsson**, Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi, lést á heimili sínu mánudaginn 25. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Bjarni Ágústsson**, Dúfnahólum 4, Reykjavík, frá Urðarbaki, Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu, lést laugardaginn 30. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Gudrun Kristjansen** andaðist í Kaupmannahöfn miðvikudaginn 3. ágúst.

**Lárus Sigurðsson**, kaupmaður, Arnarhrauni 19, Hafnarfirði, lést laugardaginn 6. ágúst.

**Hannes Þórður Hafstein** lést sunnudaginn 7. ágúst.

## JARÐARFARIR

15.00 **Óskar Sigurður Guðjónsson**, Hjallavegi 21, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



**GAGGALAGÚ** Jóhanna og landnámshæna á góðri stund.

EGG LANDNÁMSHÆNSNA:

# Bragðast allt öðruvísi

Egg landnámshænunnar koma senn á markað í fyrsta sinn og heldur Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna utan um söluna. „Við erum með eins konar regnhlífasamtök utan um þetta fyrir eigendur hænsnanna, því þetta er lítill búskapur,“ segir Jóhanna Harðardóttir, formaður félagsins. Félagið hefur meðal annars í sinni könnu að kaupa bakka og prenta miða fyrir þá sem selja landnámshænuegg.

Jóhanna segir mikinn bragð- og útlitsmun vera á eggjum landnámshænunnar og venjulegum hænueggjum, sem skýrist aðallega af því að landnámshænan gengur laus og týnir upp í sig gróður og skordýr í náttúrunni. „Rauðan í þeim er rauðari en í verksmiðjueggjum,“ segir Jóhanna, „og það er meira bragð af þeim. Það má líkja þessu við muninn á mjólk og rjóma.“

Eggin er yfirleitt borðuð ein og sér, ýmist soðin, spæld eða hrærð, eða notuð sem álegg og segir Jóhanna að allur matur bragðist betur með landnámseggjum.

Gert er ráð fyrir því að sala á eggjunum hefjist í næstu viku en upplýsingar um sölustaði má finna á vefnum haena.is.

## AFMÆLI

**Unnur Guðjónsdóttir** Kínafari er 65 ára.
**Jón Óttar Ragnarsson**, fyrrum sjónvarpsstjóri og athafnamaður, er sextugur.
**Siv Friðleifsdóttir** alþingismaður er 43 ára.
**Þormóður Árni Egilsson**, fyrrverandi knattspyrnumaður, er 36 ára.

30 ÁR SÍÐAN GUÐLAUG ÞORSTEINSDÓTTIR VARÐ NORÐURLANDAMEISTARI Í SKÁK:

# Teflt fram á grafarbakkann

„Ég man ekki hvað var í verðlaun, nema hvað að mér þótti þau heldur ómerkileg,“ segir Guðlaug Þorsteinsdóttir sem á þessum degi fyrir réttum þrjátíu árum varð Norðurlandameistari kvenna í skák fyrst íslenskra kvenna. Hún var aðeins fjórtán ára gömul og vakti sigur hennar athygli um gjörvöll Norðurlönd.

Guðlaug lærði mannganginn þegar hún var fimm ára og keppti fyrst fyrir Íslands hönd ytra þegar hún var tólf ára. „Þá var haldið svo kallað sex landa mót sem Íslendingar tóku oft þátt í og þá var yfirleitt eitt kvennaborð.“ Guðlaug segist vissulega hafa verið í yngri kantinum að sigra Norðulandamótið aðeins fjórtán ára gömul en þvertekur fyrir að hafa verið undrabarn. „Það var bara fátítt að konur tefldu á þessum tíma en sem betur fer eru breyttir tímar þótt enn vanti herslumuninn.“

Skákáhuga sinn þakkar Guðlaug því að mikið var teflt á heimili hennar sem og öflugu skákstarfi í Kársnesskóla. „Svo var það auðvitað skákbomban árið 1972 þegar Fischer og Spasskí háðu einvígi, það hafði mikil áhrif,“ segir Guðlaug en harðneitar að gefa upp með hverjum hún hélt. „Ég neita því af samviskuástæðum,“ segir hún og hlær.

Guðlaug vann tvo Norðurlandameistaratitla til viðbótar árin 1977 og 1979 en lagði taflið á hilluna árið 1985. Í dag starfar hún sem geðlæknir. Hún fór þó að fikta aftur við skákina fyrir þremur árum eða svo, aðallega fyrir tilstilli Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, formanns Skáksambands Íslands. „Hún hefur unnið mjög gott starf, sérstaklega við að fá konur í skákina og hvatti mig til að byrja aftur.“

Þótt Guðlaug sé byrjuð að keppa aftur fyrir Íslands hönd segist hún ekki stefna á annan Norðurlandatitil. „Ég hef ekki metnað í það, en vonandi á ég eftir að hvetja fleiri konur til þess að tefla. Okkur vantar enn dálitla breidd.“ Guðlaug þarf ekki að óttast að fari að styttast í annan endann á ferlinum. „Ég er enn kornung hvað skákina varðar og get teflt fram á grafarbakkann.“



**GUÐLAUG ÞORSTEINSDÓTTIR** Guðlaug lagði skákina á hilluna í hálfan annan áratug en byrjaði aftur fyrir tilstilli Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skarphéðinn Agnars**
Yfir síldar- og fiskmatsmaður,
Garðvangi, Garði, áður til heimilis að Hringbraut 67, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi mánudaginn 8. ágúst.

Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 12. ágúst kl. 14.00.

**Birna Agnars Skarphéðinsdóttir**
**Margrét Agnars Skarphéðinsdóttir** **Þórður Ingimarsson**
**Jónína Árný Skarphéðinsdóttir** **Ólafur Viðar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

TRÉ ÁRSINS Á SELTJARNARNESI:

# Er mjög fallega vaxið

Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitti á dögunum umhverfisviðurkenningar ársins 2005 við hátíðlega athöfn og var 33 ára selja, sem stendur við Látraströnd, meðal annars valin tré ársins.

„Ég hef nostrað við þetta tré frá upphafi og elska það mikið,“ segir Ingibjörg Árnadóttir verslunarmaður, sem á tréð og gróðursetti það sjálf fyrir rúmum þremur áratugum. „Tréð er mjög fallega vaxið,“ segir hún stolt í bragði. „Ég hef stýrt því svolítið með því að klippa af því greinar. Mér skilst að seljan sé ekki mjög algeng hér á landi en hún verður mikil á hæð og á hana vaxa stór blöð.“

Ingibjörg flutti á Látraströnd fyrir 35 árum og tveimur árum seinna fór hún í Mosfellsdalinn til að kaupa sér tré í garðinn. „Guðrún Tómasdóttir söngkona og maðurinn hennar, sem var erlendur tónlistarmaður, voru með gróðurhús þar sem við keyptum trén. Þegar við vorum að borga kom hann með seljuna og bauð okkur í kaupbæti ef við lofuðum að koma henni fyrir á fallegum stað.“

Ingibjörg stóð vitaskuld við loforðið og sér sannarlega ekki eftir því enda er seljan fallegasta tréð á Nesinu í dag.



**INGIBJÖRG OG SELJAN** Ingibjörgu var gefin seljan fyrir 33 árum gegn því að hún lofaði að koma henni fyrir á góðum stað.

# GLEÐISALA

GLEÐISALA

GLEÐISALA

## 25% afsláttur

frá kl.12.00 miðvikud
til kl. 13.00 fimmtud.

## -25% í 25 tíma




Nýtt kortatímabil frá miðnætti
Athugið : Opið alla nóttina !

# GLUGG-INN

Fákafeni 11, s. 8611004



## Tap fyrir Svíum

Íslenska landsliðið í körfubolta kvenna, skipað leikmönnum 18 ára og yngri, tapaði í gær fyrir Svíum í B-deild Evrópumeistaramótsins sem fer fram í Bosníu. Helena Sverrisdóttir var stigahæsti leikmaður íslenska liðsins með fimmtán stig og fimm fráköst. Næsti leikur Íslands er í dag gegn Lettum.

# sport

sport@frettabladid.is

**FRAM OG VALUR:** HATRÖMM DEILA UM DANSKA LEIKMANNINN BO HENRIKSEN

# *Hver er að ljúga að hverjum?*



Danski framherjinn Bo Hendriksen hjá Fram reyndist fyrrum félögum sínum í Val ljár í þúfu í fyrrakvöld, þegar hann skoraði bæði mörk Framara í 2-1 sigri á Völsurum í Landsbankadeildinni. Eftir leikinn sökuðu Valsmenn Framara um að hafa brotið heiðursmannasamkomulag með því að tefla Henriksen fram í leiknum. Valsmenn höfðu að eigin sögn samþykkt að láta hann fara til Fram, gegn því að hann spilaði ekki leiki gegn gömlu félögum sínum, en það samkomulag hafi Framarar brotið í fyrrakvöld.

Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fram, segir að félagaskipti Danans hafi farið fram með hefðbundnum hætti. „Valsmenn buðu okkur leikmanninn og höfðu ekki not fyrir hann. Við höfum ekki skrifað undir eða samþykkt neitt svo hljóðandi að Henriksen mætti ekki spila gegn Val, enda hefðum við aldrei samið við hann á þeim forsendum," sagði Brynjar, sem segir Valsmenn einfaldlega að ljúga.

Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, er á allt öðru máli. „Forsenda þess að Fram fengi Henriksen á sínum tíma var að hann léki ekki á móti okkur á árinu, það samkomulag hafa Framarar brotið. Við fórum þess margoft á leit við þá að þeir stæðu við gefin loforð um að láta hann ekki spila á móti okkur og því erum við afar vonsviknir," sagði Börkur og lýsti framkomu Framara sem barnaskap.

Fram og Valur leika einmitt til úrslita í bikarkeppninni í haust og því verður afar forvitnilegt að fylgjast með leiknum í ljósi deilna félagana tveggja nú, þar sem liggur í augum uppi að einhver segir ósatt. Þegar út á völlinn er komið eru það hins vegar verkin sem tala og fá bæði liðin kjörið tækifæri til þess í úrslitaleiknum í haust. Góða skemmtun.

### > Við hrósum ...



... Valsstúlkum sem gerðu sér lítið fyrir og lögðu norsku meistarana í Evrópukeppni félagsliða í Finnlandi í gær. Sigurinn var stór 4–1 og ber þess merki að gæði íslenskrar kvennaknattspyrnu er alltaf að aukast. Norska deildin hefur verið talin ein sú besta í heiminum.

### > Við veltum því fyrir okkur ...



.... hvort Framarar þori að nota Bo Henriksen aftur þegar liðin mætast í úrslitaleik bikarkeppninnar. Sjálfir segjast Framarar vera með hreina samvisku en Valsmenn vilja meina að Bo megi ekki spila þegar þessi lið mætast.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

7 8 9 **10** 11 12 13

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- [ ] 19.00 **ÍBV** tekur á móti **Keflavík** í Landsbankadeild kvenna.
- [ ] 19.15 **FH** mætir **Grindavík** á Kaplakrikavelli í Landsbankadeild ka.

### SJÓNVARP

- [ ] 15.00 **HM í frjálsum** á Rúv.
- [ ] 16.25 **Olíssport** á Sýn. (e)
- [ ] 16.55 **Meistaradeildin** á Sýn. **Everton – Villareal**. (e)
- [ ] 18.35 **Meistaradeildin** á Sýn. **CSKA Sofia – Liverpool**.
- [ ] 21.30 **Mótorsport** á Sýn.
- [ ] 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- [ ] 22.30 **Meistaradeildin** á Sýn. **CSKA Sofia – Liverpool**. (e)






# Vonbrigði er Everton tapaði

**Þriðja umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu hófst í gær. Everton laut í lægri hlut á Goodison Park á meðan að Manchester United fagnaði sigri á sínum heimavelli. Vålerenga vann góðan sigur á Club Brugge.**

**FÓTBOLTI** Spænska liðið Villareal gerði góða ferð til Liverpool í gær er liðið vann Everton á Goodison Park með tveimur mörkum gegn einu. Ljóst er að vonbrigðin yfir úrslitum leiksins eru mikil hjá leikmönnum og áhangendum Everton en liðið lék í meistaradeildinni í fyrsta sinn.

Everton byrjaði leikinn vel og var vel stutt af áhorfendum sem fylltu áhorfendastúkurnar. Þögn sló á heimamenn á 27. mínútu er Luciano Figueroa skoraði fyrsta mark leiksins af miklu harðfylgi eftir sendingu Marcos Senna. Figueroa, sem áður lék með Birmingham, var í þröngu færi en náði föstu skoti að marki sem fór fram hjá Nigel Martyn í marki Everton. Heimamönnum tókst að jafna á 43. mínútu er James Beattie skoraði eftir góðan undirbúning Phil Neville sem lék sinn fyrsta leik fyrir Everton eftir að hann gekk til liðs við félagið frá Manchester United. Aðeins tveimur mínútum síðar er Josico skoraði annað mark Villareal eftir fyrirgjöf Juan-Pablo Sorin.

Leikmenn Everton gerðust aðgangsharðir við mark andstæðingsins í síðari hálfleik en allt kom fyrir ekki. Þá fékk Diego Forlan ágætt tækifæri til að skora þriðja mark Spánverjanna en skalli hans var varinn á síðustu stundu.

Manchester United átti fremur náðugan dag er liðið vann 3–0 sigur á ungverska liðinu Debrecen. Wayne Rooney skoraði gott mark strax á 7. mínútu og leikmenn United höfðu algera yfirburði í leiknum. Þá var dæmt að því sem virtist fullkomlega löglegt mark af ungverska liðinu og í stað þess að leikar stóðu jafnir tókst Ruud van Nistelrooy að bæta við öðru marki þeirra ensku nokkrum mínútum síðar. Það var svo Rooney sem skóp þriðja mark United en markið skoraði Cristiano Ronaldo.

Synir Malcolm Glazer, nýs eiganda Manchester United, fylgdust með leiknum frá áhorfendapöllunum en það vakti athygli að ekki var uppselt á leikinn í gær. Um 700 stuðningsmenn liðsins mótmæltu hins vegar nýjum eigendum liðsins fyrir utan Old Trafford og er greinilegt á aðsókninni í gær að margir eru ekki sáttir við þá stefnu sem félagið hefur tekið undir nýrri stjórn.

Vålerenga, lið Árna Gauts Arasonar, vann 1–0 sigur á Club Brugge frá Belgíu á heimavelli sínum og eiga ágæta möguleika á að komast áfram í riðlakeppni meistaradeildarinnar en liðin eigast við á ný í næstu viku, þá á heimavelli síðarnefnda liðsins.

eirikurst@frettabladid.is



**ÞRIÐJA MARKINU FAGNAÐ** Portúgalinn Cristiano Ronaldo fagnar hér marki sínu gegn ungverska liðinu Debrecen í gær. Manchester United vann 3–0 sigur í leiknum.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Evrópukeppni félagsliða:*

| | |
|---|---|
| VALUR–RÖA | 4–1 |

Margét Lára Viðarsdóttir 2, Dóra María Lárusdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir.

### *Landsbankadeild kvenna:*

| | |
|---|---|
| KR–BREIÐABLIK | 0–0 |
| STJARNAN–FH | 1–2 |

Harpa Þorsteinsdóttir – Kristín Sigurðardóttir, Sif Atladóttir.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BREIÐABLIK | 11 | 10 | 1 | 0 | 37–7 | 31 |
| **VALUR** | **11** | **9** | **0** | **2** | **50–12** | **27** |
| KR | 11 | 7 | 1 | 3 | 37–14 | 22 |
| **ÍBV** | **11** | **6** | **0** | **4** | **31–20** | **18** |
| KEFLAVÍK | 10 | 4 | 0 | 6 | 23–28 | 12 |
| **STJARNAN** | **11** | **3** | **0** | **8** | **12–30** | **9** |
| FH | 11 | 3 | 0 | 8 | 8–37 | 9 |
| **ÍA** | **11** | **0** | **0** | **11** | **7–54** | **0** |

### *Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| ANORTHOSIS–RANGERS | 1–2 |

0–1 Novo (65.), 0–2 Ricksen (70.), 1–2 Frusos (73.).

| | |
|---|---|
| WISLA KRAKOW–PANATHINAIKOS | 3–1 |

0–1 Olisadebe (4.), 1–1 Brozek (12.), 2–1 Uche (52.), 3–1 Frankowski (70.).

| | |
|---|---|
| VÅLERENGA–CLUB BRUGGE | 1–0 |

1–0 Steffen Iversen (57.). **Árni Gautur Arason** lék allan tímann í marki Vålerenga.

| | |
|---|---|
| EVERTON–VILLAREAL | 1–2 |

0–1 Figueroa (27.), 1–1 Beattie (42.), 1–2 Josico (45.).

| | |
|---|---|
| MANCHESTER UNITED–DEBRECEN | 3–0 |

1–0 Rooney (7.), 2–0 Van Nistelrooy (49.), 3–0 Ronaldo (63.).

| | |
|---|---|
| REAL BETIS–MONACO | 1–0 |

1–0 Edu (90.).

### *Enska 1. deildin:*

| | |
|---|---|
| BRIGTHON–READING | 0–2 |

**Ívar Ingimarsson** lék allan leikinn fyrir Reading en **Brynjar Björn Gunnarsson** kom ekki við sögu.

| | |
|---|---|
| BURNLEY–SHEFFIELD UNITED | 1–2 |
| CARDIFF–LEEDS | 2–1 |

**Gylfi Einarsson** sat allan tímann á varamannabekk Leeds.

| | |
|---|---|
| LEICESTER–STOKE | 4–2 |

**Jóhannes Karl Guðjónsson** lék allan tímann fyrir Leicester en **Þórður Guðjónsson** kom ekki við sögu hjá Stoke.

| | |
|---|---|
| LUTON–SOUTHAMPTON | 3–2 |
| MILWALL–COVENTRY | 0–0 |
| NORWICH–CREWE | 1–1 |
| PLYMOUTH–WATFORD | 3–3 |

**Bjarni Guðjónsson** sat á bekknum hjá Plymouth.

| | |
|---|---|
| QPR–IPSWICH | 2–1 |
| SHEFFIELD WEDNESDAY–HULL | 1–1 |
| WOLVES–CRYSTAL PALACE | 2–1 |

### *Enska 3. deildin:*

| | |
|---|---|
| NOTTS COUNTY–WREXHAM | 1–0 |

**Guðjón Þórðarson** stýrði sínum mönnum í Notts County til sigurs í fyrsta sinn. Liðið hafði gert markalaust jafntefli í fyrstu umferð mótsins.

### *Intertoto-keppnin:*

| | |
|---|---|
| CFR CLUJ–LENS | 1–1 |
| HAMBURGER SV–VALENCIA | 1–0 |
| DEPORTIVO–MARSEILLE | 2–0 |

Frábær byrjun Valsstúlkna í Evrópukeppni félagsliða:

# Þriggja marka sigur gegn norsku meisturunum

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur hófu í gær keppni í sínum riðli í Evrópukeppni félagsliða en þær keppa í Finnlandi ásamt þremur öðrum liðum. Í gær mættu þær norsku meisturunum í Röa og gerðu sér lítið fyrir og unnu stórsigur, 4–1. Sigurinn er enn merkilegri fyrir þær sakir að norska deildin þykir ein sú sterkasta í heiminum.

Margrét Lára Viðarsdóttir kom Valsstúlkum yfir á 22. mínútu leiksins beint úr aukaspyrnu og Dóra María Lárusdóttir bætti öðru við eftir góðan undirbúning Laufeyjar Jóhannesdóttur. Staðan í hálfleik var því 2–0 og sótti norska liðið talsvert í upphafi síðari hálfleiks. Valsvörnin hélt vel og náði Margrét Lára að bæta við þriðja marki Vals á 53. mínútu en hún fékk boltann eftir útspark Guðbjargar í marki Vals og skoraði af miklu harðfylgi. Þar með var sigurinn nokkuð tryggður en leikmenn Röa náðu að svara fyrir sig um stundarfjórðungi fyrir leikslok áður en varamaðurinn Guðný Björk Óðinsdóttir skoraði á lokamínútu leiksins.

Liðið mætir næst finnsku meisturunum í FC United en það lið sem sigrar riðilinn kemst í næstu riðlakeppni sem fer fram í byrjun september.

- esá

CIVIC

HONDA
The Power of Dreams

# Hondagæði og þægindi á Hondagóðu verði




Álfelgur eru aukabúnaður á mynd

VERÐLAUN: 5 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN NHTSA
4 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN EURO NCAP´S

HÉR & NÚ / SÍA

Snaggaralegur, 4 dyra, sjálfskiptur á Honda-góðu verði frá

**1.895.000** kr.

**19.922** á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

honda.is

Í Honda Civic finnur þú allt sem þú leitar að í góðum bíl: Sparneytni, kraft, lipurð og einstaklega gott verð. Það fer vel um fjölskylduna í þessum snaggaralega bíl. Honda Civic er samnefnari fyrir hagsýni - verkfræðingar Honda hafa sannað að ekki þurfi að fórna ánægju í akstri fyrir hagsýni. **Honda Civic - skynsamlegt val á Honda-góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24- 26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær,sími 421 7800 - Bilver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535




## STUÐ MILLI STRÍÐA | Stærri Íslandsvini, takk!

**FREYR BJARNASON** SKRIFAR UM TÓNLEIKAHALD Á ÍSLANDI.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það er aldeilis frábært að Ísland skuli vera komið á kortið sem vænlegur tónleikastaður fyrir erlendar hljómsveitir. Þó má setja spurningarmerki við margar þær sveitir og listamenn sem koma hingað til lands.

Eru þetta allt saman útbrunnir listamenn sem eru bara fengnir hingað af því að þeir eru svo ódýrir og enginn annar vill þá? Fá tónleikahaldarar ekki frægustu sveitirnar til að koma hingað og snúa sér þá að síður vinsælum listamönnum, sem kannski mega muna sinn fífil fegri?

Auðvitað vakna þessar spurningar þegar hingað til lands koma nöfn á borð við Iron Maiden, Alice Cooper, Megadeth, Patti Smith, Bobby McFerrin, Michael Bolton, Joe Cocker, Sonic Youth og Duran Duran. Vissulega eru þetta allt frambærilegir listamenn og góðir á tónleikum en kannski ekki þeir vinsælustu í heiminum í dag.

Ég held að yfir höfuð sé tónleikalandslagið hér þannig að nánast einu efnilegu hljómsveitirnar sem koma hingað komi á Iceland Airwaves en þegar sveitirnar eru orðnar stærri láta þær síður sjá sig. Þó eru á þessu undantekningar. Gott dæmi um það eru tónleikar Snoop Dogg í Egilshöll á dögunum, sem er sjóðheitur um þessar mundir, og tónleikar Foo Fighters og Queens of the Stone Age á sama stað. Báðar þessar sveitir eru mjög vinsælar í dag og eru síður en svo farnar að slaka á.

Svona góðmeti er samt af skornum skammti hér. Núna vil ég gerast kröfuharður og auglýsi eftir enn stærri nöfnum. U2, REM, Eminem, Rolling Stones, System of a Down, Beck og Pearl Jam. Hvar eruð þið? Þið hljótið að hafa heyrt góða hluti um Ísland. Bjóðið fjölskyldum ykkar með og slappið af í nokkra daga hérna í rólegheitunum. Þið gætuð líka orðið Íslandsvinir í kaupbæti. Hvað segið þið? Allt klárt?

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Ísafold fær góðan liðsauka

**Mezzósópransöngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir er nýkomin frá Bretlandi þar sem hún söng á ljóðatónleikum á Harrygate International-hátíðinni. Við tekur tónleikaferð um landið með Kammersveitinni Ísafold.**



GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR Guðrún syngur á Siglufirði með Kammersveitinni Ísafold í kvöld og á Akureyri annað kvöld.

.Ég kom til Íslands meðal annars til að syngja á sjö tónleikum með Kammersveitinni Ísafold," segir mezzosópransöngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir en Ísafold er samansett af ungu hæfileikaríku tónlistarfólki sem ferðast nú um landið þriðja sumarið í röð til að spila klassíska tónlist frá 20. og 21. öldinni. „Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi sveitarinnar hafði samband við mig og bauð mér að syngja lagaflokk sem mig hefur mjög lengi langað til að syngja. Þetta er þjóðlagaflokkur sem nefnist Folksongs og er eftir Berio en lögin eru frá ýmsum löndum allt frá Bandaríkjunum til Aserbaídsjans og samin sérstaklega fyrir mezzosópran og kammersveit." Höfundurinn Berio samdi verkið árið 1964 handa þáverandi eiginkonu sinni, Cathy Berberian.

Á tónleikaferðalaginu syngur Guðrún einnig fjögurra laga flokk eftir Stravinsky á rússnesku og „Ballöðu frá Önundarfirði" nýtt verk eftir tónskáldið Þuríði Jónsdóttur sem er samið sérstaklega fyrir Guðrúnu og Kammersveitina Ísafold.

Guðrún er búsett í Madríd en áður en hún heldur aftur þangað syngur hún inn á geisladisk með lögum eftir Sigvalda Kaldalóns. „Jónas Ingimundarson spilar á píanó og heldur utan um útgáfuna. Ég syng sjö lög inn á diskinn en bað Jónas sérstaklega um að fá að syngja lagið Ave María," segir Guðrún, sem söng Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns þegar hún lenti í þriðja sæti í alþjóðlegri Kirkjutónlistarkeppni í Róm þar sem á annað hundruð manns tóku þátt.

Í Madríd bíða Guðrúnar krefjandi og spennandi verkefni en meðal annars kemur hún til með að syngja þar í vetur með kammersveitinni Sonor Ensemble, og kemur svo fram með sinfóníuhljómsveitinni Schola Camerata í Auditorio Nacional, aðaltónleikahúsinu í Madríd. „Svo kem ég aftur til Íslands í janúar til að syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands." Þar kemur Guðrún til með að glíma við hlutverk Festo í verki Mozarts, La Clemenza Di Tido.

Fyrstu tónleikar Ísafoldar verða í kirkjunni á Siglufirði í kvöld klukkan 20.00 en sveitin heldur tónleika í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju annað kvöld. Þaðan liggur leiðin til Ísafjarðar, Grundarfjarðar, Keflavíkur og tónleikaferðalagið endar svo með tónleikum í Íslensku óperunni fimmtudagskvöldið 18. ágúst. ■

# Íslenskar ljósmyndir í Finnlandi

Sýning á ljósmyndum úr náttúru Íslands stendur nú yfir í Hafnarborginni Kotka í Finnlandi. Það eru hjónin Björgvin Björgvinsson og Pirjo Aaltonen sem standa að sýningunni. Ljósmyndirnir tóku þau á ferðalögum sínum um Ísland en elstu myndirnar eru frá árinu 1987. Þetta er þriðja samsýning Björgvins og Pirjo á Íslandsmyndum í Finnlandi en sýningin fer fram í sal bókasafnsins í Kotka. Sýningunni lýkur 29. ágúst. ■



NÆTURSTEMNING Þessa mynd tók myndlistarmaðurinn Björgvin Björgvinsson í fyrra af sumarnótt á Stykkishólmi.











BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin alla daga frá kl. 12-18

Nýjasta æðið!




Scooterhjól með mótor í fyrsta sinn á Íslandi!
Engin trygging nauðsynleg - flokkast sem reiðhjól.
Notist á gangstéttum.
Engin aldurstakmörk.
Munið eftir hjálmunum!
Vegna mikillar eftirspurnar byrjum við í dag!
Sími: 869 0898

Á miðvikudag erum við á: Selfossi, bílastæðinu við Bílanaust frá 16 - 18 • Á fimmtudag: Vík í Mýrdal, við íþróttahúsið frá 12 - 13:30 - Kirkjubæjarklaustri, við Hótel Eddu frá 16 - 17:30 - Höfn í Hornafirði, við Bílverk frá 20 - 21:30 • Á föstudag: Egilsstöðum, við Bónus frá kl. 13 - 15 - Reyðarfirði, 16 - 18

MILLJÓNAMÆRINGARNIR
HINN ÁRLEGI STÓRDANSLEIKUR



SÉRSTAKIR GESTIR KVÖLDSINS:
DIDDÚ OG RAGGI BJARNA
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 13. ÁGÚST
Miðaverð kr. 2000.
Miðasala hefst kl. 15 á laugardag.
Húsið opnað klukkan 23:00
BROADWAY
Sími 533-1100 - www.broadway.is










# Syngur til heiðurs Prince

Tvennir tónleikar til heiðurs tónlistarmanninum Prince verða haldnir á Gauki á Stöng í kvöld og annað kvöld. Bandaríski leikarinn og söngvarinn Seth Sharp stendur fyrir tónleikunum. Mun hann koma fram ásamt hljómsveit sinni Black Clock og spila 25 Prince-lög fyrir þau 25 ár sem hann hefur verið í bransanum. Dansarar verða á sviðinu ásamt blásurum og tveimur bakraddasöngkonum.

„Ég hlakka mikið til. Við höfum lagt mikið á okkur, rannsakað feril Prince og mætum því vel undirbúin til leiks,“ segir Seth um tónleikana. „Vinur minn Björgvin (Franz Gíslason) hefur verið með Doors-tribute tónleika. Ég fór að sjá þá og fannst þeir mjög góðir. Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi Prince og hann er frábær á tónleikum. Þannig að mér datt í hug að halda svona „tribute“ tónleika og blanda saman sviðsframkomu Prince og okkar hæfileikum,“ segir hann.

Seth varð þess heiðurs aðnjótandi að hitta goðið sitt fyrir nokkrum árum. „Það var í partíi sem var haldið í New York þegar hann fékk nafnið sitt aftur eftir lagadeilur. Mig hafði alltaf langað að hitta Prince þannig að þetta var algjör draumur. Hann er mjög skrítinn og rosalega lítill líka. Það var skrítið að standa við hliðina á átrúnaðargoðinu sínu og vera um rúmlega 30 sentimetrum hærri. Annars er hann mjög merkilegur tónlistarmaður og einn af þeim sem hugsa ekki um annað en tónlist. Eftir stóra tónleika fer hann á djassklúbba í nágrenninu og spilar til 3-4 um morguninn.“

Seth hefur hitt fleiri heimsfrægar persónur því á sínum tíma söng hann ásamt fleiri krökkum fyrir Bill Clinton, þáverandi Bandaríkjaforseta. „Okkur var boðið að syngja í jólaboði í Hvíta húsinu og ég var aðalsöngvarinn. Það var frábær reynsla. Þarna var brjáluð öryggisgæsla en það var þess virði. Við sungum í þrjá tíma og hann söng með okkur í The Christmas Song sem Nat King Cole gerði frægt.“

Seth segist hafa haft áhuga á Íslandi síðan hann var lítill drengur. „Ég las um landið og mér fannst það hafa yfir sér töfrablæ. Ég sagði við sjálfan mig að þangað langaði mig að fara einhvern tímann. Það sem ég las var algjör andstæða við það sem ég ólst upp við; mikla fátækt, glæpi, ólæsi og slæman mat. Mér finnst mjög gott að vera hér og þetta er góð tilbreyting frá New York.“

Seth kom fyrst hingað til lands þegar hann setti upp sýninguna Ain't Misbehavin' árið 2003 og síðar setti hann hér upp Harlem Sophisticate. Nýverið setti hann upp sýninguna Music Makers í Carnegie Hall, sem hefur gengið prýðilega.

Tónleikar Seth og félaga á Gauknum hefjast kl 22.00 bæði kvöldin og er miðaverð 1.200 krónur.

freyr@frettabladid.is



**SETH SHARP** Seth syngur 25 lög eftir átrúnaðargoðið sitt, Prince, á Gauknum í kvöld og annað kvöld.



**ERIC SINGER** Singer spilar með Alice Cooper í Kaplakrika á laugardaginn.

## Trommari Kiss með Cooper

Eric Singer, sem er best þekktur sem trommari Kiss, mun leika með Alice Cooper í Kaplakrika á laugardaginn. Singer gekk til liðs við Kiss árið 1991 þegar Eric Carr, sem trommaði með sveitinni frá 1980-1991, lést.

Hann spilaði með Kiss til ársins 1996 þegar upprunalegu meðlimir sveitarinnar komu saman aftur og fóru í tónleikaferð um heiminn. Singer var kallaður aftur í sveitina 2001 eftir að Peter Criss var rekinn.

Tónleikar Coopers hér á landi eru hluti af tónleikaferð hans um heiminn til að fylgja eftir útgáfu plötunnar Dirty Diamonds. ■






HÁDEGISBÍÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is







### ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 1.40-3.50-6-8.15-10.30 | |
| HERBIE FULLY L. VIP | KL. 1.40-3.50-6-8.15-10.30 | |
| THE ISLAND | KL. 3-6-8-10-10.40 | B.I. 16 |
| KICKING AND SCREAMING | KL. 2-4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 2-4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 2-4-6 | |

### KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 8 | B.I. 16 |
| THE ISLAND | KL. 10.10 | |
| FANTASTIC FOUR | KL. 8-10 | |

### AKUREYRI

| | |
|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 6-8-10 |
| THE ISLAND | KL. 8-10.30 |
| MADAGASKCAR ísl. tal | KL. 6 |

### KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 4.20-6.30-8.40-10.40 | |
| THE ISLAND | KL. 8-10.40 | B.I. 16 |
| THE PERFECT MAN | KL. 4.20-6.15-8 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4.20-6.15 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 10 | B.I. 12 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 5.10-7.15-9.20-11 | |
| THE ISLAND | KL. 5.30-8-10.40 | B.I. 16 ára |
| DARK WATER | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 16 ára |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 5-7-9 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 6-8.30 | B.I. 12 ára |

Háskólabíó




**STRÁKARNIR OKKAR** Kvikmyndin verður frumsýnd 1. september en ekki gefst mikill tími til fagnaðarláta því næsta verkefni hefst í lok ágúst.

# Kisi framleiðir norska kvikmynd

Kvikmyndafyrirtækið Kisi stendur í stórræðum um þessar mundir. Eftir tæpan mánuð verður kvikmyndin „Strákarnir okkar“ frumsýnd en hennar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Kisi lætur ekki þar við sitja heldur er strax kominn á fullt í nýtt verkefni. Um er að ræða norska framtíðarkvikmynd sem verður tekinn upp að einhverjum hluta hér á Íslandi en Kisi verður meðframleiðandi að myndinni. Leikstjóri myndarinnar er ungur norskur kvikmyndagerðarmaður, Jens Leam, og er þetta fyrsta myndin hans í fullri lengd. Hann hefur vakið athygli fyrir stuttmyndir sínar og komist í Cannes-úrvalið með þær.

Að sögn Júlíusar Kemp hjá Kisa verður myndin ekkert í líkingu við Blossa heldur meira í ætt við 1984. „Hún á að lýsa svona stórborgarfirringu,“ segir Júlíus en ástæðan fyrir því að þeir völdu Ísland var sú að þá vantaði svarta eyðimörk sem á að umlykja borgina. Júlíus segir að um fimmtán manna lið komi hingað til lands auk aðalleikarans en reiknað er með því að tökur hefjist í lok ágúst. Þá sé verið að ráða íslenska leikara til að taka þátt í myndinni. „Við verðum bara að notast við restarnar sem ekki eru að taka þátt í Eastwood-myndinni,“ segir Júlíus í léttum dúr. ■


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




ALGJÖRT VERÐHRUN
SÍÐUSTU ÚTSÖLUDAGAR

hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5, sími 581 2141
Opið virka daga frá kl. 10.00-18.00, laugardaga frá kl. 10.00-16.00.

1965 Verðlistinn 2005
40 ára
40% afsláttur af öllum vörum
verðlistinn v/Laugalæk • sími 553 3755

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Why don't you try squeezing something the size of a watermelon out of an opening the size of a lemon and see how hot YOU look?“**

**Svar:** Mollie úr kvikmyndinni Look Who's Talking árið 1989.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER BOLTABULLA

# *Ljósið í myrkrinu*



Það væri sniðugt hjá mörgum íþróttafíklum að dusta rykið af prúðmennskunni, pússa ballskóna og panta borð á uppáhaldsveitingastaðnum. Kaupa jafnvel blóm og rauðvín frá Kaliforníu – mæli með 2002 árganginum. Koma makanum þægilega á óvart og segja þetta í tilefni ástarinnar. Ástæðan: Enski boltinn er að byrja og sófaíþróttafólkið þarf að vinna sér inn punkta hjá sínum nánustu.
Að flautað skuli vera til leiks á Englandi um helgina er líka fyrirboði um enn frekari tímaþjófa. Þriðjudags- og miðvikudagskvöld verða frátekin fyrir Meistaradeildina að ógleymdri stærstu golfkeppni ársins, PGA Championship, sem einokar dagskrá Sýnar um helgina.
Framboð af íþróttaefni hefur margfaldast á undanförnum áratug. Hér áður fyrr mátti sjá einn til tvo leiki á helgi. Klukkan hálf þrjú var til að mynda bannað að ryksuga á mínu heimili. Þá átti að horfa á enska boltann með Bjarna Fel. Nýta eina tækifærið til þess. Nú eru leikir nánast uppi á hvern einasta dag.
Sem betur eru flestir íþróttaviðburðir komnir yfir á sjónvarpsstöðvar sem auglýsa sig sem íþróttastöðvar. Það væru væntanlega fáir sem vildu sjá mikið af menningarefni og keyptu sér áskrift að Sýn. Skjár einn hefur opnað nýja stöð, Enska boltann, þar sem boltabullum gefst kostur á að horfa á nánast alla leiki í enska boltanum. Gott að dagskrá móðurstöðvarinnar skuli ekki vera trufluð af boltasparki... það er að segja fyrir þá sem hafa ekki áhuga á slíku.
Það versta við upphafssparkið á Goodison Park á laugardaginn er sú staðreynd að nú fer brátt að kólna og vetur konungur gerir vart um sig. Það er vonandi að gengi Liverpool verði ljósið í myrkrinu.



▶ 21.25 *Matur*

SURFING THE MENU



▶ 20.00 *Lífsstíll*

WIFE SWAP



▶ 21.45 *Kvikmyndir*

SJÁÐU



▶ 22.00 *Spenna*

LAW & ORDER



▶ 18.35 *Íþróttir*

CSKA SOFIA – LIVERPOOL

### SJÓNVARPIÐ

**14.50** Táknmálsfréttir **15.00** HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá mótinu sem fram fer í Helsinki.

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Víkingalottó**
**20.15 Ed (79:83)**
**21.00 Fótboltaæði (6:6)** (FIFA Fever 100 Celebration)
▶ **21.30 Kokkar á ferð og flugi (3:8)** (Surfing the Menu) Áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð þar sem tveir ungir kokkar, Ben O'Donoghue og Curtis Stone, flakka á milli fallegra staða í Suðurálfu og töfra fram ljúffenga rétti úr hráefninu á hverjum stað.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Í hár saman (7:7)** e.

**23.15** Eldlínan (5:13) **0.00** Kastljósið **0.30** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Jamie Oliver **13.55** Hver lífsins þraut (e) **14.25** Extreme Makeover - Home Edition **15.10** Amazing Race 6 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
▶ **20.00 Wife Swap (6:7)** Í þessum myndaflokki er fylgst með konum sem stíga skrefið til fulls og skipast á eiginmönnum og börnum í tiltekinn tíma.
**20.45 Kevin Hill (19:22)** Kevin Hill nýtur lífsins í botn. Hann er í skemmtilegri vinnu, býr í flottri íbúð og vefur kvenfólkinu um fingur sér. En í einni svipan er lífi Kevins snúið á hvolf.
**21.30 Strong Medicine 3 (15:22)** Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
**22.15 Oprah Winfrey** (Anti-Aging Breakthroughs)

**23.00** The Handmaid's Tale (Stranglega bönnuð börnum) **0.50** Medical Investigations (17:20) **1.35** Fréttir og Ísland í dag **2.55** Ísland í bítið **4.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Tru Calling (6:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.
**19.50 Supersport (4:50)** Stuttur, hraður og ferskur þáttur um jaðarsport í umsjón Bjarna Bærings.
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends 2 (9:24)**
**21.00 Rescue Me (7:13)**
▶ **21.45 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00 Kvöldþátturinn**
**22.45 David Letterman**

**23.30** Joan Of Arcadia (6:23) **0.15** Friends 2 (9:24) **0.45** Kvöldþátturinn **1.30** Seinfeld 3

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Everybody loves Raymond (e)**
**20.00 My Big Fat Greek Life**
**20.30 Coupling** Ástir vinahópa geta verið óskiljanlegar þeim sem utan hópsins standa - og ástir aðalsöguhetjanna í Coupling eru einmitt þeirrar gerðar.
**20.50 Þak yfir höfuðið**
**21.00 Providence - lokaþáttur**
▶ **22.00 Law & Order** Ofurtöffarinn Jerry Orbach er nýlátinn en hann er sem kunnugt er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem hinn ljúfi en hrjúfi Lennie Briscoe í Law & Order.
**22.45 Jay Leno**

**23.30** CSI: Miami (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** Hack **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**7.00** Olíssport

**16.55** UEFA Champions League (Everton – Villarreal)

▶ **18.35 UEFA Champions League** (CSKA Sofia – Liverpool) Bein útsending frá fyrri leik CSKA Sofia frá Búlgaríu og Liverpool í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Seinni leikur liðanna fer fram 23. ágúst og verður sömuleiðis í beinni á Sýn. CSKA Sofia vann Tirana,samanlagt 4-0, í síðustu umferð.
**20.40 World's Strongest Man 2004** (Sterkasti maður heims 2004)
**21.30 Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir ÞórBragason.
**22.00 Olíssport**
**22.30 UEFA Champions League** (CSKA Sofia – Liverpool) Útsending frá fyrri leik CSKA Sofia frá Búlgaríu og Liverpool í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Seinni leikur liðanna fer fram 23. ágúst.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Good Morning Vietnam **8.00** Home Alone 4 **10.00** Stop Or My Mom Will Shot **12.00** Trail of the Pink Panther **14.00** Good Morning Vietnam **16.00** Home Alone 4 **18.00** Stop Or My Mom Will Shot **20.00** Trail of the Pink Panther **22.00** The 51st State **0.00** Van Wilder **2.00** Double Whammy (Bönnuð börnum) **4.00** The 51st State (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**8.00** Barnaefni **9.00** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Benny Hinn **11.00** T.D. Jakes **11.30** Freddie Filmore **12.00** Um trúna og tilveruna **12.30** Gunnar Þorsteinsson **13.00** Time for Hope **13.30** Robert Schuller **14.30** Blandað efni **16.00** The Way of the Master **16.30** Barnaefni **17.30** LifeLine **18.30** From the River **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Ísrael í dag **21.00** Maríusystur **21.30** R.G. Hardy **22.00** Joyce Meyer **22.30** Benny Hinn **23.00** T.D. Jakes **23.30** Peter Popoff Ministries **0.00** The Way of the Master **0.30** CBN fréttastofan

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Soup **13.00** Hollywood Love Story Hot & Hitched **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** The Daily Blend **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** E! Hollywood Hold 'Em **18.00** E! News **18.30** My Crazy Life **19.00** Uncut **20.00** Fight For Fame **21.00** E! Hollywood Hold 'Em **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** My Crazy Life **0.00** Wild On **1.00** Fight For Fame

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó - Free Money **23.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga


# Ennþá betra verð á hjólum frá Benna

**Síðustu hjólin á frábærum verðum! komið, skoðið og gerið góð kaup www.benni.is**

**Nokkur dæmi:**


Kawasaki Vulcan 2000
nú 1,899,000
~~1,980,000 kr.~~


Yamaha PW 50
~~188,000 kr.~~
nú 179,000


~~2,479,000 kr.~~
Harley Davidsson V-ROD
nú 2,199,000


Yamaha WR 250F
~~798,000 kr.~~
nú 749,000

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - S: 590-2000

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

FIFA Fever 100 Celebration — Sjónvarpið **kl. 21.00**

*Þetta er síðasti þáttur*

### *Mestu markahrókarnir*

Hér eru á ferð þættir gerðir í tilefni af aldarafmæli Alþjóðaknattspyrnusambandsins um allt mögulegt sem viðkemur knattspyrnunni fyrr og nú. Frægar viðureignir og mögnuð augnablik eru rifjuð upp ásamt mörgu því sem farið hefur vel og miður.
Í þessum síðasta þætti í röðinni er fjallað um mestu markahróka HM í knattspyrnu. Sögð er saga þeirra sem reknir hafa verið út af í sögulegum leikjum HM. Fjallað er um innanhússknattspyrnu, sem nú nýtur vaxandi vinsælda og sýnd fallegustu mörkin í úrslitakeppni HM.



Knattspyrna er ein vinsælasta íþrótt heims.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið. **9.03** Margrætt með Elísabetu Brekkan. **10.03** Morgunstund með Illuga Jökulssyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Er það svo.

**15.03** Allt og sumt.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit, Mærin í snjónum **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Einbjörn Hansson **14.30** Miðdegistónar **15.03** Dagamunur **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Frændur okkar í Persíu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Ragtime

**23.00** Söngvar borgarstrætanna: Dublin

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**1.10** Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Adda **10.00** Rósa **11.00** Bláhornið

**12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan G

**17.00** Gústaf **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Adda **22.00** Rósa **23.00** Kjartan G **2.00** Gústaf **3.00** Rósa **4.00** Kjartan G **5.00** Adda

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.30** Cycling: UCI Protour Eneco Tour **14.30** Athletics: World Championship Helsinki Finland **21.00** Equestrianism: Super League Dublin Ireland **22.00** Golf: U.S. P.G.A. Tour the International **23.00** Golf: the European Tour Diageo Championship

**BBC PRIME**
**12.00** Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** El Nombre **14.25** Bill and Ben **14.35** Serious Jungle **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** The Life Laundry **18.30** Home From Home **19.00** Escape to the Country **20.00** No Going Back **21.00** Waking the Dead **21.50** Jonathan Creek **22.45** Black Cab **23.00** Walk On By: the Story of Popular Song **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** The Physical World

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Fear of Snakes **13.00** Paranormal? **14.00** In The Womb **16.00** Battlefront **17.00** Animal Nightmares **17.30** Monkey Business **18.00** Fear of Snakes **19.00** Paranormal? **20.00** Victory in the Pacific **21.00** The Mafia **22.00** Paranormal? **23.00** Victory in the Pacific **0.00** The Mafia

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Weird Nature **12.30** Nightmares of Nature **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Wild Indonesia **19.00** Keeli and Ivy **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Keeli and Ivy **1.00** Wild Indonesia

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Comet Impact **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** A Car is Born **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Aircrash **20.00** Greatest Military Clashes **21.00** Hitler's Women **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Greatest Military Clashes

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Switched On **16.00** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Dirty Sanchez **22.00** The Lick **23.00** Isle of MTV - Pimp My Festival **23.30** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bruce Springsteen Live From Barcelona **20.00** Storytellers **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Ufos Top 5 **22.30** The Fabulous Life of... **23.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** Fashion House **14.25** Cheaters **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Fantasy Open House **18.05** It's a Girl Thing **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Sex and the Settee **22.00** Ex-Rated **22.30** Men on Women **23.00** Backyard Pleasures **23.30** Anything I Can Do **23.55** Arresting Design **0.25** Retail Therapy **0.50** The Stylists **1.15** Staying in Style

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.00** Lawman **13.40** Where's Poppa? **15.05** Woman of Straw **17.00** Far North **18.30** Goodbye Supermom **20.05** Adventures of Buckaroo Banzai, the **21.45** Cohen & Tate **23.10** Teenage Bonnie &clepto Clyde **0.40** Summer Heat **2.00** Valdez is Coming

**TCM**
**19.00** The Maltese Falcon **20.40** The Treasure of the Sierra Madre **22.45** The Biggest Bundle of Them All **0.30** Hot Millions **2.15** Captain Nemo and the Underwater City

**HALLMARK**
**12.45** The Last Chance **14.15** The Flamingo Rising **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** The Infinite Worlds of H.g. Wells **18.15** Riding The Bus With My Sister **20.00** Law & Order Viii **20.45** Floating Away **22.30** Hamlet **0.00** Law & Order Viii **0.45** Floating Away **2.30** Hamlet

**BBC FOOD**
**12.00** Kitchen Takeover **12.30** Ready Steady Cook **13.00** James Martin: Yorkshire's Finest **13.30** Made to Order **14.00** Nigella Bites **14.30** Neil Perry Fresh and Fast **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Chef at Large **16.30** Rosemary Castle Cook **17.00** Sophie Grigson's Herbs **17.30** Rick Stein's Food Heroes **18.30** Food and Drink **19.00** Gondola On the Murray **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Galley Slaves **21.00** Nigella Bites **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.20** Fra Kap til Kilimanjaro **12.50** Sommertid **13.20** Dronningens elefanter **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Livet ombord **14.30** DR-Derude: Rejsen til Orkney **15.00** Trafikdengsen **15.10** Lovens vogtere **15.30** Laura Trenter: Det brænder **16.00** Klassen **16.10** Magnus og Myggen **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Et kongeligt interview **17.35** Hunde på job **18.00** Te og Tantra-sex i Tisvilde **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **19.55** B¢rnene på Leningradsky **20.30** Sorte penge - hvide l¢gne **21.30** Onsdags Lotto **21.35** Joanne Kilbourn

**SV1**
**12.20** Lille lorden **14.00** Rapport **14.05** Norske kocken i Italien **14.30** Kammarmusikfestival med Truls M¢rk **15.00** Friidrott: VM Helsingfors **16.15** Så såg vi sommaren då **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Ge mig en hund **16.55** I huvudet på ungar **17.00** Madi och trummornas magi **17.15** Friidrott: VM Helsingfors **17.30** Rapport **18.00** Friidrott: VM Helsingfors **19.30** Friidrott: Studio Sauna **20.00** Uppdrag granskning - vad hände sen? **21.00** Rapport **21.10** Sobhraj - seriemördaren **22.20** En röst i natten **23.05** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fá íslensku friðarhreyfingarnar sem stóðu að kertafleytingunni á Reykjavíkurtjörn í tuttugusta sinn í gærkvöldi í minningu fórnarlamba kjarnorkuárásanna á Japan árið 1945.*

## 3 SPURÐIR

HVAÐ FINNST ÞÉR UM AÐ ÞEIR SEM ERU MEÐ HÆRRI LAUN EN 600.000 EIGI EKKI RÉTT Á HÆRRA FÆÐINGARORLOFI EN 480 ÞÚSUND VEGNA LAUNAÞAKS FÆÐINGARORLOFSSJÓÐS? **Mánaðarleg greiðsla fæðingarorlofs getur ekki orðið hærri en 480 þúsund krónur, eða 80% af 600.000 króna mánaðarlaunum.**



Brynhildur Flóvenz, lögfræðingur

**Eðlilegt þak enda peningarnir takmarkaðir**

Ég held að það sé ósköp eðlilegt að hafa eitthvert þak á fæðingarorlofinu, hvort sem það er þessi upphæð eða önnur. Þar sem þessir peningar eru takmarkaðir er þetta ágætis leið til að útdeila orlofinu. Mér þætti þó betra að láglaunafólk fengi 100 prósent af launum í fæðingarorlofi og hálaunafólk fengi einhverja skerðingu. Aðalatriðið er að foreldrar geti verið hjá börnum sínum. Ég efast um að þakið hafi veruleg áhrif á hvort fólk taki fæðingarorlof.



Bolli Thoroddsen, formaður Heimdallar

**Útgjöld vegna fæðingarorlofs mikil**

Hvort þetta er nákvæmlega sú tala sem miðað á við má auðvitað ræða, en ljóst er að við verðum að hafa eitthvert þak á þessum greiðslum. Því miður er ekki raunsætt að hafa þetta mikið hærra, útgjöld vegna fæðingarorlofs eru þegar orðin mjög há og þetta eru laun sem fólk ætti að geta lifað af. Hins vegar er auðvitað slæmt ef þetta verður til þess að hálaunafólk tekur ekki út sitt fæðingarorlof.



Elísabet Ólafía Ronaldsdóttir, kvikmyndargerðarkona

**Barneignir kosta pásu frá starfsframa**

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það kostar alltaf vissa pásu frá starfsframa að eignast börn. Konur hafa í gegnum tíðina fengið að annast þessa fórn og á móti fengið alla gleðina af því en maður verður að sætta sig við að það fylgir því viss launalækkun. Þegar fólk er komið með svona há laun ætti það að hafa efni á því að færa þessa fórn í launum. Ég skil mjög vel þörfina á því að setja þak því við getum ekki staðið undir því að annast þessa byrði. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að hálaunafólk fái sama rétt til að taka fæðingarorlof og aðrir. Það á að vera þitt val, ekki atvinnurekandans.



**Lárétt:** **2** undirlag, **6** frá, **8** mar, **9** nafar, **11** belti, **12** kornmeti, **14** ilmefni, **16** íþróttafélag, **17** á fæti, **18** ærða, **20** átt, **21** skjögra.

**Lóðrétt:** **1** gangur, **3** ármynni, 4 ljúf ( um skáldskap), **5** fantur, **7** mótaði, **10** ítalska sjónvarpið, **13** blóm, **15** fuglar, **16** sönghópur, **19** til.

**LAUSN**

**Lárétt:** **2** gólf, **6** af, **8** sjó, **9** bor, **11** ól, **12** brauð, **14** mirra, **16** ka, **17** tær, **18** óða, **20** na, **21** ríða.

**Lóðrétt:** **1** labb, **3** ós, **4** ljóðræn, **5** föl, **7** formaði, **10** rai, **13** urt, **15** arar, **16** kór, **19** að.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Heimur Bjarkar og Matthews Barney

**Þegar sextíu ár eru liðin frá kjarnorkusprengingunni á Hiroshima og Nagasaki leiða eldfimu listamennirnir Matthew Barney og Björk saman hesta sína í kvikmyndinni Drawing Restraint 9. Björk semur tónlistina við kvikmynd eiginmannsins, sem fjallar að hennar sögn um flókin samskipti Bandaríkjamanna og Japana.**

„Að horfa á myndir Matthews er í rauninni eins og að njóta náttúrunnar eða horfa á fallegt landslag," sagði tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir rétt áður en Drawing Restraint 9, nýjasta kvikmyndalistaverk Matthews Barney, eiginmanns Bjarkar, var frumsýnt hér á landi í gær.

Myndin er fyrsta samstarfsverkefni hjónanna en Björk semur tónlistina og leikur í myndinni. „Ég samdi tvo klukkutíma af tónlist á sex mánuðum, sem er persónulegt hraðamet," segir Björk og hlær. „Ég hefði ekki lagt í þetta nema af því að ég vissi að á síðustu fimm árum hefðum við sáð mörgum fræjum. Við höfum til dæmis gengið niður Tryggvagötuna, horft á skipin í höfninni og gert grín að því hvað það væri gaman að gera skipasinfóníu. Svona hefur ýmislegt seytlað í undirmeðvitundinni og þegar við lögðum af stað vorum við með góðan grunn og gommu af hlutum til að vinna úr."

Drawing Restraint 9 gerist á japönsku hvalveiðiskipi og er að mestu leyti tekin upp í Nagasaki. Myndin tekur á flóknu sambandi Bandaríkjamanna og Japana en opnunarlagið í myndinni sömdu Björk og Barney við þakkarbréf sem Japanar skrifuðu 13. júlí 1946 til bandarísks hershöfðingja. „Þetta er allt mjög skrýtið því Bandaríkjamenn byrjuðu á því að sprengja borgirnar í tætlur. Þá var enga vinnu að fá í Nagasaki og Hiroshima og allt stefndi í hungursneyð þar til bandarískur hershöfðingi, MacArthur, ákvað að breyta herskipunum í frystihús fyrir hvalveiðar. MacArthur fékk svo Bandaríkjastjórn til að aflétta hvalveiðibanninu hjá Japönum. Það bjargaði ástandinu og þá sendu Japanir bréf til hershöfðingjans þar sem þeir þakka honum kærlega fyrir að hafa bjargað þeim og vilja senda honum þúsund gjafir."



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BJÖRK** Söngkonan blés til blaðamannafundar í gær til að kynna samstarfsverkefni sitt og eiginmannsins Matthews Barney, Drawing Restraint 9.

Japönsk menning og tengslin við hafið er nokkuð sem aðdáendur Bjarkar þekkja úr hennar fyrri verkum. „Ég held að tengingin við Japan sé sterkari í mér en Matthew því fólk hélt oft að ég væri frá Asíu þegar ég var lítil og Japanar halda oft að ég sé frá Norður-Japan. Mér var strítt á þessu í skóla en ákvað að gera gott úr því og ákvað að Japanir væru æðislegir. Ég sótti meira að segja um skóla í Tókýó þegar ég var 18 ára og ætlaði að læra þar teiknimyndagerð. Svo var ég bara í hljómsveit svo það varð ekkert úr því," segir Björk en hún samdi tónlistina við Drawing Restraint 9 í beinu framhaldi af útgáfu plötunnar Medúlla. „Ég hef hangið mikið með skúlptúristum í nokkur ár og þeir hugsa svolítið öðruvísi. Þeir spekúlera meira í umhverfinu en gengur og gerist og mér fannst spennandi að stilla mig meira inn á þá hugsun. Sumir kalla þetta veggfóðurtónlist, sem mér finnst reyndar ekki mjög aðlaðandi hugtak. Erik Satie kallaði þetta húsgagnatónlist á sínum tíma en sú tónlist krefst annars konar athygli. Í raun er hægt að raða hverju sem er við hana og hlusta á hana í hjólreiðatúr, á meðan fólk elskast eða eldar matinn heima hjá sér."

Í mynd Matthews Barney virðist heimur Bjarkar og Barney renna algjörlega saman í eitt og úr verður heillandi og áhrifaríkt sköpunarverk. „Þú getur séð það á vinkonu þinni ef kærastinn hennar hefur áhrif á hana en hún sér það ekki sjálf. Maður er inni í púpu þegar maður er ástfanginn svo það er erfitt fyrir mig að segja til um hvort eða með hvaða hætti ég hef haft áhrif á verk Matthews."

Drawing Restraint 9 mun ferðast með skúlptúrlistaverkum Matthew Barney á helstu listasöfn heims á næstu tveimur árum og verður auk þess sýnd á kvikmyndahátíðum víða um veröld.

thorakaritas@frettabladid.is




# Kvikmyndagerð eins og hún gerist best

„Þegar tveir snillingar leggjast saman í eina sæng kemur út úr því hrein snilld. Ég hefði ekki getað beðið um meira," segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ari Alexander eftir að hafa horft á frumsýningu á mynd Matthew Barney, Drawing Restraint 9, hér á landi í gær. „Þetta er í fyrsta sinn sem kvikmyndin er sýnd utan Japans og Matthew Barney sýnir Íslandi heiður með því að sýna hana hér."

Ari Alexander segir að Drawing Restraint 9 höfði sterksta til sín af þeim verkum sem hann hefur séð eftir Barney. „Í myndinni sameinar leikstjórinn mín helstu áhugamál, kvikmyndagerð og myndlist. Það er ákaflega heillandi að sjá þann heim sem tekst að skapa þegar tónlistin Bjarkar bætist við."

Ari segir Drawing Restraint 9 vera tæknilegt snilldarverk en að kveikjan að verkinu sé ekki síst það sem geri myndina spennandi. „Matthew Barney ber virðingu fyrir viðfangsefninu og treður ekki sinni skoðun að þó að hann sé að takast á við ekki minni mál en stríðið og hvalveiðarnar," segir Ari en myndin byggir Barney á þakkarbréfi Japana til bandarísks hershöfðingja sem skrifað er eftir kjarnorkuárásina á Nagasaki og Hiroshima. „Matthew Barney skoðar í myndinni samviskubit Bandaríkjamanna og þetta flókna samband sem ríkir milli Ameríku og Japans en tekst samt sem áður að taka ekki afstöðu."



**DRAWING RESTRAINT 9** „Þegar tveir snillingar leggjast saman í eina sæng kemur út úr því hrein snilld," segir Ari Alexander eftir frumsýningu á mynd Matthews Barney.

Ari segist verða að gefa Drawing Restraint 9 fullt hús. „Þetta er kvikmyndagerð og myndlist eins og best gerist." ■


OFURHETJURNAR ERU MÆTTAR Í BÍÓ Í EINNI STÆRSTU MYND ÁRSINS!
ALLIR SEM KAUPA MIÐA Á MYNDINA 10.-15. ÁGÚST FÁ FRÍA MÁNAÐARÁSKRIFT Á TÓNLIST.IS!
LESTU blaðið OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á MYNDINA!
XY FÉLAGAR FÁ MIÐANN Á AÐEINS 600 KR!
FANTASTIC 4 FOUR
FRUMSÝND Í DAG UM LAND ALLT!
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
LAUGARÁSBÍÓ
Borgarbíó Akureyri
SELFOSS BÍÓ
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
ÍSLANDSBANKI
www.xy.is
TONLIST.IS
blaðið
BÍÓ.IS
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



! Talstöðin FM 90,9

Trúlofunar- og giftingarhringir



20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040




BAKÞANKAR


SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR


# *Jafnrétti í augsýn?*

Loks er komið að því. Karlmenn eru farnir að líða fyrir það, á sama hátt og konur hafa þurft að gera áratugum saman, að bera ábyrgð á heimilinu samhliða vinnu. Með aukinni þáttöku karla í uppeldi barna og breyttum lögum um fæðingarorlof er nú orðið nánast jafn „áhættusamt“ fyrir vinnuveitendur að ráða karlmenn í vinnu og konur. Þýðir þetta að raunverulegt jafnrétti sé í augsýn á vinnumarkaðinum?

**TILEFNI ÞESSARA** vangaveltna er að sjálfsögðu ummæli Benedikts Sigurðssonar, framkvæmdastjóra KEA, sem hann lét falla í kjölfar uppsagnar framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Andra Teitssonar, eftir að ekki náðust sættir um fæðingarorlof Andra. Benedikt sagði að stjórn KEA væri þeirrar skoðunar að lög um fæðingarorlof ættu ekki að gilda um stjórnendur á háum launum sem gegndu lykilstöðum í sínu fyrirtæki.

**VINNUVEITENDUR** hafa til þessa þó getað „treyst“ á það að karlmenn taki ekki lengra fæðingarorlof en þá þrjá mánuði sem annars féllu niður. Tölur frá fæðingarorlofssjóði renna stoðum undir þetta því karlmenn taka að jafnaði rétt rúmlega þrjá mánuði í fæðingarorlof. Tölurnar sýna líka að 85 prósent feðra taka fæðingarorlof, en það eru mjög jákvæðar tölur fyrir baráttufólk fyrir jafnrétti á vinnumarkaði.

**ÞAÐ SEM ER** hins vegar ekki hægt að sjá af þessum tölum er hve margir karlmenn fara í raun í fæðingarorlof – og hve margir fá það greitt út án þess að fara í leyfi. Fjölmörg dæmi eru um það að nýbakaðir feður samþykki að fá greitt fyrir þriggja mánaða fæðingarorlof ofan á launin sín í skiptum fyrir að fara ekki í fæðingarorlof.

**FJÖLDI ÞEIRRA** sem fá fæðingarorlof sitt greitt á þennan hátt „undir borðið“ liggur ekki ljós fyrir en eitt er víst: Jafnrétti á vinnumarkaðinum mun ekki nást fyrr en karlmenn taka sig saman og neita að láta undan óréttmætum kröfum vinnuveitenda. Karlmenn hafa rétt á því að hugsa um nýfædd börnin sín. Konur eiga hins vegar rétt á því að farið sé eftir lögum um fæðingarorlof svo jafnrétti á vinnumarkaði sé ekki bara í orði, heldur einnig á borði.


## Sveigjanleiki og dugnaður
### Þú getur unnið hvar sem er

intel inside centrino MOBILE TECHNOLOGY



Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.



Dell™ Latitude™ D510 nýtir Intel® Centrino™ tæknina til fulls og gerir þér kleift að skila afburða afköstum hvort sem þú ert í skólanum eða á kaffihúsinu. Hún er lítil og létt en með stórum og björtum skjá, öflug, vönduð og elskar þráðlaus net. Latitude™ D510 er frábær skólatölva sem fæst í ýmsum útfærslum á verði frá 119.900,-

**Dell™ Latitude™ D510**

- Intel® Centrino™ tækni, Intel® Pentium® M 730 örgjörvi 1.60GHz/2MB, 533MHz FSB, Intel® PRO þráðlaust netkort 2200 802.11b/g og Bluetooth
- 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (allt að 2GB)
- 15" XGA skjár (1024x768), Intel 955GM skjástýring
- 60GB diskur og DVD/+RW geisladrif (skrifar DVD)
- 6 Cell 65WHr Li-Ion rafhlaða með Express Charge
- Íslenskt lyklaborð og snertimús (TouchPad)
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **139.900,-**

**Verð á mánuði 4.600,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

**EJS** er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.

DELL™

Fiton/SÍA FI013846

©2005 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Xeon og Pentium eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



SPARI DAGAR



...í fjórum verslunum
og hjá umboðsmönnum
2005 3.–20. ágúst

AEG



Tilboðsverð: Kr. 8.490
ÖRBYLGJUOFN

Nikon



Tilboðsverð: Kr. 33.900
NIKON COOLPIX 7600S
STAFRÆN
MYNDAVÉL
7.1 milljón punkta

Pioneer
PIONEER DCS-232
HEIMABÍÓ



Tilboðsverð: Kr. 33.900

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-15

SMÁRALIND
Sími 530-290
Opið virka daga frá 11-19
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18

SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-280
Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-15

RadioNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu